


FLE

BLAÐIÐ



Félag löggiltra
endurskoðenda

Janúar 2011

1. tölublað
33. árgangur

*Breytingar á
skattkerfinu*

*Um þagnarskyldu
endurskoðenda*

Gengislánadómar

Áhugamál endurskoðenda

Er líf eftir starfslok?

Kynniferð til Kína



Útg: Félag löggiltra endurskoðenda ©

Aðsendar greinar í blaðinu eru á ábyrgð höfunda en að öðru leyti er útgáfa blaðsins á ábyrgð kynningarnefndar FLE. FLE blaðið má ekki afrita með neinum hætti, að hluta til eða í heild, þar með talið tölvutækt form, án skriflegs leyfis höfundarrétthafa.

Vinnsla blaðsins: Kynningarnefnd FLE:

Auðunn Guðjónsson formaður
Helga Erla Albertsdóttir
Guðrún Torfhildur Gísladóttir
Dýri Guðmundsson

Umsjón: Hrafnhildur Hreinsdóttir skrifstofustjóri FLE
Prentun: Guðjón Ó – vistvæn prentsmiðja
Janúar 2011 33. árgangur 1. tölublað



Skrifstofa FLE, helstu upplýsingar

Skrifstofa FLE, Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík, er opin virka daga kl. 9-15.
Sími: 568 8118
Tölvupóstfang: fle@fle.is
Vefsíða FLE: www.fle.is

Starfsmenn skrifstofu FLE:
Sigurður B. Arnþórsson, framkvæmdastjóri
sigurdur@fle.is
Hrafnhildur Hreinsdóttir, skrifstofustjóri
fle@fle.is

Fylgt úr hlaði

Frá kynningarnefnd Félags löggiltra endurskoðenda

Þá er komið út FLE blaðið í upphafi nýs árs 2011. Á síðasta ári voru gefin út tvö tölublöð, hið fyrra í upphafi árs og hið síðara, afmælisblað, kom út í júlí í tilefni 75 ára afmælis félagsins. Síðustu árin hefur jafnan verið gefið út eitt tölublað á ári og er reiknað með því að svo verði á árinu 2011. Blaðið hefur venjulega komið út nálægt áramótum og við það miðað að fyrir liggji niðurstöður löggildingarprófa þannig að hægt sé að kynna nýja endurskoðendur í blaðinu.

Efnistösk blaðsins í þetta sinn eru eins og undanfarin ár blanda af efni sem tengist endurskoðunarfaginu og efni sem tengist félagsstarfinu og félagsmönnum. Leitað hefur verið til tiltekinna félagsmanna og aðila utan stéttarinnar við efnisöflun. Þá hefur nefndin hvatt félagsmenn til að senda inn efni og hafa þau hvatningarorð leitt til þess að einstaka félagsmenn hafa sent inn efni til birtingar í blaðinu.

Meðal efnis í blaðinu eru greinar um breytingar á skattkerfinu, en í kjölfar efnahagshrunsins á Íslandi hafa verið gerðar talsverðar breytingar á skattkerfinu og frekari breytingar boðaðar. Þá er í blaðinu forvitnileg grein um þagnarskyldu og upplýsingaskyldu endurskoðenda sem talsvert hefur verið til umfjöllunar eftir hrúnið. Einnig er fjallað um hnökra á ársreikningalögnum og vangaveltur um reikningshaldslega meðhöndlun breytinga á skilmálum gengistryggðra skulda sem dæmdir hafa verið ólöglegir. Þá er í blaðinu meðal annars umfjöllun um félagsstarfið á síðastliðnu ári og frásagnir af áhugamálum nokkurra endurskoðenda.

Kynningarnefnd vonar að lesendur hafi gagn og gaman af efni blaðsins og færir öllum þeim sem komu að útgáfu blaðsins bestu þakkir fyrir þeirra framlag.

Janúar 2011
Auðunn Guðjónsson, Helga Erla Albertsdóttir, Guðrún Torfhildur Gísladóttir og Dýri Guðmundsson.

Efni blaðsins:

Fylgt úr hlaði.....	2
Formaður hefur orðið. <i>Pórir Ólafsson</i>	4
Um þagnarskyldu endurskoðenda. <i>Stefán Svavarsson</i>	8
Kynnisferð til Kína. <i>Sturla Jónsson</i>	11
Endurskoðun á skattkerfinu. <i>Indriði H. Þorláksson</i>	13
Skattbreytingar (frá sjónarhóli endurskoðandans). <i>Friðgeir Sigurðsson</i>	16
Einfaldleiki í skattaframkvæmd. <i>Guðmundur Jónsson</i>	19
Afmælisveisla í tilefni af 75 ára afmæli FLE. <i>Hrefna Gunnarsdóttir</i>	20
Afmælisráðstefnan	21
Gengislánadómar. <i>Herbert Baldursson</i>	24
Starfsemi FLE. <i>Sigurður B. Arnþórsson</i>	28
Áhugamál endurskoðenda.....	30
Nokkrir hnökur á ársreikningalögum. <i>Stefán Svavarsson</i>	36
Ráðstefnur ársins	41
Aðalfundur	43
Til hamingju með afmælið – árið 2011.....	44
Löggildingarpróf og nýir félagar 2011. <i>Árni Tómasson</i>	45
Er líf eftir starfslok? <i>Erna Bryndís Halldórsdóttir</i>	46
Úr félagslífinu	47



Kynningarnefnd að störfum - frá vinstri: Guðrún Torfhildur, Auðunn formaður, Dýri og Helga Erla.



Formaður hefur orðið

Þórir Ólafsson formaður FLE

Ávarp formanns FLE

Í upphafi árs er verðugt að velta fyrir sér stöðu mála og hvað hafi áunnist á liðnu ári. Margir sjá bata í efnahagsumhverfi okkar eða skýr merki um það meðan aðrir eru svartsýnir og spá öðru hruni eða að lítið muni breytast.

Árið 2010 hefur verið á margan hátt sviptingasamt fyrir félagsmenn FLE og þeir sætt harðri gagnrýni. Traust stéttarinnar hefur beðið hnekki. Oft eru þó fyrstu viðbrögð við gagnrýni þau að hafna henni en mikilvægt er samt að missa ekki af því tækifæri að taka til skoðunar þá gagnrýni sem að okkur endurskoðendum beinist. Okkur er hollt að hlusta eftir gagnrýni á störf okkar til að meta hvar við þurfum eða getum bætt okkur. Við erum eftirlitsaðilar í tengslum við mjög mikilvægan þátt í efnahagsumhverfinu, þ.e. að staðfesta réttmæti upplýsinga fyrirtækja um mælingar á því hvernig til hefur tekist við þá verðmætasköpun sem fer fram í viðkomandi fyrirtæki og stöðu þess. Verðmætasköpun sem er forsenda þeirra lífsgæða sem við viljum hafa. Njótum við ekki til þess trausts þá erum við til

lítills gagns, jafnvel ógagns. Okkur er því nauðsyn á að taka tillit til allrar gagnrýni á störf okkar. Við verðum síðan að hafa dómgreind til að meta hvað er réttmætt og hvað ekki.

Alþjóðleg kreppa

Hin alþjóðlega kreppa hitti okkur Íslendinga fyrir harðar en aðra, a.m.k. í fyrstu. Erlendir fjölmiðlar lýsa málum nú svo að þessi alþjóðlega kreppa stefni í að koma síður verr niður á okkur en öðrum og að vísbendingar séu um að Ísland muni jafnvel komast fyrr út úr kreppunni en aðrir. Ástæðan er sú, hvort sem það var val eða ekki, að viðbrögð héraðs höfðu þær afleiðingarnar tjónið féll ekki á skattgreiðendur eða almenning í þeim mæli sem gerðist víða annarsstaðar. Þrátt fyrir að um alþjóðlega kreppu sé að ræða þá reynist mörgum nauðsynlegt að geta sett hana í íslenskt samhengi, það er að hún sé sök eða að undirlagi einhvers eða einhverra íslenskra aðila. Það er utan skilnings að hér skelli yfir kreppa nema hún sé af völdum innlendra aðila, alveg sama þó allar þjóðir



Þórir býður gesti velkomna í afmælisveislu FLE 16. júlí, 2010.

Ljósmynd: Bragi Þór Jósefsson.

heims hafi orðið fyrir henni. Raunin er hinsvegar sú að meðan stunduð eru efnahagsleg samskipti við aðrar þjóðir þá er útilokað annað en alþjóðleg efnahagskreppa muni gera vart við sig hérlendis. Því umfangsmeiri efnahagsleg samskipti út fyrir hagkerfið, því meiri áhrif alþjóðlegrar kreppu koma fram hér. Íslenskt samfélag mun taka á sig allan kostnað við að leita þessara meintu innlendu sökudólga og fyrirfram má telja að lítið muni koma út úr því.

Nauðsynlegt er samt að gera sér grein fyrir hvað gerðist og hvað hefði getað og mátt betur fara. Megináhersla þarf að vera á að átta sig á hvort koma hefði mátt í veg fyrir að skaði yrði í þeim mæli sem varð, þ.e. hvað má læra af því sem hér gerðist og hvort hægt er og hvernig má fyrirbyggja að slíkt gerist aftur. Og hverju þarf og má breyta til að tryggja að íslenskt hagkerfi hafi a.m.k. lærdóminn upp í kostnað þann sem lenda mun á samfélaginu.

Hlutverk og vinnugögn

Endurskoðendur eru í því hlutverki að staðfesta réttmæti fjárhagsupplýsinga sem notaðar eru í viðskiptum, m.a. í sambandi við mikilvægar ákvarðanir. Það er því viðbúið að stéttin sæti gagnrýni þegar illa fer, sérstaklega þegar allt hrynur. Það þarf þó ekki að staðfesta að slæm staða hafi legið fyrir þegar álit var gefið, þ.e. að áritunin hafi verið röng. Endurskoðendum er ekki frekar en öðrum mögulegt að sjá fyrir um hrun.

Eðli vinnu endurskoðanda er þannig að vinnugögnin og vinnan sjálf er hvergi opinber, enda endurskoðandanum veittur ótakmarkaður aðgangur að trúnaðarupplýsingum. Það er niðurstaða vinnunnar, álitin sjálf, sem er opinbert auk þess sem stjórnendur eru upplýstir sérstaklega um helstu niðurstöður endurskoðunar. Umræða undangengið um að endurskoðendur hafi ekki sinnt starfi sínu er umræða um framkvæmdina sjálfa og er ekki byggð á staðreyndum úr vinnugögnum þeirra. Í því umhverfi þar sem umræða byggð á getgátum, er leidd af nafnlausum aðilum eða fjölmiðlum sem ekki sannreyna upplýsingar, eru allar tilraunir til að koma að leiðréttingum túlkaðar sem hvítþvottur, faghroki eða annað álíka. Málefnaleg viðbrögð eru undantekning og skortur á málefnalegri rökræðu er mjög ráðandi og einkennir umræðuna.



Þórir í sjónvarpsviðtali um málefni endurskoðenda.

Fjölmiðlun - umræðan

Fjölmiðlun síðustu misseri hefur á stundum helst sýnst snúast um að ala á hefndarumræðu dómstóls götunnar. Neikvæður tónn oftast valinn gagnvart allri miðlun upplýsinga, helst að draga allt upp í sem vafasamasta eða neyðarlegasta mynd og öllum ráðum eða brögðum beitt til þess. Með þeim afleiðingum að flestir forðast þátttöku undir nafni til að lenda ekki í slíku. Það er svo túlkað sem staðfesting sektar, þannig virkar dómstóll götunnar. Dómstóll sem hefur það sérkenni að málum verður ekki áfrýjað.

Sá tónn sem valinn er til að matreiða upplýsingar fyrir samfélagið er á ábyrgð fjölmiðla. Ég er ekki að tala um að víkja sér undan umræðu heldur að fara fram á að hún verði byggð á málefnalegri rökræðu, hreinskilni og heilindum. Enda er okkur nauðsyn að kryfja það sem aflaga fór til að finna úrræði sem eru raunveruleg lausn vandans til frambúðar. Þar þurfum við öll að sýna að við séum virkir þegnar samfélagsins sem bera ábyrgð og stýra umræðunni í þann farveg.

Fjölmiðlun svipar um margt til endurskoðunar. Hlutverk fréttamannsins er að leita uppi staðreyndir með gagnrýnu hugarfari, sannreyna þær og veita trúverðugleika með viðtölum við þá sem til þekkjja, og færa samfélaginu á hlutlausan hátt. Með slíkum vinnubrögðum fær fjölmiðlun stöðu sem fjórða valdið í samfélaginu, sem er mjög nauðsynlegt. Fjölmiðlafólk verður að umgangast slíkt vald af virðingu og heilindum og varast að lenda í hlutverki sögusmetunnar eða trúðsins. Fréttamaðurinn er háður trausti viðtakanda upplýsinganna með sama hætti og endurskoðandinn er háður trausti lesanda þeirra upplýsinga sem hann gefur álit sitt á.

Ég er ekki að hafna gagnrýni, tel þvert á móti að gagnrýni sé öllum holl. Ef til vill hefði íslenskt samfélag ekki tekið sama flugið og reyndin varð, ef við hefðum umgengist gagnrýni með málefnalegri hætti, tekið málefnalega rökræðu um það sem við vorum á sínum tíma gagnrýnd fyrir. Ég hef stundum á tilfinningunni að lítið hafi breyst hvað það varðar að málefnaleg umræða fari fram. En gagnrýni er annað hvort rétt eða röng. Hvort heldur sem er, þá er nauðsynlegt að bregðast við henni. Sé hún réttmæt þá er öllum fyrir bestu að laga það sem aflaga hefur farið. Sé hún óréttmæt þá er mikilvægt að draga fram hvar leiðir skilnings skildu, til að hægt sé að bregðast við.

Hjá okkur endurskoðendum er staðan nú sú að mikilli gagnrýni er beint að okkur og svo virðist sem komið sé að því að við þurfum að standa fyrir okkar málum. Útlit er fyrir að svo kuni að verða um nokkur næstu árin, að sótt verði að endurskoðendum. Sé lítið til stöðu endurskoðenda erlendis þá eru málaferli partur af starfsumhverfi þeirra. Það er í sjálfu sér ekkert óvænt enda gegnum við mikilvægu og ábyrgðarmiklu hlutverki í efnahagsumhverfinu. Það að við endurskoðendur sætum ábyrgð ef við höfum brugðist skyldum okkar er í takt við þær leikreglur sem við búum við. Þar sem verðbréfamarkaður er virkur hluti af ávöxtunarleiðum fjárfesta, þá má búast við að fjárfestar leiti réttar síns telji þeir sig hafa orðið fyrir skaða af notkun upplýsinga sem endurskoðendur hafa gefið álit á og notaðar eru við ákvarðanatöku á þeim markaði. Niðurstaða mála af þeim toga ræðst almennt fyrir dómstólum en ekki í fjölmiðlum.



Formaður á hádegisverðarfundum í apríl ásamt Sigríði Ingvarsdóttur, framkvæmdastjóra NMI sem hélt fyrirlestur um nýsköpun.



Formaður opnar afmælisráðstefnu 24. sept. 2010. Ljósmynd: Geir Ólafsson.

Það er einnig viðbúið að vinna endurskoðenda dragist inn í skoðun á því hvað fór úrskeiðis og hvort og hvernig má bæta það regluverk sem unnið er eftir og við erum hluti af. Með þeim hætti er umræðunni háttað á vegum Evrópusambandsins sem skipað hefur nefnd til skoðunar á regluverki og starfsháttum endurskoðenda. Sú nefnd sendi frá sér svokallaða „Green Paper“ þar sem fjallað er um hvernig má breyta starfsumhverfi endurskoðenda til að draga úr skaða eða minnka líkur á. Niðurstöðu þeirrar vinnu er að vænta nú á næstu mánuðum og þurfum við að fylgjast með því og taka þátt í þeirri umræðu. Eðlilegast er að við búum héraendis við sama umhverfi og í þeim löndum sem við höfum mest samskipti við.

Ábyrgð

Okkur endurskoðendum er tíðrætt um hvar ábyrgð liggur og að aðskilja ábyrgð okkar frá ábyrgð stjórnenda. Það er ekki til að frýja okkur ábyrgð eins og fjölmiðlum er gjarnnt að túlka það. Hlutverk okkar og hlutverk stjórnenda fyrirtækja eru skýrt afmörkuð og er m.a. lýst í endurskoðunarárituninni sjálfri. Það eru stjórnendur sem bera ábyrgð á reikningsskilunum og þeim upplýsingum sem þar koma fram og endurskoðendur bera ábyrgð á því álit sem þeir láta í ljós á reikningsskilunum. Þessi skipting ábyrgðar er mjög mikilvæg og þess vegna hluti áritunarinnar. En hvaða máli skiptir hún þegar illa fer?

Það hljómar sjálfsagt sem undarleg afsökun í eyrum þeirra sem þekkja lítið til, að vísa á ábyrgð stjórnenda þegar rætt er um réttmæti upplýsinga í endurskoðuðum reikningsskilum. Ástæða þess er sú að í fórum stjórnenda finnast öll þau gögn og upplýsingar sem reikningsskilin byggja á og voru notuð við gerð þeirra. Þar með talið eru forsendur og rökstuðningur stjórnenda fyrir vali reikningsskilaaðferða og framsetningar, þegar settar reglur bjóða upp á val um útfærslu. Þessi gögn er ekki að finna hjá endurskoðendum. Hjá þeim liggja hinsvegar þau gögn, sem þeir afla á grundvelli fulls trúnaðar, til að leggja mat á hvort frásögn stjórnenda af rekstri fyrirtækis og stöðu sé rétt og sett fram í samræmi við settar reglur. Sé svo, þ.e. að frásögn sé í samræmi við undirliggjandi rekstur á tilteknu tímabili og stöðu í lok þess og framsetning rúmist innan settra reglna, þá á endurskoðandinn ekkert val um annað en að gefa fyrir-

varalaust álit. Það er því mikill munur á þeim gögnum sem þörf er á við gerð reikningsskila og þeim gögnum sem eru vinnugögn endurskoðenda.

Reikningshaldslegt mat

Við gerð ársreikninga fyrirtækja er nauðsynlegt að meta verðmæti hinna ýmsu liða sem þar koma fram. Það er hlutverk stjórnenda. Öllum má vera ljóst að „mat“ er ekki annað en nálgun við undirliggjandi verðmæti á þeim tíma sem matið fer fram, þ.e. á reikningsskiladegi og miðað við þær forsendur sem þekktar eru og mögulega fyrirbyggjandi á þeim sama tíma. Það er einnig öllum ljóst, sem að reikningsskilum koma, að raunverðmæti eigna sem meta þarf við gerð reikningsskila, getur síðar reynst annað en var niðurstaða matsins. Á þetta er m.a. bent í reikningsskilunum sjálfum. Viðskiptakröfur kunna að reynast óinnheimtanlegar vegna ófyrirsjáanlegra atburða eða að þær innheimtist betur en talið var, vörur kunna að úreldast meira eða minna en forsendur við matið gerðu ráð fyrir og sama á við um alla aðra liði sem þarf að meta. Þetta er fylgifiskur þeirra reikningsskilareglna sem við búum við héraendis, þ.e. að meta þurfi eignir eða reyna að nálgast raunvirði þeirra (fair value) þegar slíkar eignir eru til staðar. Það að ekki sé gerður sérstakur fyrirvari um mat eigna, umfram það sem getið er í umfjöllun um reikningsskilaaðferðir, má aldrei túlka sem svo að matið muni þá reynast óskeikult um alla framtíð. Borið hefur á þeim skilningi. Þegar horfa þarf aftur í tímenn til að skoða reikningshaldslegt mat, eins og nú er þörf á og mun sennilega verða um einhverja framtíð, þarf að hafa í huga það ástand sem var og þekkingu og upplýsingar sem lágu fyrir og/ eða gátu legið fyrir á þeim tíma þegar matið var framkvæmt. Það að matið verðmæti eigna reynist annað í framtíð en þegar matið fór fram er ekkert óeðlilegt í heimi breytinga.

Háttsemi og lög

Sjálfsagt er að skoðað verði hvort álit það sem endurskoðendur létu í ljós á reikningsskilum fyrirtækja hafi orsakað þessa alþjóðlegu kreppu eða gerði hana íslenska eða íslensku hagkerfi skaðlegri en þurft hefði að vera. Endurskoðendur geta ekki vikist undan því og eiga ekki að gera það. En við gerum



Þórir handsalar námsstyrk til Háskólans í Reykjavík frá Námsstyrkjasjóði FLE. Mynd birt með leyfi HR.

þá kröfu að málsmeðferð í því sambandi sé vönduð og hafin yfir vafa.

Óhjákvæmilegur fylgifiskur skoðunar á vinnu endurskoðenda er hvort um saknæmt athæfi hafi verið að ræða eða ekki. Hafa ber þá í huga að saknæmt atferli endurskoðenda, út frá lagalegu sjónarmiði, skiptist í grunninn í tvo meginflokk, annars vegar refsiverða háttsemi og hinsvegar skaðabótaskyldu. Ábyrgð okkar er rík og við getum þurft að sæta henni förum við ekki að reglum. Hin refsiverða háttsemi endurskoðanda kann að felast í að hafa ekki sinnt skyldum eins og þær eru eða voru skilgreindar í lögum á þeim tíma þegar háttsemin var viðhöfð. Rannsókn mála af þeim toga er í höndum yfirvalda. Slík rannsókn grundvallast oftast á kæru um refsiverða háttsemi eða rökstuddum grun um slíkt. Sannist hin refsiverða háttsemi þá eru refsingar eða viðurlög í samræmi við það sem heimilað er í þeim lögum sem brotin voru. Álit, sem síðar kann að reynast rangt er í sjálfu sér almennt ekki refsivert þó það gæti reynst svo ef ásetningur hefur verið um slíkt, m.a. í blekkingarskyni.

Skaðabótaskyld háttsemi felst í því að hafa gefið rangt álit á reikningsskilunum, sem síðan aðrir hafa skaðast af að nota, þ.e. þeir hefðu tekið aðrar ákvarðanir ef hið rétta hefði verið upplýst. Almenn er rannsókn slíks ekki á vegum opinberra aðila. Það er þeirra sem telja sig hafa orðið fyrir tjóni, að sýna fram á að um saknæma háttsemi hafi verið að ræða, að tjón hafi orðið og að tjónið hafi orsakast af hinni saknæmu háttsemi. Af orsakasamhengi má ráða að áður en leitt verður í ljós að álit endurskoðanda hafi verið rangt, þarf fyrst að leiða í ljós að ársreikningur hafi verið rangur.

Nálgun við rannsóknarvinnu er mjög misjöfn eftir því um hvora saknæmu háttsemina er að ræða. Endurskoðendur

kunna að hafa gerst sekir um refsiverða háttsemi þrátt fyrir að álit þeirra á reikningsskilunum sé rétt eða að ekki hafi verið í ljós leitt hvort svo er eða ekki. Eins getur líka verið að endurskoðendur hafi látið í ljós rangt álit án þess að þeir hafi gerst sekir um refsiverða háttsemi. Sjálfstætt frumkvæði einkaaðila að því að rannsaka eða koma upp um refsiverða háttsemi er ekki hluti af íslensku regluverki.

Niðurlag

Það er viðbúið að þekkingar og kunnáttu félagsmanna FLE sé þörf til að komast til botns í því sem hér gerðist í undanfara hrunsins og því sem eftir fylgdi, a.m.k. þegar um reikningshaldsleg málefni er að ræða. Endurskoðendur eru því og munu verða kallaðir til aðstoðar og er ekkert nema gott um það að segja. Í þeim tilvikum, eins og reyndin hefur þegar orðið, þá hvet ég félagsmenn til að viðhafa almenna háttvísi og fara að siðareglum FLE en þar eru línur lagðar nokkuð skýrt varðandi samskipti sem þessi. Þar sem viðbúið er að til umfjöllunar komi störf annarra endurskoðenda er ljóst að mál geta orðið viðkvæm. Því er mikilvægt að gætt sé að viðeigandi ákvæðum siðareglna og að háttvísi sé viðhöfð þannig að félagsmenn geti, þegar upp er staðið, gert upp við samvisku sína með þeim hætti að þeir hafi komið heiðarlega fram. Annað rýrir traust stéttarinnar og kyndir undir óeiningu innan félagsins. Stéttin má síst við því í núverandi stöðu og því ástandi sem virðist vera framundan a.m.k. næstu misseri.

Þórir Ólafsson



Um þagnarskyldu endurskoðenda

Stefán Svavarsson endurskoðandi kennir reikningshald við Háskólann á Bifröst og Háskólann í Reykjavík

Kynningarnefnd FLE óskaði eftir því við mig að ég setti á blað nokkur atriði sem vörðuðu þetta viðfangsefni. Ég gekk að því en hef kosið að útvíkka umræðuna þannig að hún nái ekki aðeins til þagnarskyldunnar heldur einnig þess sem ekki má liggja í þagnargildi.

Fyrst þó þetta. Þótt það sé engum vafa undirorpið að endurskoðendur verða að gæta vandlega að því að virða lagafyrirmæli um þagnarskyldu sem og raunar hefðir í þeim efnum, þá er það á vissan hátt í mótsögn við rækslu endurskoðunarstarfans. Tilgangur endurskoðunar er jú að hlutlaus fagmaður votti um áreiðanleika fjárhagslegra upplýsinga svo greiða megi fyrir því að viðskipti geti snurðulaust farið fram. Með öðrum orðum starfið er hluti af upplýsingaleik samfélagsins, ef svo má að orði komast, en ekki feluleik en það yfirbragð hefur þagnarskyldan svo sannarlega á sér. Ljóst má því vera að framkvæmdin getur á stundum verið erfið.

Viðhorfsbreytingar

Svo er annað, en það er, að viðhorf til þess hvaða upplýsingar eigi að birta í frásögn fyrirtækja af fjárhagslegum málum sínum eru sífellt að breytast, bæði lagafyrirmæli og ekki síður tíðarandinn. Lykilorð í umræðu dagsins í þessum efnum eru aukin ábyrgðarskil (e. accountability) og gagnsæi (e. transparency). Deginum ljósara er t.d. að upplýsingar í reikningsskilum fyrirtækja, sem nú er skylt að birta, eru miklu ítarlegri en þær sem við hæfi þótti að birta fyrir fjörutíu árum. Og ekki aðeins það heldur er nú skylt að birta reikningsskil opinberlega, þ.e. með afhendingu gagna til svokallaðrar Ársreikningaskrár, sem lengstum var litið á sem einkamál. Viðhorf dagsins er, gagnstætt því sem áður var, að upplýsingar í reikningsskilum fyrirtækja, hvort sem þau eru á almennum fjármagnsmarkaði eða ekki, séu almannagæði (e. public good). Þetta er a.m.k. tæk túlkun á tilskipun Evrópusambandsins en sú hugsun hefur ekki náð til allra sem skila eiga ársreikningum, því nýjustu tölur segja að 40% fyrirtækja skila þeim ekki til Ársreikningaskrár. Vera kann að vanskilin séu svona há af landlægum slóðaskap í skýrsluskilum en hitt er líklegra að Íslendingar líti enn svo á að fjármál einkafyrirtækja séu einkamál og komi öðrum ekki við.

Ég nefni fjörutíu ár því svo langur er tíminn liðinn síðan ég hóf störf sem endurskoðandi. Tvær sögur frá þeim tíma til sönnunar á þeim viðhorfsbreytingum sem ég geri hér að umtalsefni. Á fyrsta aðalfundi sem ég sótti nýkominn úr vesturheimi, að vísu ekki sem endurskoðandi heldur sem hluthafi, bar ég upp það erindi í heyranda hljóði að ég fengi að skoða ársreikning fyrirtækisins. Fyrirspurnin kom á óvart og menn

setti hljóða. Raunar svo, að stjórn félagsins gerði fundarhlé á aðalfundarstörfum til að ráða ráðum sínum og ákveða hvernig skyldi bregðast við þessu undarlega erindi; hluthafi vill skoða ársreikninginn, hvað er í gangi? Niðurstaðan var sú, að ég fengi reikninginn til aflestrar á fundinum en yrði svo að skila honum fyrir fundarlok. Raunar kom vel á vandan því ekkert gagn hafði ég af reikningnum á þeim takmarkaða tíma sem ég hafði hann til afnota. Hann var svo illa fram settur að engin leið var til þess að átta sig á meginatriðum þar nema eftir langa yfirlegu og úrvinnslu. Á þessum tíma var nefnilega ekki til síðs að gera reikningsskil aðgengileg fyrir eigendur, hvað þá aðra, heldur var frásögnin í belg og biðu og engin tilraun gerð til að skipa liðum saman til hægðarauka fyrir lesandann hver sem hann var og blaðsíðutalið nokkrir tugir. Ekkert yfirlit um fjárstreymi fylgdi og engar skýringar og á fremstu síðu stóð „Skattframtal félagsins X hf.“.

Hin sagan lýtur að vinnulagi á endurskoðunarstofum. Á þessum tíma, þ.e. fyrir fjörutíu árum, var ekki óalgengt að lokafrágangur reikningsskila og skattskila færi fram fyrir luktum dyrum og enginn fengi aðgang nema forstjóri viðkomandi fyrirtækis og aðaleigandi viðkomandi endurskoðunarstofu. Aðrir starfsmenn stofunnar, þó að þeir hafi unnið verkið að öðru leyti, fengu engan aðgang, því nú skyldi ræða um nokkur lykila-triði sem vörðuðu endanlega afkomu og skattstofna. Þannig var nú það.

Þagnarskylda og eðlilegir viðskiptahættir

En þá að þagnarskyldunni. Í 1. mgr. 30. gr. laga nr. 79/2008 um endurskoðendur segir: „Endurskoðendur, starfsmenn endurskoðenda, eftirlitsaðilar og hverjir þeir sem taka að sér verk í þágu endurskoðenda eða eftirlitsaðila eru bundnir þagnarskyldu um allt það er þeir kunna að komast að vegna starfa sinna og leynt skal fara samkvæmt lögum eða eðli máls, nema dómari úrskurði að skylt sé að veita upplýsingar fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé til að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.“

Fyrst um atriði sem þagnarskylda gildir um samkvæmt eðli máls. Ljóst má vera, að endurskoðendur geta ekki sinnt starfi sínu sem faglegir vottunaraðilar um áreiðanleika reikningsskila nema þeir fái mjög víðtækan aðgang að upplýsingum um rekstur og efnahag skjólstæðinga sinna. Það þýðir um leið að forráðamenn fyrirtækja verða að geta treyst því að endurskoðendur geti þagað yfir viðskiptaleyndarmálum. Þetta hvort tveggja má segja að felist í tilvitnuðum texta laganna og að öðrum kosti getur ekki myndast trúnaðarsamband á milli þess-

ara aðila sem miklu skiptir og er raunar forsenda viðskiptasambandsins.

Það felst alls ekki í kröfum samtímans um gagnsæi að engin viðskiptaleyndarmál megi vera til og allt í rekstri verði að vera uppi á borðum; það væri alltof víðfeðm skilgreining á gagnsæi. Hér má til dæmis benda á að endurskoðanda væri með öllu óheimilt að ræða við óskylda aðila um álagningu á einstakar vörur fyrirtækis sem hann starfar fyrir sem endurskoðandi. Álagning birtist í heild í reikningsskilum en ekki gagnvart einstökum vörum og enginn áskilnaður er, hvorki í lögum né regluverki reikningshaldsins að öðru leyti, að slíkar upplýsingar séu birtar (starfsþáttaupplýsingar eru þó birtar þegar við á, en það er annað mál). Þá væri endurskoðanda óheimilt að skýra frá tilkostnaði við auglýsingar á einstökum vörum eða vörflokkum eða metinn árangur af slíkum útgjöldum, því slík frásögn gengi lengra en kröfur laga og regluverk reikningshalds segja til um.

Óþarfi er að rekja fleiri dæmi af þessari gerð og meginreglan ætti að vera skýr. Upplýsa skal um rekstur og efnahag samkvæmt fyrirmælum laga um gerð reikningsskila. Þar er birt heildarmynd af afkomu og efnahag á grundvelli regluverks þar um og engin leynd má hvíla yfir atriðum sem varða þá heildarmynd með einum eða öðrum hætti. Engin krafa er gerð um að upplýst sé um hvernig rekstrarhagnaður greinist eftir einstökum vörutegundum, vörflokkum eða þjónustuverkum; það eru innanhúsmál. Af þeim sökum væri endurskoðanda með öllu óheimilt að fjalla við óskylda aðila um slíkar rekstrarlegar upplýsingar og hið sama gildir um nákvæmnisupplýsingar um efnahag. Samkvæmt því væri endurskoðanda óheimilt að upplýsa óskylda aðila um hverjir viðskiptavinir skjólstæðinga hans væru eða hversu mikið þeir skulda. Um þessi atriði og önnur skyld væri þó endurskoðanda heimilt að fjalla um opinberlega hafi skjólstæðingur hans veitt til þess leyfi og hafi sá haft til þess fullt umboð. Í ljósi þessa er það auðvitað besta og affarsælasta verkregla endurskoðenda að ræða einfaldlega ekki um málefni skjólstæðinga sinna við óskylda aðila; fæst orð bera jú minnsta ábyrgð.

Tilkynningarskylda

Hér að framan hefur aðeins verið fjallað um þagnarskylduna gagnvart eðlilegum viðskiptaháttum. En hvernig er þagnarskyldu háttað ef viðskiptahættir eru ekki eðlilegir eða jafnvel andstæðir lögum?

Hvað ber endurskoðanda að gera ef hann verður þess áskynja að skjólstæðingur hans hefur ekki farið að lögum, t.d. við skil á virðisaukaskatti eða tekjuskatti? Það er ekki sjálfgefið að skylt sé samkvæmt regluverki reikningshaldsins að skýra frá slíkum atburðum, jafnvel þótt mikilvægir séu og ef það er gert er sennilegra en ekki að þar sé talað undir rós. Hitt er þó ljóst, að endurskoðanda bæri sem opinberum sýslunarmanni og samkvæmt reglum um endurskoðun að upplýsa stjórn um frávikin í sérstöku bréfi og krefjast úrbóta. Ef ekki er við því brugðist verður þó ekki séð að hann hafi tilkynningarskyldu á þeim frávikum til opinberra aðila, enda sé hann bundinn þagnarskyldu um málið. Rétt er að taka fram í þessu sambandi að það fer að vísu eftir hvers konar fyrirtæki á í hlut,

hvort tilkynningarskylda er á málinu. Falli rekstur viðkomandi fyrirtækis að lögum um fjármálafyrirtæki sýnist vera ótvíræð tilkynningarskylda til Fjármálaeftirlitsins (en ekki skattýfirvalda) á umræddum frávikum vegna sérákvæða í lögum; meira um það hér á eftir.

Þessi afstaða kann að orka tvímælis. Því til staðfestingar fylgir eftirfarandi saga og undirritaður lítur svo á að hann sé ekki bundinn trúnaði eða þagnarskyldu um efni hennar. Það vakti athygli mína fyrir nokkrum árum að við útskrift löggiltra endurskoðenda, en ráðuneyti fjármála stóð á þeim tíma fyrir þeirri athöfn, að fulltrúa ríkisskattstjóraembættisins var boðið til útskriftarinnar. Hann sá ástæðu til þess að ávarpa hinu nýútskrifuðu endurskoðendum og gerði það með sóma, eins og hans var von og vísa. Hins vegar kom þar að í máli hans að leggja út af því hvað fælist í því að vera opinber sýslunarmaður og niðurstaðan var sú að í reynd væru endurskoðendum m.a. að vinna fyrir embætti ríkisskattstjóra. Ekki var skýrt í nákvæmnisatriðum hvað í þessu fólst en ljóst mátti þó vera að vísitandi rangfærslur skattskila bæri hinum „opinberu sýslunarmönnum“ að tilkynna. Við þetta er því einu að bæta að því er fagnað að „málaflokkurinn“ endurskoðendum heyrir ekki lengur undir ráðuneyti fjármála og eftir hinu er beðið að málaflokkurinn ársreikningagerð verði einnig fluttur í ráðuneyti efnahags- og viðskiptamála úr ráðuneytið fjármála.

En þagnarskyldan er ekki aðeins reist á eðli máls heldur eru á stundum sérstök fyrirmæli í lögum um þá skyldu eða öllu heldur hvenær henni megi eða eigi að víkja til hliðar. Gott dæmi um það eru eftirfarandi fyrirmæli í 1. og 2. mgr. 92. gr. laga nr. 16/2002 um fjármálafyrirtæki en þar segir: „Verði endurskoðandi var við verulega ágalla í rekstri eða atriði er varða innra eftirlit, greiðslutryggingar útlána, önnur atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu hlutaðeigandi fyrirtækis eða atriði sem leiða til þess að hann myndi synja um áritun eða gera fyrirvara, svo og ef endurskoðandi hefur ástæðu til að ætla að lög, reglugerðir eða reglur sem gilda um fyrirtækið hafi verið brotnar, skal endurskoðandi gera stjórn þess og Fjármálaeftirlitinu viðvart. Þetta á einnig við um sambærileg atriði sem endurskoðandi fær vitneskju um við framkvæmd endurskoðunarstarfa hjá fyrirtæki sem er í nánnum tengslum við hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki. Tilkynning endurskoðanda skv. 1. mgr. felur ekki í sér brot gegn þagnarskyldu hvort sem hún er reist á lögum eða samningi. Skal tilkynning ekki sæta neins konar ábyrgð vegna tilkynningarinnar.“

Upplýsingarskylda

Það kann að vera misskilningur minn og er þá beðist á því forláts, en líklegast var í fyrsta sinn með þessari lagasetningu skilyrðislausri þagnarskyldu endurskoðenda gagnvart umbjóðendum sínum hafnað. Það er raunar að vonum um þessa tegund atvinnurekstrar, eins þýðingarmikil og hún er; ein af meginstöðum og kerfisinnviðum íslensks efnahagslífs. Samkvæmt þessum greinum laga um fjármálafyrirtæki er endurskoðendum skylt að gera stjórn viðvart um verulega ágalla á ýmsum sviðum sem veikt geta fjárhagsstöðu hlutaðeigandi fyrirtækis. Fyrir þessari upplýsingarskyldu er hefð og felst raunar í endur-



skoðunarvenjum. En skyldan nær ekki aðeins til stjórnar heldur ber einnig að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um sömu ágalla og það er nýmælið. Nú er því þannig varið að endurskoðendur eiga að gera stjórn skriflega grein fyrir ágöllum í innra eftirliti og sýnist þá einu gilda hvort þeir eru stórir eða smáir. Hér er bæði vísað til skýrsluþefðar um störf endurskoðenda en ekki síður til ákvæða í lögum um endurskoðun eða hlutafélagalaga þegar við átti. Því þykir greinarhöfundur það vera til óþurftar í lögum um fjármálafyrirtæki að það sé háð mati endurskoðenda á mikilvægi viðkomandi atvís hvort slíkar skýrslur eru gerðar. Það er auksin heldur gömul saga og ný að smáir ágallar í innra eftirliti geta fyrirvaralítið orðið að meiriháttar vandamáli. Það sýnist því skynsamlegast að hirða ekki um mat á ágöllum heldur tilkynna um þá alla sem endurskoðandi verður var við og þá bæði til stjórnar og Fjármálaeftirlitsins.

Tilkynningarskylda af þessu tagi þekkist víða erlendis en hefur ekki alltaf verið vel þokkuð í röðum endurskoðenda, svo vægt sé til orða tekið. Til að mynda olli það talsverðu uppnámi í stétt endurskoðenda á sínum tíma þegar ákveðið var þar með lögum (Foreign Corrupt Practices Act) í Bandaríkjunum að endurskoðendum væri skylt að tilkynna opinberum aðilum um mútugreiðslur til erlendra aðila. Þessi lög urðu til undir lok áttunda áratugarins í framhaldi af frægu máli sem kennt var við Lockheed flugvélaframleiðingarnar. Fyrirtækið greiddi ýmsum erlendum aðilum, m.a. Bernhard prins frá Hollandi og forsætisráðherra Japans, mútugreiðslur til að greiða fyrir viðskiptum. Bandarísk þingnefnd sem um málið fjallaði komst að því að endurskoðendur fyrirtækisins hafi vitað af þessum greiðslum en töldu þær ekki brjóta á bága við innlend lög, enda greiðslur til útlendinga og gerðu því enga athugasemd; tilgreind lög voru sett í framhaldinu. Endurskoðendur mótmæltu tilkynningarskyldunni og töldu hana brot á þagnarskyldu en þingið gaf sig ekki.

Niðurstaða mín er sú, að engar róttækar breytingar þurfi að gera á fyrirmælum laga um þagnarskyldu endurskoðenda. Hitt er svo annað, að endurskoðendur sýnast mega gera betur grein fyrir hlutverki sínu í samfélaginu en þeir hafa gert, því margt af því sem sagt er um verkefni þeirra í fjölmiðlum og í máli stjórnarmálanna er á misskilningi byggt. Leið út úr þeim vanda væri sú að mínum dómi að endurskoðendur birti lengri skýrslur um störf sín en fram kemur í hinni stöðluðu áritun endurskoðenda. Með þeim orðum er ég þó einungis að taka undir það sem hefur í auknum mæli verið í umræðunni erlendis en því miður hefur ekki farið mikið fyrir umræðu um þetta efni í félagi endurskoðenda hér á landi. Og sú erlenda umræða er ekki alveg ný. Hér má t.d. benda á hugmyndir Roberts Elliot, fyrrum yfirmanns KPMG, sem vildi auka aðgengi að endurskoðendum og til þeirra mættu m.a. leita greiningarfyrirtæki, bankar og samtök fjárfesta með fyrirspurnir um túlkun á einu og öðru í rekstri skjólstæðinga þeirra en núverandi skipan um þagnarskyldu koma í veg fyrir slíka upplýsingamiðlun. Ekki

hefur enn orðið af þessu, enda var Elliot að spá fyrir um framtíðarskipan mála fyrir fimmtán árum síðan. Vísbendingu um að það stefni í þessa átt er þó kannski að finna í þeim nýju fyrirmælum í lögum um endurskoðendur að þeir skýri opinberlega frá einu og öðru í þeirra eigin rekstri, sbr. 29. gr. laga um endurskoðendur þar sem krafist er skýrslu um gagnsæi; lítið skref en mikilvægt í rétta átt.

„Siðgæðisverðir viðskiptalífsins“

Látum þá gott heita í bili a.m.k. um þagnarskylduna og verður þá minnst á nokkur atvís sem ekki mega að dómi greinarhöfundar liggja í þagnargildi. Fyrirmæli um þagnarskyldu endurskoðenda má ekki túlka þannig að ekki megi ræða það sem betur má fara í starfsumhverfi endurskoðenda. Fyrir liggur að fjármálakerfi þjóðarinnar hrundi og að vonum hefur nokkuð verið sótt að endurskoðendum um þeirra ábyrgð, bæði hlutaðeigandi endurskoðendum en einnig stéttinni sem slíkri. Hér skal ekkert um það fyrra sagt, en hitt hlýtur og raunar verður að mínum dómi að ræða, hvort endurskoðendur sem heild hefðu ekki mátt gera betur. Það er jú þrátt fyrir allt tilgangurinn með endurskoðun að greiða fyrir því að fjármagn flæði þangað sem það gefur mestan arð með því að votta um áreiðanleika reikningsskila. Síðustu misserin fyrir hrundið haustið 2008 var engar vísbendingar að hafa í reikningsskilum fjármálastofnanna um að illa mundi fara og engir fyrirvarar birtust í þeim frá endurskoðendum. Það er að mínum dómi fullkomlega eðlilegt að umheimurinn spyri: hvornig mátti það vera? Kemur ekki til greina að regluverkinu hafi verið áfátt og á það bæði við um regluverkið um gerð reikningsskila og endurskoðun. Það er um þessi atvís sem naflaskoðun þarf að fara fram og stétt endurskoðenda á að standa fyrir með aðstoð utanaðkomandi aðila til að opinberlega birt skýrsla um efnið verði trúverðug.¹ Hitt er svo sjálfstætt athugunarefni og ekki til umræðu hér, hvort farið var eftir regluverkinu í hvoru tveggja tilvikinu, þ.e. gagnvart gerð reikningsskila og endurskoðunar á þeim.

Ýmislegt fleiri mætti til tína sem fagfélag endurskoðenda verður að taka til skoðunar og allt í því skyni að endurreisa þann álitshnekki sem stéttin hefur orðið fyrir. Eitt eru endurmenntunarmálin sem hafa að vísu verið að batna á síðustu misserum en þó má enn bæta. Til að mynda hafa menn fengið endurmenntunarstig fyrir ráðstefnur og fundi sem hafa komið að takmörkuðu gagni sem endurmenntun. Kemur ekki til álita að vera með formleg próf, eins og nokkur erlend fagfélög endurskoðenda hafa gert og menn geti tekið þau á netinu og þau væru þá um nýtt efni, hvort sem er í gerð reikningsskila eða endurskoðun; punktar fengjust ekki fyrr en prófum væri lokið með fullnægjandi hætti.

Eitt vil ég nefna að lokum í þessu samhengi. Ef það er rétt, en því hefur verið fleygt, að lögmannsstofur og jafnvel endurskoðunarstofur hafi fyrir hrundið átt skúffufyrirtæki frá ýmsum umdæmum á lager til að flýta fyrir afgreiðslu mála hjá skjól-

1. Í nýlegri skýrslu bandarískrar naflaskoðunarnefndar er athyglisvert að fjallað er um endurskoðunarstéttina (e. auditing profession) en ekki endurskoðunariðnaðinn (e. auditing industry), eins og þar á bæ hefur verið í móð um nokkurt skeið. Frá þessu greindi P. Bloom prófessor í reikningshaldi í grein um naflaskoðunina í aprílheftinu 2010 í CPA Journal.

stæðingum sínum, þá eru menn á villigötum. Sérstaklega í ljósi þess að þau sýnast á stundum hafa verið stofnuð í vafasömum tilgangi. Er við hæfi að stétt manna sem hefur það verkefni samkvæmt lögum að vera nokkurs konar „siðgæðisverðir viðskiptalífsins“² hafi milligöngu um slíka þjónustu? Mér finnst svo ekki vera, en um það virðast vera skiptar skoðanir; þessum vafa þarf að eyða fyrir opnum tjöldum og hann á ekki að liggja í þagnargildi. Verða menn ekki að muna að endurskoðendur eru eða eiga fyrst og fremst að vinna fyrir samfélagið, svo fyrir

fjármagnsmarkaðinn og loks fyrir skjólstæðinginn. Mikið er húfi fyrir alla aðila að unnið sé samkvæmt þessari áhersluröð. Það er a.m.k. niðurstaða tveggja gagnrýninna prófessora í reikningshaldi og endurskoðun við breska háskóla í nýlegri rannsókn á störfum endurskoðenda á tilteknu sviði (Auditors: Keeping the Public in the Dark eftir J. Dunn og P. Sikka, 1999).³

Stefán Svavarsson.

Kynniferð til Kína

Sturla Jónsson löggiltur endurskoðandi hjá Endurskoðun og reikningsskilum

Déjà vu í Kína

Í október síðastliðnum áttum við félagarnir hjá Endurskoðun og reikningsskilum hf. kost á því að sækja ráðstefnu í Kína. Hér var á ferðinni árleg ráðstefna á vegum Inpact, erlendu tengslanna okkar. Þar sem að bæði var ómögulegt að sleppa því að fara til Kína, með svona góða afsökun og við vissum vegna áralangrar reynslu að ráðstefnur Inpact samtakanna eru einstaklega vel heppnaðar bæði félagslega og faglega, þá var aldrei neinn efi í okkar huga að láta slag standa.

Fyrst þurfti að verða sér út um þjóðbúninga, þar sem að dresskóðinn á galakvöldinu gerði ráð fyrir slíkum útbúnaði. Eftir afskaplega ánægjuleg samskipti við Þjóðdansafélag Íslands var þeirri hlið kippt í liðinn. Sjá ennfremur meðfylgjandi mynd af íslensku álfunum.



Íslensku álfarnir og Derek Lai.

Sunnudagsmorgun í byrjun október héldum við Sigurður ásamt eiginkonum okkar, þeim Guðrúnu og Helgu því af stað, fyrst til London og síðan áfram til Beijing í 11 tíma flugi. Við komum þangað seinnipart mánudags að staðartíma, hafandi lagt af stað frá London um níuleytið kvöldið áður. Beijing kom nokkuð á óvart, helst datt ferðalöngunum í hug Manhattan, miðað við meðalhæð bygginga á leiðinni frá flugvælinum á hótelið. Við heyrðum það síðan og sáum, að gamla borgin hefur verið meira og minna rifin, sérstaklega fyrir Olympíuleikana 2008 og fólk flutt í nýbyggð háhýsi. Fyrir margt eldra fólk hefur þetta reynst sérstaklega erfitt, þar sem að það hafði búið alla ævi með nágrönnum, fjölskyldu og vinum á sama stað, en er nú einangrað í háhýsum.

Næsta dag var farið í skoðanaferð um Beijing ásamt Inpactliðum víðsvegar að úr heiminum. Farið var í Forboðnu borgina, Sumarhöll keisarans og á Torg hins himneska friðar meðal annars. Á meðan á ráðstefnunni stóð fóru þær Helga og Guðrún ýmsar áhugaverðar ferðir í makaprógramminu, meðal þess var hjólaferð um borgina.

Dagana þar á eftir eyddum við endurskoðendurnir á ráðstefnunni, fórum í endurskoðunarskóla og hlustuðum á fyrirlestra af ýmsum toga. Þar á meðal um viðskiptaumhverfið í Kína og þróun mála undanfarin ár. Efnahagsþróunin í Kína hefur verið ótrúlega ör á árunum síðan Mao formaður féll frá. Það var samdóma álit þeirra sem við heyrðum í að maðurinn á bak við þessa þróun væri Deng Xiaoping, en hann kom efnahagsumbótum sínum af stað 1978. Greinilegt var, þó að enginn segði það beinlínis, að Mao var ekki í miklum metum hjá núverandi kynslóð. Kínverjar eru tvöfalt fjölmennari en Bandaríkjamenn og íbúar Evrópusambandsríkjanna samanlagðir. Af öllum jarðarbúum búa 19,6% í Kína. Þjóðarframleiðsla Kínverja (GDP) hefur farið hraðvaxandi og nemur nú 5.400 milljörðum USD,

2. Páll Skúlason, prófessor í heimspeki í gagnmerku erindi á fámennum hádegisverðarfundum hjá FLE.

3. Dunn og Sikka finna ýmislegt að í samskiptum endurskoðenda við haghafa stéttarinnar og segja hana kjósa að þega um mistök og geta það að sögn í krafti þess að vinnupapírar fái ekki gagnrýna umfjöllun, enda er enginn aðgangur að þeim (No stakeholder has access to auditor files....Thus audit failures remain sealed....Institutional and market pressures to make auditors accountable are virtually absent....Auditors prefer silence.)



Shanghai um 1980.



Shanghai 2010.

sem samsvarar 5,4% allrar heimsframleiðslunnar. Raunar var samsvarandi hlutfall árið 1820 u.þ.b. 30%. Á árinu 2009 komu 29 milljónir inn á vinnumarkaðinn. Meðal athyglisverðra hagstærða í Kína má nefna að 34% allra sigarettna í heiminum eru reyktar í Kína, 51% alls svínakjöts er neytt þar, 40% af allri steypu er notuð í Kína og 56% allra sjálfsmorða eru framin þar. Þá er talið að spilling kosti þjóðfélagið árlega 86 milljarða USD.

Gríðarlegir þjóðflutningar úr sveitum í borgir hafa átt sér stað síðastliðna áratugi. Árið 1992 bjuggu 82% Kínverja út á landi. Samsvarandi hlutfall er 51% í dag. Þá kom fram að við fráfall Mao 1976 voru árstekjur á mann 200 USD, en eru í dag nálægt 3.500 USD, en misskiptingin er gríðarleg. Hvergi nokkursstaðar hef ég séð fleiri nýjar glæsibifreiðar, en í Beijing. Ég vil þó taka það fram að ég bjó á Íslandi í kringum 2007! Einkabílar munu hafa verið innan við 100 árið sem Mao dó, en eru nú um það bil 4 milljónir í Beijing, enda er Beijing eitt endalaust umferðaröngþveiti. Stoltir sýndu kínversku háskólaprófessorarnir okkur myndir af Shanghai 1980 og 2010. Trúin á efnahagslegan vöxt er ótrúleg og okkur vinsamlega bent á að það væri eins gott að Kína lenti ekki í efnahagslegum hremmingum því þá myndi heimurinn ríða til falls. Um mig fór kaldur djéla vu hrollur, einhvern veginn datt mér í hug Ísland 2007.

Endurskoðendum hefur fjölgað gríðarlega í Kína undanfarin ár. Þeir voru óþekktir fyrir 1980! Í dag eru 155.000 endurskoðendur í Kína, þar 85.000 starfandi sem slíkir og 5.600 endurskoðunarstofur. Löggildingarpróf munu 7 milljónir hafa þreytt! Miðað við útskrifaða virðast þau frekar erfið! Stóru endurskoðunarfyrtækin fjögur eru ráðandi á markaðinum, en 3-4 innlend

fyrtæki eru kominn inn á top 10 listann og munu vera í gríðarlegri sókn. Kannski munum við sjá nöfn eins og Shinewing, Tianjian eða Daxing starfandi í Evrópu í framtíðinni.

Annars var kvöldprógrammið miklu skemmtilegra, en það sem fór fram á daginn! Fyrst var samhringskvöldverður. Fyrsti maðurinn sem ég gekk í flasið á var Peter Winblad hinn sænski og áður en ég náði að hrista hann af mér hafði ég lofað að flytja fyrirlestur um íslenska bankahrunið á norrænni Inpact ráðstefnu í Svíþjóð í lok nóvember. Góð byrjun það. Kínverjar eftir því sem mér skilst eru ekki með ensím sem brjóta niður alkóhól, einskonar innbyggðan antabus. Þeir buðu því aðeins vatn og gos fyrir mat og heltu u.þ.b. einum sopa í vínglösin með matnum. Ýmsir urðu skrítnir í framan. Gamlir kunningjar okkar frá Sviss sem við lentum á borði með varð mjög létt þegar þau fréttu að þau hefðu ekki verið þau einu sem tóku þjóðbúningana með. Umræddur galakvöldverður fór síðan fram með í gamla ameríska sendiráðinu kvöldið eftir. Margir mættu í þjóðbúningunum sínum, svo sem við, Englendingarnir töldu reyndar þjóðbúning sinn vera krikketföt, en Svíarnir og Norðmennirnir klikkuðu alveg. Kínverjinn sem sá um ráðstefnuna Derek Lai frá Hong Kong er mikill karakter. Hann er með beinsjúkdóm á háu stigi og getur hvorki sest niður né staðið upp hjálparlaust, en lætur það ekki á sig fá, heldur er jafnan hrókur alls fagnaðar og missir aldrei af neinu. Við kynnumst honum fyrst fyrir rúmum áratug, þegar hann spurði okkur hvort það væri "hot spring in every garden in Iceland". Smá mis-skilningur en við hlógum ógurlega báðir tveir.

Við enduðum síðan á því að fara í fyrirtækjaheimsókn til VancelInfo Technologics Inc. Eftir að að hafa keyrt í gegnum endalaus sovétblokkahverfi komum við allt í einu inn í afar huggulegt afgirt hverfi með vörðum við innkeyrsluhlið. Þar voru lágbyggð ný íbúðahverfi, sem farið var í gegnum áður en komið var að afar snyrtilegu hverfi með atvinnuhúsnæði. Ameríski kynningarfulltrúinn hjá VancelInfo var afar stoltur af fyrirtækinu, sem vinnur m.a. forritunarverkefni fyrir Microsoft og fleiri stórfyrirtæki. Er að sjálfsgöðu skráð á verðbréfabingi í New York eða kannski var það Hong Kong. Hér er unnið alla daga vikunnar fram á kvöld. Tugir starfsmanna í lokuðum herbergjum sem enginn óviðkomandi hafði aðgang að. Vinnuaðstaðan var frekar þröng, eftir því sem virtist í gegnum glerveggina. Ég verð að játa að mér datt í hug vinnuþrælkun. Sannleikurinn er sá að hvergi í heiminum er miskunnarlausari kapitalisma að finna en í kommúnistaríkinu Kína.

Meðan á ráðstefnunni stóð var tilkynnt hver hlyti friðarverðalun Nóbels. Konan mín varð heldur hissa þegar CNN fréttuútsendingin hvarf fyrirvaralaust af skjánum, hún skipti því yfir á frönsku fréttirnar. Þar urðu menn heldur seinni til svo það sást í upphaf fréttar um verðlaunaveitinguna, en síðan var slökkt á útsendingu meðan sú frétt var lesin. Síðan hélt útsendingin áfram eins og ekkert hefði í skorist.

Að lokinni ráðstefnu skoðuðum við okkur um í Kína, fyrst Kínamúrinn og síðan flugum við til suður Kína og dvöldum þar í fáeina daga. Það Kína sem þar bar fyrir augu líkist meira þeim fyrirfram gefnu hugmyndum sem ferðalangurinn hafði haft.

Ómögulegt er að skilja við þessa frásögn án þess að minnst á hversu gaman er að versla í Kína. Kínverjar eru ótrúlega útsjónarsamir sölumenn og þú ert hvergi óhultur. Meira að segja þegar ég var í biðröðinni að tékka inn á flugvellinum var pikkað í mig og mér boðið til kaups belti til að halda saman töskunni. Verslunarferlið lítur aðeins öðrum lögmálum en við eigum að venjast. Þú getur búist við að vera laminn, komast að því hversu bággt börn viðkomandi sölumanns eiga, eða hversu ómótstæðilegur afturhluti konu þinnar muni vera í þeirri flík sem í boði er. Ef þú stenst þrýstinginn og heldur þínu striki, gengur þú að lokum út með það sem hugurinn hafði ginst á 10% af uppsettu verði í byrjun og getur þar að auki verið alveg viss um að um ekta merkjavöru sé að ræða!

Annars eru Kínverjar upp til hópa viðræðugóðir og ótrúlega margir tala ensku. Þeir eru gjarnir á að hefja samræður að fyrra bragði og vilja jafnvel láta taka mynd af sér með Vesturlandabúanum. Síðan bíður Istanbul á næsta hausti.

Með félagskveðju, Sturla Jónsson.



Endurskoðun á skattkerfinu

Indriði H. Þorláksson hagfræðingur og ráðgjafi í skattamálum

Markmið og viðfangsefni

Hrun íslensku bankanna haustið 2008 voru lokin á löngum ferli til ójafnvægis í íslenskum þjóðarbúskap. Árin á undan höfðu einkennst af mikilli þenslu sem ekki átti sér efnahagslegar forsendur í raunhagkerfinu. Erlendir verðbréfavafningar eða stærð bankakerfisins voru ekki rætur ófaranna heldur birtingarmynd þeirra. Íslenska hagkerfið hafði árum saman verið drifið áfram af beinum og óbeinum erlendum fjárfestingum sem héldu gengi krónunnar uppi og leiddu til ofneyslu, offjárfestinga og viðskiptahalla, sem skildi eftir sig meiri erlendar skuldir þjóðarbúsins en dæmi eru til um meðal þróaðra þjóða.

Afleiðingar peningabólu í hagkerfi eru margvíslegar. Kollsteypa banka og fjármálastofnana leiddi til taps á miklum peningalegum eignum. Að hluta til voru þessar eignir lítið annað en froða sem engar raunverulegar eignir stóðu á móti.

Hrunið hafði engu að síður í för með sér stórfellda eignatilfærslu og áhrif langvarandi bólu á raunhagkerfið eru mikil og verða ekki bætt nema á löngum tíma. Þau sjást m.a. í offjárfestingum á sumum sviðum og vanþróun á öðrum. Áhrif á ríkisfjármálin eru einnig mikil. Froðutekjur fjármálafyrirtækja og ofvaxin einkaneysla sköpuðu ríkinu miklar tekjur á meðan bólan varði en leiddi jafnframt til þess að hrapað var að breytingum á skattkerfinu sem ekki var innistæða fyrir þegar til lengdar lætur.

AEG og aðgerðir stjórnvalda

Aðkoma Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að stjórn efnahagsmála hér á landi í árslok 2008 markaði tímamót ekki síst að því leyti að íslensk stjórnvöld neyddust til að horfast í augu við afleiðingar langvarandi meðvirkni og gera sér grein fyrir að



tími afneitunar var liðinn. Áætlun AGS sem lögð var til grundvallar samstarfinu er í grunninn einföld en gerir miklar kröfur til íslenskra stjórnvalda um stefnufestu og ákvarðanir. Í reynd er áætlun AGS aðeins þrjú meginatriði, sjálfbær gengis- og peningamálafestna, endurreisn bankakerfis og jafnvægi í ríkisfjármálum. Skilyrði lánaþyrirgreiðslu AGS og einstakra landa sem áætlunina styðja fjárhagslega voru að þessum markmiðum yrði náð á tilteknum tíma og að þeim yrði unnið skipulega með sannfærandi áætlunum. Íslensk stjórnvöld höfðu það verkefni að ákveða hvernig þessum markmiðum yrði náð og leggja fram áætlanir þar um. Áætlanir íslenskra stjórnvalda í ríkisfjármálum og þar með skattamálum voru liður í þessum ferli og eru bakgrunnur þeirrar endurskoðunar á skattkerfinu sem stendur yfir.

Aðgerðaáætlun íslenskar stjórnvalda síðla árs 2008 var hvað ríkisfjármál varðar lítið annað en samþykki á þeim markmiðum sem krafist var af AGS, þ.e. að ná jöfnuði í ríkisfjármálum á tilteknum tíma þ.e. á fjórum árum. Hún fól ekki í sér neinar ákvarðanir um hvernig það yrði gert nema hið sjálfgefna að það yrði gert með lækkuun útgjalda og hækkun skatta. Í ársbyrjun 2009 varð ljóst að meiri halli yrði á ríkissjóði á árinu en stefnt hafði verið að í fjárlögum en ekki var aðhafst og ekki lagðar fram þær áætlanir, sem samstarfið við AGS hafði gert ráð fyrir. Það varð þannig verkefni þeirrar ríkisstjórnar sem tók við í febrúar 2009 að taka ákvarðanir um það hvernig markmiðum efnahagsáætlunarinnar yrði náð.

Jöfnuður í ríkisfjármálum

Í júní 2009 lagði fjármálaráðherra fram á Alþingi „Áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum“ þar sem gerð var grein fyrir þeim markmiðum og leiðum sem ríkisstjórnin hafði ákveðið í ríkisfjármálum. Í áætluninni eru fest í sessi þau meginmarkmið sem fólust í samstarfsáætluninni með AGS og gerð grein fyrir tímasettri áætlun um breytingar á útgjaldahlíð og tekjuhlíð ríkissjóðs til ársins 2013. Auk talnalegra markmiða og áætlana var greint frá helstu leiðarljósum við fyrirhugaðar breytingar á gjöldum og tekjum. Samkvæmt þessari áætlun voru meginmarkmiðin að ná jákvæðum frumjöfnuði á árinu 2011 og að heildarjöfnuður yrði jákvæður frá og með 2013, þ.e. skuldir ríkissjóðs færu að lækka. Til þess að gera sér grein fyrir hversu risavaxið þetta verkefni er þarf að hafa í huga að við gerð þessarar áætlunar stefndi í að halli á ríkissjóði á árinu 2009 yrði allt að 15% af VLF, sem samsvaraði um 200 mia. kr. Áætlunin miðaðist því við að snúa þeim halla í 30 – 50 mia. kr. tekjuafgang á 4 árum.

Aðalástæðurnar fyrir þessum mikla halla voru þrjár. Í fyrsta lagi höfðu frumgjöld ríkissjóða hækkað úr 28-29% af VLF á árunum fyrir hrun í um 33% á árinu 2009 að hluta vegna aukinna atvinnuleysisbóta en einnig vegna útgjaldþenslu í fjárlögum 2008 og 2009. Í öðru lagi komu til miklar vaxtagreiðslur af nýjum skuldum ríkissjóðs vegna yfirtöku á skuldum Seðlabankans og lánnum, sem taka þurfti til að mæta halla á ríkissjóði. Vaxtagreiðslur ríkissjóðs hækkuðu úr um 2% af VLF í 5-6%. Í þriðja lagi féllu tekjur ríkissjóðs mikið vegna samdráttar í efnahagslífinu. Frumtekjur ríkissjóðs höfðu á árunum fyrir 2008 verið um 33% af VLF en stefndu í að lækka um ca 7% af VLF til ársins 2009.

Í áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum var gert ráð fyrir að afkomumarkmiðunum yrði náð með blöndu af niðurskurði og öflun tekna. Upphaflega var gert ráð fyrir að þunginn skiptist nokkuð til helminga milli niðurskurðar og tekjuöflunar en vegna þrýstings frá Samtökum atvinnulífsins við gerð hins svokallaða stöðugleikasáttmála á árinu 2009 var ákveðið að leggja nokkuð meiri þunga á niðurskurð en tekjuöflun. Bendir ýmislegt til þess nú að þessi frávik hafi verið óheppileg ákvörðun og dregið um of úr umsvifum í efnahagslífinu. Í áætluninni er gert ráð fyrir að skatttekjur ríkissjóðs muni aukast með beinum aðgerðum og vegna áhrifa af bættu efnahagsástandi þar til þær næðu því að verða álíka hlutfall af VLF og þær voru fyrir hrun. Markmiðið var að koma heildartekjuöflun ríkisins í sama horf og verið hafði fyrir hrunið en lækkuun útgjalda átti hins vegar að leiða til þess að skapa rými fyrir hin auknu vaxtagjöld og síðan að skapa afgang til að greiða niður skuldir.

Breytingar á skattkerfinu

Auk þess að afla nægra tekna var í áætlun ríkisstjórnarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum lögð áhersla á skilvirkt og réttlátt skattkerfi sem miðist við jafnræði í skattlagningu, sanngirni í dreifingu skattbyrði, hlutleysi í efnahagslegu tilliti og að það sé einfalt og gagnsætt. Það skyldi stuðla að jöfnun á tekju-dreifingu, styðja við félagsleg markmið og styrkja félagslegt öryggi, tryggja þjóðinni sem mesta hlutdeild í arði af auðlindum hennar, vinna gegn markaðsbrestum m.a. í umhverfismálum og styðja við markmið í heilbrigðis- menningarmálum. Í þeim breytingum sem gerðar voru á skattkerfinu á árunum fyrir hrun og reyndar allt frá miðjum níunda áratugnum hafði félagslegum sjónarmiðum, jafnræði og samræmi verið þokað til hliðar og meira lagt upp úr að ívilna einstökum hópum skattborgara með ýmsar kreddukenningar að leiðarljósi.

Fyrstu breytingar á skattkerfinu í samræmi við þessa stefnu-mótun voru gerðar á miðju ári 2009. Ýmis neyslugjöld, sem ákveðin eru með fastri krónutölu og dregist höfðu verulega aftur úr verðlagsþróun vegna mikillar verðbólgu frá árinu 2008 voru hækkuð nokkuð auk þess sem lagður var á tímabundinn viðbótarskattur á háar fjármagnstekjur og almennar tekjur. Haustið 2009 var haldið áfram á sömu braut og hinir tíma-bundnu skattar felldir inn í skattkerfið m.a. með þrískiptingu skattstigans fyrir almennar tekjur auk þess sem að tekinn var upp auðlegðarskattur, þ.e. eignarskattur á mjög miklar eignir. Þá var efra þrep virðisaukaskatts hækkað um 1% og tekinn upp orkuskattur með það að markmiði að auka nokkuð hlut landsins í afrakstri af orkuauðlindum þess sem farið hafði minnkandi vegna sérsamninga og breytinga á skattkerfinu á síðustu árum. Tryggingagjaldið var hækkað með það fyrir augum að það stæði að mestu undir auknum útgjöldum vegna atvinnuleysisbóta.

Við álagningu skatta á árinu 2010 kom fram að breyttar áherslur höfðu skilað sér. Það sýndi sig þá að tekjuskattar og auðlegðarskattur voru samtals lægra hlutfall tekna, þ.e. skattbyrðin var lægri, hjá 60-70% gjaldenda en nokkuð hærri hjá 30-40% með hærri tekjur þó munurinn væri ekki verulegur nema hjá innan við 5% hinna tekjuhæstu. Var þetta mikil breyt-

ing frá þeirri þróun sem verið hafði síðustu 15 ár þegar skattbyrði hækkaði stöðugt í lægri hluta tekjuskalans en lítið eða ekkert í efri hluta hans. Búast má við frekari þróun í þessa átt þegar áhrif breytinganna frá haustinu 2009 eru að fullu komin fram.

Starfshópur um uppbyggingu skattkerfisins

Í apríl 2009 skipaði fjármálaráðherra starfshópur til að undirbúa frekari breytingar á skattalögum í samræmi við þá stefnu sem mótuð hafði verið. Í skipunarbréfi hans er getið helstu viðhorfa sem leggja skal til grundvallar endurskoðun á skattkerfinu. Tílefni endurskoðunarinnar sé annars vegar nauðsyn á styrkri fjáröflun hins opinbera til að ná markmiðum um jöfnuð í ríkisfjármálum á næstu árum og hins vegar ætti að móta skattkerfið að markmiðum stjórnvalda í samfélagslegum málefnum, umhverfismálum og efnahagsmálum almennt.

Í sérstöku erindisbréfi fjármálaráðherra til starfshópsins er gerð nánari grein fyrir verkefnum hans, markmiðum og forsendum. Þar kemur fram að starfshópnum er ekki ætluð heildarendurskoðun á skattalögum sem slíkum heldur að leggja mat á hvort ákvæði þeirra séu í samræmi við þau efnislegu markmið sem lagt er upp með og gera eftir atvikum tillögur um breytingar. Ekki er gert ráð fyrir að starfshópurinn fari í viðamikla frumvinnu og upplýsingaöflun en byggji starf sitt á þeim gögnum sem fyrir liggja, innlendum sem erlendum. Á síðustu árum hafa farið fram ýmsar athuganir sem eiga að nýtast í vinnu þessari m. a. úttekt á skattkerfinu, sem gerð var af nefnd á vegum fjármálaráðuneytisins 2007, skýrsla starfshóps um skattlagningu ökutækja og eldsneytis frá 2008 o.fl. Þá liggja fyrir ýmsar erlendar athuganir á skattamálum, sem fjalla um almenn grundvallaratriði skattlagningar svo sem norsk skýrsla, NOU 2003:9 Skatteudvalget; Forslag til endringer i skattesystemet, skýrslur Mirrlees nefndarinnar um skattamál í Stóra-Bretlandi svo og fjölmörg rit OECD og AGS um skattamál. Þá skyldi hópurinn taka mið af tillögum frá sérfræðingahópi á vegum AGS, sem gert hafð úttekt á íslenska skattkerfinu að beiðni fjármálaráðuneytisins. Skýrsla hans barst skömmu eftir að hópurinn hófst handa.

Í erindisbréfinu kemur fram að meginmarkmið tekju- og skattastefnu sé að skattkerfið aflí tekna í nægjanlegum mæli fyrir hið opinbera, stuðli að jöfnuði lífsskilyrða og hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta og auðlinda. Með það að leiðarljósi skyldi starfshópurinn m.a. fjalla um samsetning skattaflórunnar og alla meginflokka skatta svo og skipan skattlagningar og skiptingu skatttekna milli ríkis og sveitarfélaga. Meðal tilgreindra athugunarefna eru tekju- og eignaskattar, skattar á vöru og þjónustu, umferðatengdir skattar, umhverfisskattar og auðlindaskattar.

Starfshópnum er ætlað að skila niðurstöðum í tvennu lagi. Í fyrri hluta skýrslunnar átti að fjalla um almenn atriði og fræðileg sjónarmið m.a. úr ritum alþjóðlegra stofnana og fræðimanna. Sá hluti skýrslunnar svo og ábendingar og hugmyndir um fjáröflun á árinu 2011 í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um tekjuöflun á því ári var lagður fram í september sl. og er hann aðgengilegur á heimasíðu fjármálaráðuneytisins. Í síðari hlut-

anum á starfshópurinn að setja fram tillögur um frekari breytingar sem byggjast á þeim almennu niðurstöðum sem fjallað hefur verið um í fyrri hlutum og þeim áherslum sem fram koma í erindisbréfi hans.

Fram kemur í erindisbréfinu að hópnum er ætlað að endurskoða sem flesta af skattstofnum ríkisins. Hann á ekki að meta tekjuþörf ríkisins og getur lagt til hvort heldur sem er hækkunar eða lækkunar á sköttum með hliðsjón af eðlilegri uppbyggingu skattkerfisins. Þörf ríkisins fyrir tekjur ræðst af ákvörðunum stjórnvalda um ríkisútgjöld og þær ákvarðanir munu móta og ákveða umfang nauðsynlegra skattheimtu á hverjum tíma.

Starfshópurinn hefur farið yfir efni skýrslna og athugana á íslenska skattkerfinu svo og stöðu og þróun og framtíðarviðhorf annarra þjóða og alþjóðlegra stofnana. Mat starfshópsins er að grunngerð íslenska skattkerfisins sé sterk. Almennt séu skattstofnar breiðir og skattlutföll lág, undanþágur og frávik séu tiltölulega fá og skattareglur einfaldar. Engu að síður sé ástæða til að athuga nánar ýmis atriði og leggja mat á hvort reglur, einkum fráviksreglur þjóni tilgangi sínum og hvað gera má til að auka virkni skattkerfisins m.t.t. þeirra markmiða sem stjórnvöld hafa sett fram. Hann mun á næstu mánuðum kanna nánar einstaka þætti íslenska skattkerfisins m.t.t. þess hvort breytingar á þeim geta orðið til bóta. Í því efni liggja þegar fyrir ýmsar ábendingar meðal annars frá sérfræðingahópi AGS.

Virðisaukaskattur og vörugjöld

Í úttekt AGS er vakin athygli á nokkrum atriðum sem ekki eru hluti af breytingum á árinu 2011. Má þar nefna samræmingu innan VSK kerfisins og einföldun vörugjalda um leið og meintri tekjujöfnun þrepaskipts VSK verði mætt með öðrum hætti. Að skattlagning félaga verði í meira mæli en nú er byggð á reikningsskilareglum og varnir við skattundanskotum verði styrktar með ákvæðum um lágmarkseiginfjármögnun svo og að dregið verði úr fjárfestingahvötum. Breyta megi reglum um reiknað endurgjald, takmarka vaxtabætur við fyrstu íbúðarkaup tekjulágra og einfalda auðlegðarskatt með því að byggja verðmat hans á reikningsskilum. Til aukinnar tekjuöflunar mætti hækka gjöld á eldsneyti. Draga megi úr tryggingagjaldi með minnkandi atvinnuleysi og endurskoða vörugjöld á matvöru þannig að þau miðist við sykur og e.t.v fituinnihald. Þá kemur fram það mat að líklega sé verulegt svigrúm til að auka auðlindagjöld svo og að láta eigi kolefnisgjaldið taka til allrar kolefnisbrennslu og miða það við verðlag losunarheimilda.

Auk þessara hugmynda sem AGS hefur lagt fram til umræðu mun starfshópurinn ræða aðrar hugmyndir sem fram hafa komið eða fram koma síðar á ferlinum. Má nefna breikkun skattskyldusviðs VSK eða eftir atvikum ígildi hennar með sérstakri skattlagningu á starfsemi sem er undanþegin VSK svo sem þekkest í sumum löndum. Í tengslum við samræmingu eða breikkun skattstofns VSK kemur lækkun á hærri þrepinu einnig til skoðunar.

Tekjuskattur og önnur skattlagning

Aðferðir við samræmingu á skattlagningu launatekna og annarra tekna einstaklinga verða skoðaðar svo og tengsl tekjuskatt-



lagningar og auðlegðarskatts. Tenging bótakerfa svo sem bóta almannatrygginga, barnabóta, vaxtabóta og húsaleigubóta við skattkerfið og víxlverkanir þessara kerfa innbyrðis eru einnig meðal viðfangsefna starfshópsins.

Varðandi tekjuskatta félagar verða ræddar hugmyndir sem fram hafa komið um reiknaðan frádrátt vegna ávöxtunar á eigin fé og eins verður fjallað um skattalega stöðu erlendra aðila sem reka starfsemi hér á landi m.a. með tilliti til jafnræðis innlendra og erlendra aðila og til að tryggja að sá virðisauki sem verður til í landinu skili sér inn í íslenska hagkerfið í meira mæli en nú er. Verður það athugað í tengslum við auðlindagjöld og aðra skattalega meðferð auðlindarentu. Þá mun starfshópurinn huga að ýmsum skattareglum m.t.t. skattundanskota og skattasniðgöngu og leggja fram hugmyndir sínar um frekari styrkingu skattframkvæmdar í því efni.

Starfshópnum er ennfremur falið að fjalla um skattlagningu sveitarfélaga að því leyti sem hún tengist skattlagningu ríkisins

svo sem skipting tekjuskatta á milli ríkis og sveitarfélaga og áhrif af fjármagnstekjuskatti og skiptingu tekna í rekstrartekjur og launatekjur á tekjur sveitarfélaga.

Hlutverk starfshópsins er eins og hér hefur komið fram ekki það að gera tillögur um hækkun eða lækkun á sköttum heldur að fjalla um uppbyggingu skattkerfisins þannig að það nýtist best m.t.t. þeirra markmiða sem því eru sett, bæði tekjuöflunar og annarra markmiða, sem því eru sett. Sem viðmiðun er hópnum sett að skatttekjur verði áþekkt hlutfall af vergri landsframléiðslu og þær voru að jafnaði á árunum fyrir bankahrunið og að gera skuli grein fyrir hvar bera ætti niður ef tilefni er til að hafa skatta lægri eða hærri en sú viðmiðun felur í sér.

Indriði H. Þorláksson



Skattbreytingar (frá sjónarhóli endurskoðandans)

Friðgeir Sigurðsson hdl. lögfræðingur hjá PwC

Fyrir nokkru óskaði kynningarnefnd FLE eftir því að ég ritaði grein í FLE blaðið þar sem sjónum yrði beint að skattalaga-breytingum. Þegar ég svo fékk nánari fyrirmæli þá var mér tjáð að efnið ætti að vera skattbreytingar út frá sjónarhóli endurskoðandans. Þarna var mér nokkur vandi á höndum því síðast þegar ég vissi þá var ég ekki endurskoðandi. Við nánari umhugsun þá komst ég samt að þeirri niðurstöðu að það væri kannski enginn meiriháttar glæpur að skrifa þessa grein þar sem ég hef jú verið starfandi í endurskoðunarfyrirtæki í u.þ.b. áratug. Heiti greinarinnar þyrfti þó að breytast en ekki vildi ég endilega sverja af mér öll tengsl við stétt endurskoðenda.

Um fjöllunin hér á eftir, þar sem ég beini sjónum mínum fyrst og fremst að breytingum á tekjuskattslögum, byggir því fyrst og fremst á mínum eigin reynsluheimi, bæði úr núverandi starfi en einnig frá þeirri tíð er ég starfaði innan stjórnsýslunnar.

Tíðar breytingar

Það er kunnara en frá þurfi að segja að það er á fáum sviðum löggjafar þar sem breytingar eru jafn tíðar og á sviði skattamála. Á það jafnt við tekjuskatt, tryggingagjald, virðisaukaskatt, vörugjöld, staðgreiðslulög, o.s.frv. Allt í allt hafa á síðustu 10

árum verið samþykkt og birt 185 lagafrumvörp sem breyta mismunandi skattalögum. Til viðbótar koma svo breytingar á reglugerðum, reglum og auglýsingum en á þessu 10 ára tímabili hafa verið auglýstar í B deild Stjórnartíðinda 780 breytingar á sviði skatta, gjalda og tolla.

Þessar breytingar hafa verið misjafnlega umfangsmiklar, allt frá því að vera einfaldar breytingar s.s. varðandi heiti eða númer lagagreina yfir í flókna og umfangsmiklar breytingar, s.s. upptaka staðgreiðslukerfis 1987 og fjármagnstekjuskatts 1997. Fyrir þá sem hafa lifibrauð sitt af því að veita ráðgjöf á þessu sviði þá er aftur á móti ljóst að menn verða að hafa sig alla við til að fylgjast með þessum stöðugu breytingum.

Breytingar á tekjuskattslögum

Núgildandi tekjuskattslög eru nr. 90/2003 og öðluðust gildi 7. maí það ár. Frá þeim tíma hafa verið samþykkt 34 lagafrumvörp sem fela í sér breytingu á lögum. Þegar grein þessi er rituð liggja fyrir Alþingi þrjú stjórnarfrumvörp til breytinga á tekjuskattslögum. Áformað er að þau verði afgreidd fyrir árslok 2010 og þá munu í allt 37 frumvörp hafa verið samþykkt sem breyta lögum frá 2003.

Í framangreindum 34 breytingalögum hafa verið gerðar 216

breytingar á einstökum ákvæðum tekjuskattlaganna. Í lög-
unum eru nú 154 greinar, að meðtöldum bráðabirgðaákvæðum
og því jafngildir framangreint að hverri grein hafi verið breytt
1,4 sinnum. Rétt er þó að taka fram að það liggur nærri að
u.þ.b. þriðjungur af breytingunum felur ekki í sér beina efnis-
breytingu og því er kannski réttara að segja að það liggi nærri
að gerðar hafi verið efnisbreytingar á hverri einustu grein í lög-
unum.

Bútasaumsbreytingar

Þó núgildandi tekjuskattslög séu frá árinu 2003 þá byggja þau
á lögum nr. 75/1981 sem aftur byggja á lögum nr. 40/1978. Frá
þeim tíma hafa verið samþykkt 105 frumvörp til breytinga á
tekjuskattslögunum án þess að nokkurn tímann hafi farið fram
heildstæð endurskoðun laganna. Þess í stað er stöðugt verið
að bregðast við atvikum og sjónarmiðum sem upp koma og
sumum ákvæðum hefur verið breytt fram og til baka í sam-
ræmi við tíðarandann hverju sinni. Afleiðing þessa er að það er
ekki fullkomið samræmi í lögunum og of oft hefur það gerst að
tilteknum ákvæðum hefur verið breytt án þess að menn geri
sér fullkomlega grein fyrir hvaða áhrif það hefur á önnur ákvæði
laganna.

Það er mat undirritaðs að gagnger endurskoðun tekjuskatts-
laganna sé löngu tímabær. Þá er einnig löngu tímabært að ljúka
endurskoðun reglugerðar um tekjuskatt. Núgildandi reglugerð
er nr. 245/1963 en hún er að stórum hluta fallin úr gildi sökum
breytinga sem gerðar hafa verið á tekjuskattslögunum. Með
reglugerð nr. 483/1994 voru endurskoðaðir og breytt tilteknir
hlutar reglugerðarinnar frá 1963. Til stóð að halda áfram endur-
skoðun á þeim hlutum sem eftir stóðu en þeirri vinnu var aldrei
fram haldið. Er það miður.

Breytingar sem ráðast af sérhagsmunum

Undirritaður telur sig af biturri reynslu geta gagnrýnt stjórnvöld
fyrir framangreindar bútasaumsbreytingar og skort á heild-
stæðri endurskoðun laganna.

Á sama máta telur undirritaður að gagnrýna megi ýmsa
hagsmunaaðila og eftir atvikum ráðgjafa. Á undanföllum árum
hefur það verið nokkuð áberandi að hagsmunaaðilar hafa náð
að sannfæra stjórnvöld um að mikilvægi tiltekinna breytinga á
skattalögum eða jafnvel mikilvægi þess að gera ekki breyt-
ingar sem skattyfirvöld hafa talið nauðsynleg. Þetta hefur í
raun leitt til sama ágalla á skattalögum og nefnt var hér að
framan, þ.e. að ekki er fullt samræmi í löggjöfinni.

Því miður er það svo að það er oft á tíðum líkt og tveir and-
stæðingar séu að takast á þegar kemur að umræðu um endur-
skoðun skattalaga, þ.e. annarsvegar þeir sem eru að gæta
hagsmuna gjaldkrefjenda, þ.e. ríkis og sveitarfélaga og hinir
sem eru að gæta hagsmuna gjaldenda. Þessi stöðuga tog-
streita hefur að mati undirritaðs leitt til gagnkvæms vantrausts
sem hefur komið í veg fyrir eðlilegt samráð og samvinnu. Út úr
þessu verðum við að brjótast og einsetja okkur að vinna sam-
eiginlega að því að betrubæta skattalöggjöfina til heilla hvoru
tveggja fyrir gjaldkrefjendur og gjaldendur.

Mistök við lagasetningu

Það má segja að það sé óhjákvæmileg afleiðing þess mikla
fjölda breytinga sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan
að mistök eigi sér stað við lagasetninguna. Með mistökum í
þessu sambandi er ekki átt við að efnisregla sé óeðlileg eða
röng heldur hitt að inntak lagaákvæðis hafi hreinlega orðið
annað heldur en áformað var. Í gildistíð laga nr. 90/2003 hefur
að minnsta kosti átta sinnum þurft að breyta áður samþykktum
breytingum með þeirri skýringu að mistök hafi átt sér stað við
lagasetninguna. Svipaður fjöldi breytinga hefur verið gerður
með þeirri skýringu að menn hafi ekki séð fyrir áhrif og tengsl
breytinganna við önnur ákvæði laganna. Í nýjasta frumvarpinu
sem liggur fyrir Alþingi og felur í sér breytingu á tekjuskattslög-
unum (Þskj. 380 – 313. þingmál, 139. löggjafarþing 2010-211)
er að finna útskýringar við fjórar greinar sem ekki verða skýrðar
öðru vísi en að verið sé að leiðrétta mistök eða að menn hafi
ekki séð fyrir afleiðingar þeirra breytinga sem áður höfðu verið
samþykktar.

Í öðrum tilvikum hefur tekist að koma í veg fyrir mistök með
því að gera breytingar á frumvörpum í meðförum Alþingis.
Eitt nýjasta dæmið í þeim efnum er t.d. frá síðasta ári þegar
lagt var fram stjórnarfrumvarp er gerði ráð fyrir álagningu auð-
legðarskatts á árinu 2010. Samkvæmt frumvarpinu var gert ráð
fyrir að einstaklingar þyrftu við skil á skattframtölum vorið 2010
að gera grein fyrir hlutdeild sinni í skattalegu bókfærðu eigin fé
hlutafélaglaga sem þeir eiga eignarhlut í. Um algjöran ómöguleika
var hins vegar að ræða þar sem upplýsingar um þetta
skattalega bókfærða eigið fé lágu almennt ekki fyrir þegar ein-
staklingarnir þyrftu að skila framtölum sínum. Ákvæðinu var
því breytt í meðförum Alþingis. Hins vegar var sama áskilnaði
haldið inni varðandi framtalsgerð lögaðila á árinu 2010 þrátt
fyrir að sami ómöguleiki væri til staðar hjá þeim eins og hjá
einstaklingunum.

Vanda ber til verka

Það er mat undirritaðs að mjög skorti á að nægjanlega sé
vandað til verka við undirbúning og afgreiðslu lagafrumvarpa
á skattasviðinu.

Frumvörpin eru yfirleitt samin af embættismönnum, í
flestum tilvikum starfsmönnum fjármálaráðuneytis og RSK, án
samráðs við hagsmunaaðila. Gjarnan hefur maður það á tilfinn-
ingunni að málin séu unnin í miklum flýti af starfsmönnum sem
eru störfum hlaðnir. Yfirleitt hvílir mikil leynd yfir innihaldi frum-
varpanna þar til þau eru lögð fram á Alþingi. Á þinginu eru málin
síðan keyrð áfram á miklum hraða þannig að þingmönnum og
hagsmunaaðilum gefst varla gaumur til að melta innihaldið og
koma að eðlilegum athugasemdum eða breytingartillögum.
Gjarnan er ferlið þannig að hagsmunaaðilar fá aðeins örfáa
daga til að gera athugasemdir og síðan gefst mjög naumur tími
til að fara yfir helstu atriði á fundi með viðkomandi fastanefnd,
í flestum tilfellum efnahags- og skattanefnd.



Breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt

Afgreiðslutími í dögum talið	Öll frumvörp frá 2003	Frumvörp 2008 og 2009	Desember frumvörp*
Meðalafgreiðslutími frumvarps	41	34	16
Meðaltími í nefnd	32	26	13
Meðaltal tíma í nefnd eftir að umsagnir bárust	19	14	13
Meðalafgreiðslutími eftir að afgreitt úr nefnd	9	8	3
Meðalfrestur til að senda inn umsögn	12	8	9

* Hér er átt við frumvarp sem gjarnan er lagt fram vegna tekjuöflunar í tengslum við fjárlagagerð. Yfirleitt umfangsmestu árlegu breytingarnar á tekjuskattslögum og iðulega afgreitt í desember sem lög frá Alþingi.

Í töflu kemur fram að meðalafgreiðslutími hefur heldur verið að styttest sem og tími í nefnd eftir að umsagnir hafa borist. Þá er áberandi að frestur fyrir umsagnaraðila hefur verið að styttest. Það sem er þó athyglisverðast er að afgreiðslutími stóru frumvarpana (í töflunni kölluð desemberfrumvörp) er mun skemmri en annarra frumvarpa. Umsagnarfrestur er þar skammur líkt og almennt er en það sem er kannski athyglisverðast er að af síðustu fimm „stóru“ desemberfrumvörpunum þá hafa þrjú þeirra ekki verið send til umsagnaraðila. Slík málsmeðferð er í raun óásættanleg, sérstaklega þegar haft er í huga líkt og nefnt var hér að framan að almennt hafa hagsmunaaðilar ekki fengið að hafa neina aðkomu að þessum frumvörpum áður en þau eru lögð fram á Alþingi. Það ætti í raun að liggja í hlutarins eðli að frumvarp sem inniheldur fleiri og stundum flóknari breytingar heldur en önnur frumvörp ætti að kalla á meiri tíma og vinnu í þinginu, en ekki öfugt.

Þessi skortur á samráði við hagsmunaaðila verður sérstaklega athyglisverður þegar höfð er í huga markmiðssetning stjórnvalda sjálfra. Þannig er í Handbók um undirbúning og frágang lagafrumvarpa frá 2007 sem gefin var út af forsætisráðuneytinu, dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og skrifstofu Alþingis, lögð áhersla á samráð við hagsmunaaðila við undirbúning stjórnarfrumvarpa. Sama kemur fram í ýmsum öðrum gögnum og fyrirmyndum fyrir ráðuneytin nú síðast í reglum um undirbúning og meðferð stjórnarfrumvarpa sem samþykkt voru í ríkisstjórn 10. september 2010. Að mati greinarhöfundar skortir mjög á að þessi sjónarmið séu höfð í heiðri við undirbúning fjármálaráðuneytisins á lagafrumvörpum á skattasviðinu.

Þáttur endurskoðenda

Fáar ef nokkrar stéttir hafa eins mikla aðkomu að skattframtækvæmd og endurskoðendur og þeir sem starfa hjá endurskoðunarfyrtækjum. Það er því mjög miður hve lítið hefur verið leitað til og samráð haft við stétt endurskoðenda við undirbúning og afgreiðslu frumvarpa á skattasviðinu. Vissulega reynir FLE sem og einstakir endurskoðendur og endurskoðunarfyrtækja að koma sínum sjónarmiðum á framfæri við embættismenn og síðar við Alþingi þegar einstök frumvörp

er til afgreiðslu. Mjög mikilvægt er hins vegar að tryggja og koma aðkomu endurskoðenda í markvissari og fastari skorður. Þannig væri æskilegt að koma því á að það væri fastur liður í undirbúningi allra meiriháttar frumvarpa á skattasviðinu að fjármálaráðuneytið óskaði eftir umsögn FLE, lögmannafélagsins og ýmissa annarra hagsmuna- og fagaðila um frumvörp áður en þau eru afgreidd frá stjórnvöldum. Á þessum aðilum hvílir þá sú skylda að vanda málflytning sinn sem verður að byggja á faglegri þekkingu og sjónarmiðum en má ekki einkennast af hagsmunagæslu fyrir einstaka sérhagsmunaaðila. Ef þessa er gætt eru líkur á því að trú og traust stjórnvöldunnar muni vaxa og augu þeirra opnast fyrir því hve mjög aðkoma þessara aðila að undirbúningi lagafrumvarpanna getur styrkt og bætt löggjöf og síðar alla skattframtækvæmd.

Lokaorð

Að mati greinarhöfundar er mörgu ábótavant varðandi lagasetningu á skattasviðinu. Áberandi er hve lögin taka ört breytingum, hve frumvörp eru keyrð hratt áfram eftir að þau eru lögð fram á Alþingi og hve lítið samráð er haft við hagsmunaaðila bæði meðan frumvörp eru í vinnslu í stjórnvöldum og einnig í meðförum Alþingis.

Mikilvægt er að endurskoðendur sem og aðrir aðilar sem hafa atvinnu eða hagsmuni af að ráðskast um skattamál komi fram að heiðarleika og hafi það í huga að það eru fyrst og fremst hagsmunir heildarinnar sem eiga að ráða en ekki sérhagsmunir einstakra aðila eða hópa. Ef þessa er gætt eru líkur á að þeir sem bera ábyrgð á undirbúningi lagafrumvarpa á skattasviðinu muni vilja leita í smiðju endurskoðenda enda ljóst að fáir hafa af eins miklu að miðla í þessum efnum og endurskoðendur og starfsmenn endurskoðunarfyrtækja.

Friðgeir Sigurðsson



Einfaldleiki í skattaframkvæmd

Guðmundur Jóelsson löggiltur endurskoðandi hjá Bókun sf

Ein lítil setning í nýlega útkomnu tímariti RSK, Tíund, hefur æftar upp á síðkastið orðið mér umhugsunarefni og gefið tilefni til samanburðar við raunveruleikann. Þessa setningu er að finna í leiðara ritsins og hljóðar hún svo: „Við alla skattaframkvæmd er mikilvægt að gætt sé að einfaldleika til að tryggja skilvirgni“. Þeir sem svo mæla eru tveir af reyndustu og virtustu skattamönnum landsins, þeir Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri og Sigmundur Stefánsson sviðsstjóri rekstrarsviðs RSK, áður skattstjóri í Reykjanesumdæmi. Hefur oftast en ekki verið lagt við hlustir þegar menn í slíkum „þyngdarflokki“ skattamála tjá sig.

Hvernig rímar svo þessi setning við raunveruleikann í þessum málum í dag? Að mínu mati og margra annarra voru á síðasta ári stigin mörg óheillaspor, einkum í breytingum á lögum um tekjuskatt og staðgreiðsluferfi skatta þar sem í reynd var stokkið áratugi aftur í tímann og löng þróun í framkvæmd skattamála í einu vetfangi færð til fortíðar. Algjör „gleymska“ virtist ríkja um forsendur og þróun, sem tekið hafði áratugi að hrinda í framkvæmd og samhjóða álit ótal ólíkra afli þjóðfélagsins t.d. ASÍ og VSÍ. Í tímariti RSK, Tíund, frá nóvember 1998 er sagt frá aðdraganda upptöku staðgreiðsluferfis skatta áratug fyrr og þar má lesa eftirfarandi: „Náið samráð var haft við fulltrúa atvinnulífsins í landinu um, hvernig tilhögun staðgreiðslu skyldi vera. Allir voru sammála um að nýja skattkerfið okkar ætti að vera einfalt, auðskiljanlegt og aðgengilegt“. Ólíklegt verður að telja að slíkt viðhorf eigi ekki einnig við í dag.

Við skulum hverfa rúma fjóra áratugi aftur í tímann en á þeim tíma var undirritaður að byrja að fást við skattamál. Um langt skeið hafði verið í gangi umræða um nauðsyn þess að móta heilsteypa og sanngjarna skattastefnu. Reyndin var þó allt önnur og framkvæmd skattabreytinga var, vægast sagt, með mjög óskipulegum hætti og undirrót slíkra breytinga oftast aukin tekjuöflun fremur en að markmiðið væri betra skattkerfi. Framkvæmd slíkra breytinga var gjarnan gerð í miklu tímahraki undir lok árs, lítt eða ekkert hirt um framkvæmdahlíð máls hvað þá að huga að því að illa tímasettar breytingar kölluðu á mikinn fórnarkostnað. Í erindi, sem Indriði H. Þorláksson, þá skrifstofustjóri fjármálaráðuneytisins, flutti á skattadegi F.L.E. í janúar 1993, fjallaði hann um þessa hluti á eftirminnilegan hátt. Erindi þetta birtist í tímariti löggiltra endurskoðenda, Álit 2. tbl. 1993 þar sem hann segir m.a.:

Efnahagsráðstafanir eru fyrirbæri sem ganga núorðið yfir landið með reglulegum hætti ekki síður en lægðirnar sem flytja okkur ýmist hlýja loftstrauma og regnskúri sunnan úr Mexíkóflóa eða köld hriðarél norðan úr

Dumbshafi. Tíðni þessara fyrirbæra virðist fara vaxandi og sýnist sem að oft þurfi ekki mikið til að koma slíkum lægðagangi af stað. Pólitísk skjálftavirkni, forystukreppa á vinnumarkaði og óstjórn í atvinnurekstri virðist leita út í ráðstafanagleði þar sem stundum er skotið langt yfir markið og þá oft gripið til ráðstafana, sem hafa lítil tengsl við þann vanda sem raunverulega er við að glíma, eru oftast en ekki vanhugsaðar og illa undirbúnar, missa marks eða valda meira tjóni en bót þegar upp er staðið.

Litlu síðar í greininni stendur:

Krísupakkasmiðir úti um allan bæ sitja með sveittan skallann dag og nótt í nokkrar vikur við það að yfirbjóða hver annan með hugmyndum um skattabreytingar. Þær enda svo á borði ríkisstjórnar og Alþingis nánast sem úrslitakostir sem framkvæmdavaldinu er gert að taka eða hafna og lítt hirt um löggjafarvaldið, sem fær það hlutverk eitt að lögfesta ákvörðun þeirra sem valdið hafa. Vegna skorts á öguðum vinnubrögðum í stjórnsýslu og ómarkvissrar stefnumótunar pólitísku flokkanna hljóta þessar tillögur litla sem enga efnislega meðferð og má þakka fyrir ef takast má að skera úr þökkunum verstu ambögurnar. Engan þarf að undra að með þessum vinnubrögðum gangi seint að móta heilsteyp og markvisst skattkerfi. Niðurstaða þeirra getur ekki orðið annað en illa bætt flík. Það er aðvelst að líta til baka og benda á þær mislitu bætur sem settar hafa verið á skattkerfið með þessum eða áþekktum hætti á undanförunum árum þó sem betur fer hafi einnig ýmislegt jákvætt áunnist. Ég ætla þó ekki að gera það hér en mun síðar í máli mínu benda á eitt og annað af þessu tagi. Það sem ég vil undirstrika er það að við erum á hálum ís í þessu efni. Skilyrði þess að hér verði haldið áfram að þróa vitrænt skattkerfi er að við gefum okkur tíma og leggjum á okkur það ómak að hugsa og undirbúa þær breytingar sem gera þarf á skattkerfinu til að það standist þær kröfur sem gera verður til þess og uppfylli þau markmið sem því eru sett. Til þess að svo verði er óhjákvæmilegt að losa umfjöllun um skattamál úr herkví krísupakka, dægurmálalausna, fjárlagagerðar og kjarasamninga.

Síðar í greininni fjallar Indriði um breytingar á virðisaukaskatti og þar er m.a. eftirfarandi að finna:

Stærsti óvissuþáttur breytinganna er það að innleiða



tveggja þrepa skattkerfi. Um ókosti slíks kerfis í samanburði við kerfi með einu þrepi þarf ekki að fjölyrða. Sú reynsla sem fengin er hér með einföldu kerfi undirstrikar þá kosti mjög glögg. Stór hætta er á því að það fordæmi sem gefið hefur verið muni opna leiðir fyrir fleiri og fleiri undanþágur frá almenna hlutfallinu.

Því miður virðist það blasa við að þær fjölmörgu breytingar, sem gerðar voru, einkum á tekjuskatts- og staðgreiðslulögum í fyrra og í ár, hafi einmitt verið með þeim formerkjum, sem svo sterklega voru gagnrýndar í ofangreindu erindi. Einhverra hluta vegna gengur það illa upp í mínum huga að sá sem þetta ritaði á sínum tíma, skuli hafa verið meðal mestu áhrifamanna í „uppfinningum“ á mörgum þeim breytingum sem framkvæmdar hafa verið. Breytingar, sem auka flækjustig, draga úr gegnsæi

og færa okkur aftur til fortíðar. Ótal vandkvæði og vafamál hafa síðan stöðugt verið að skjóta upp kollinum í umræðu meðal þeirra sem fást við skattamál varðandi framkvæmd margra þessara breytinga og á fæstar þeirra er farið að reyna enn í reynd. Vinnustundafjöldinn, sem vegna alls þessa á eftir að fara í tilgangslítið karp, á án nokkurs vafa eftir að verða ómældur með tilheyrandi fórnarkostnaði sem hvergi er tekinn með í forsendum um þann tekjuauka, sem breytingarnar eiga að skila.

Enn og aftur koma upp í hugann orð Skúla Eggerts og Sigmundar: „Við alla skattaframkvæmd er mikilvægt að gætt sé að einfaldleika til að tryggja skilvirkni“.

Guðmundur Jónsson



Afmælisveisla í tilefni af 75 ára afmæli FLE

Hrefna Gunnarsdóttir löggiltur endurskoðandi hjá Ernst & Young

Miðbær Reykjavíkur skartaði sínu fegursta föstudaginn 16. júlí 2010. Á Austurvelli ómaði tónlist frá götuhátíð Jafningjafraeðslunnar, þar sem vegfarendum var boðið upp á ýmis leik- og skemmtiatriði í verðurblíðunni. Í veitingasal innan veggja Hótels Borgar var andrúmsloftið hins vegar hátíðlegra, þar sem endurskoðendur fögnuðu 75 ára afmæli Félags lög-giltra endurskoðenda. Ákvörðun um stofnun félagsins var tekin á fundi nokkurra endurskoðenda á Hótel Borg og var félagið stofnað 16. júlí árið 1935 á skrifstofu Nielsar Manscher. Stofnendur voru átta og var Björn E. Árnason kjörinn fyrsti formaður félagsins.

Þórir Ólafsson, formaður FLE, flutti ávarp. Boðið var upp á kaffi og meðlæti undir ljúfum tónum sem Hjörtur Guðbjartsson, píanóleikari og Gunnar M. Blöndal, bassaleikari, löðuðu fram. Gestum gafst jafnframt tækifæri til að fletta glæsilegu afmælisblaði FLE sem kynningarnefnd hafði unnið og gefið var út á afmælisdaginn.

Af þessu tilefni voru núlifandi fyrrum formenn FLE heiðraðir fyrir störf sín í þágu félagsins og sæmdir gullmerki þess.

Núlifandi fyrrverandi formenn FLE eru:

1.	Bjarni Bjarnason	1968-1970
2.	Atli Hauksson	1973-1975
3.	Geir Geirsson	1975-1977
4.	Ólafur Nilsson	1977-1979
5.	Kristinn Sigtryggsson	1979-1981
6.	Sigurður Tómasson	1981-1983
7.	Þorvaldur K. Þorsteinsson	1983-1985
8.	Helgi V. Jónsson	1987-1989
9.	Árni Tómasson	1989-1991
10.	Rúnar B. Jóhannsson	1991-1993
11.	Þorsteinn Haraldsson	1993-1995
12.	Tryggvi Jónsson	1995-1997
13.	Þorvarður Gunnarsson	1997-1999
14.	Símon Á. Gunnarsson	1999-2001
15.	Guðmundur Snorrason	2001-2003
16.	Sigurður B. Arnþórsson	2003-2005
17.	Lárus Finnbogason	2005-2007
18.	Margret G. Flóvenz	2007-2009

Sjá myndir á næstu síðu



Sautján af átján núlifandi fyrrverandi formönnum FLE voru mættir á Hótel Borg.



Afmælisgestir í góðu yfirlæti á Hótel Borg.



Formaðurinn spjallar við veislugesti.



Þórir og Margrét taka á móti gestum.

Ljósmyndir: Bragi Þór Jósefsson.

Afmælisráðstefnan

Meðal ræðumanna 24. sept. 2010, á 75 ára afmælisráðstefnu Félags löggiltra endurskoðanda var Göran Tidström verðandi forseti IFAC, Alþjóðasambands löggiltra endurskoðanda. Innan samtakanna eru 2,5 milljónir löggiltra endurskoðanda í 120 löndum. Í erindi sínu fjallaði Göran um þær ógnir og tækifæri sem steðja að stétt endurskoðanda um þessar mundir og spurði meðal annars hvort kenna mætti endurskoðendum um alþjóðlegu fjármálakreppuna. Þeirri spurningu svaraði hann afdráttarlaust neitandi en bætti því hins vegar við að endurskoðendur hefðu ekki risið undir þeim væntingum sem gerðar hefðu verið til þeirra. Hann sagði mikilvægt að brúa það bil sem væri milli væntinganna sem almenningur gerir til endurskoðanda og þeirra starfa sem endurskoðendur í raun og veru sinna. Það gerðu endurskoðendur best með því að svara þeim erfiðu spurningum sem nú eru bornar fram um gæði endurskoðunar og reikningsskila. Hann sagði það einstaka reynslu

fyrir sig að hafa tækifæri til að hitta á einum stað jafn marga fulltrúa stéttarinnar eins og hér á Íslandi þar sem um helmingur stéttarinnar var mættur á afmælisráðstefnuna.

Dómstóll götunnar

Þórir Ólafsson formaður Félags löggiltra endurskoðanda gerði að umtalsefni þá hörðu og oft á tíðum órökstuddu gagnrýni sem endurskoðendur hefðu mátt sæta í almennri umræðu hér á landi undanfarin misseri. Hann sagði fjölmiðla ala um of á hefndarumræðu dómstóls götunnar. Hann sagði endurskoðendur ekki skorast undan gagnrýni en umræða um störf þeirra þyrfti að byggja á staðreyndum og málefnalegum rökum. „Hlutverk fréttamannsins er að leita upp staðreyndir með gagnrýnu hugarfari, sannreyna þær og veita þeim trúverðugleika með viðtölum við þá sem til þekkja og færa samfélaginu á hlutlausan hátt. Þannig öðlast fjölmiðlun stöðu sína sem fjórða



Þorvarður Gunnarsson.



Göran Tidström.



Gylfi Magnússon.



Símon Á. Gunnarsson.

Ljósmyndir: Geir Ólafsson.

valdið í samfélaginu og fjölmiðlafólk þarf að umgangast það vald af virðingu og heilindum,” sagði Þórir meðal annars í erindi sínu.

Hamfarir vekja spurningar

Gylfi Magnússon fyrrum efnahags- og viðskiptaráðherra sagði að eitt af því sem þyrfti að skýra með einum eða öðrum hætti væri hvernig stóð á því að sú mynd sem dregin var upp af rekstri og efnahag fjölmargra íslenskra fyrirtækja á undanförunum árum, meðal annars í ársreikningum þeirra, reynist nú hafa verið röng í grundvallaratriðum. Þegar á reyndi hafi gríðarlegar eignir, eigið fé og hagnaður horfið eins og döggi fyrir sólu. Gylfi sagði slíkar hamfarir óhjákvæmilega vekja margar spurningar. Svör við sumum viti menn nú þegar, þökk sé skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, en öðrum sé enn ósvarað.

Sú hlið sem snýr að þeim sem útbúa ársreikninga og skyld gögn eins og árschlutareikninga sagði hann að miklu leyti ókannaða en að það muni að einhverju leyti koma í hlut réttarkerfisins í einkamálum og jafnvel í sakamálum að leiða í ljós, hvort og þá í hvaða tilfellum lög og reglur voru brotnar. Það ferli muni fyrirsjáanlega taka langan tíma og væntanlega einnig varpa ljósi á það að hve miklu leyti reglum sem farið var eftir, var ábótavant.

Gylfi sagði að eitt af síðustu verkum sínum sem viðskiptaráðherra hafi verið að skipa nefnd til að fara yfir nógildandi lög

um endurskoðendur. Nefndinni er meðal annars ætlað hafa til hliðsjónar þau atriði sem lúta að endurskoðendum og sem hefðu mátt betur fara í aðdraganda hruns viðskiptabankanna.

Ekki þörf fyrir kennslu í tveimur háskólum

Þorvarður Gunnarsson endurskoðandi fjallaði um þá miklu þróun sem orðið hefur innan fagsins undanfarna áratugi. Í máli hans kom fram að frá upphafi hafa um 430 einstaklingar fengið löggildingu sem endurskoðendur, 349 karlar og 81 kona. Hann sagði að með meiri menntunarkröfum, stækkun fyrirtækja og aukinni alþjóðavæðingu hefði fagið tekið stakkaskiptum. Áherslur í náminu hafi breyst og nú séu útskrifaðir endurskoðendur en ekki bara reikningshaldarar eins og vildi brenna við áður fyrr. Þorvarður velti því hins vegar fyrir sér hvort ástæða sé til að kenna endurskoðun í tveimur háskólum í Reykjavík sem eru bæði í samkeppni um nemendur og kennara. Hann sagðist efast um að það væri nægilegt framboð af nemendum til að halda uppi námi í tveimur skólum og einnig væru ekki nægilega margir hæfir einstaklingar með framhaldsmenntun í faginu og starfsreynslu til að annast kennsluna. Þetta hlyti því að koma niður á gæðum kennslunnar og kostnaður við námið yrði meiri en ella vegna þess að það þyrfti að sækja dýra kennara til útlanda.



Margret G. Flóvenz, Hans van Damme og Erik Bjarnason.

Hrunið hannað af endurskoðendum og lögfræðingum?

Margret G. Flóvens sagði að allt frá bankahruni hafi menn beint spjótum sínum mjög að stétt endurskoðenda og sakað þá um að vera meðverkamenn í þeim atburðum sem leiddu til hrunsins. Viðmælendur fjölmiðla hafi meðal annars haldið því fram að endurskoðendur hafi verið aðal hugmyndafræðingar og ráðgjafar við alls kyns vafasama gerninga. Vinsælir álitsgjafar fjölmiðla hafi jafnvel fullyrt að hrunið hafi verið atburðarás sem hönnuð hafi verið af endurskoðendum og lögfræðingum.

Hún sagði að sér virtist umfjöllun í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis vönduð og vel ígrunduð þó eflaust megi deila um sitthvað í niðurstöðunum. Nefndin hafi ekki fallið í þá gryfju að alhæfa um þátt endurskoðenda í hruninu eða að ætla þeim að hafa verið hluta af því ákvörðunarferli sem leiddi til falls bankanna. Margret sagði hins vegar að það kvæði við annan tón í niðurstöðum þingmannanefndar sem falið var að fara yfir skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Þingmannanefndin hafi gengið mun lengra í að fella dóma en rannsóknarnefndin. Rannsóknarnefndin hafi sagt það álit sitt að skort hafi á að endurskoðendur bankanna sinntu nægilega vel skyldum sínum við endurskoðun tiltekinna atriða og að skýrslugerð þeirra hafi verið ábótavant. Þingmannanefndin hafi hins vegar fullyrt að ytri endurskoðendur hafi brugðist eftirlitsskyldu sinni og beri mikla ábyrgð á því að slæmir viðskiptahættir bankanna og vanvirðing við reglur hafi fengið að viðgangast jafn lengi og raun bar vitni. Þetta sagði Margret mjög alvarlegar ásakanir ekki síst í ljósi þess að enn hafi engin rannsókn farið fram á störfum endurskoðenda bankanna. Vera megi að slík vinna sé hafin hjá sérstökum saksóknara en eftir því sem hún vissi best hafi hvorki verið kallað eftir vinnugögnum endurskoðendanna né þeir kallaðir til yfirheyrslu. Því sé langt frá því að niðurstaða liggja fyrir um að endurskoðendur hafi brugðist skyldum sínum.

Margret sagði trúnaðarþrest í samfélaginu stærstu meinsemdina sem nú væri við að etja og að það hjálpaði ekki að þingmenn eða aðrir í ábyrgðarstöðum ýttu undir úlfúð og tortryggni með illa rökstuddum fullyrðingum. „Það að setja heila stétt undir einn hatt og gefa í skyn eða beinlínis halda því fram að endurskoðendur séu óheiðarlegir og sinni ekki starfi sínu er ekkert annað en níð,“ sagði Margret Flóvens.

Skýrsla Evrópuráðsins

Í erindi sínu gerði Hans van Damme forseti Evrópusamtaka lögglitra endurskoðenda meðal annars að umtalsefni þau verkefni sem blasa við endurskoðendum í breyttu umhverfi. Hann sagði endurskoðendur þurfa að vera vel á verði gagnvart skýrslu sem nú er í smíðum á vegum Evrópuráðsins og sem fjalla mun um hlutverk endurskoðenda og eftirlit með störfum þeirra. Lítið er vitað um innihald skýrslunnar en búist er við að í henni verði fjallað um helstu álitamál sem uppi hafa verið um störf endurskoðenda undanfarin ár og gerðar tillögur um breytingar á löggjöf um endurskoðun. Að sögn Hans van Damme er búist við að skýrslan verði send út til umsagnar um miðjan október og að þá verði gefinn tveggja vikna frestur til að gera athugasemdafresti. Þennan frest sagði Hans van Damme að menn þyrftu að nýta vel. „Samtök okkar þurfa að búa sig undir að taka þátt í snarpi umræðu um þessi mál þann stutta tíma sem gefin verður en okkur hefur verið ráðlagt að vera búin undir breytingar og að hlutirnir verði ekki eins og þeir voru áður,“ sagði Hans van Damme.

Bókhaldi úthýst til Kína

Erik Bjarnason endurskoðandi fjallaði um það sem framundan er. Hann sagði að með innleiðingu alþjóðlegrar endurskoðunarstaðla, auknum kröfum um menntun, nýjum siðareglum og tilkomu ytra eftirlits með störfum endurskoðenda hafi orðið umtalsverðar breytingar á vinnuumhverfi endurskoðenda. Hann sagði endurskoðendur standa á tímamótum og að það sem helst muni hafa áhrif á störf þeirra séu þær ytri væntingar sem til þeirra eru gerðar ásamt tækniframförum og alþjóðavæðingu. Væntingabil sem ekki hafi tekist að brúa hafi leitt til aukins ytra eftirlits sem aftur muni hafa talsverð áhrif einkum hjá smærri stofum.

Erik telur að aukin þörf muni verða á staðfestingum endurskoðenda á öðrum upplýsingum en beinum fjárhagsupplýsingum, t.d. á virkni innra eftirlits. Tækniframfarir munu leiða til aukinnar notkunar á tölvuaðstoðuðum endurskoðunaraðgerðum. Erik telur að aukin alþjóðavæðing muni kalla á að endurskoðendur þurfi í auknum mæli að sérhæfa sig á tilteknum sviðum innan þeirrar þjónustu sem stofnarnar veita. Þá telur hann að búast megi við tilflutningi á þekkingarstörfum til landa sem bjóða ódýrara vinnuafl. Hann segir að bókhaldsdeildir og fjármálasvið fyrirtækja séu nú þegar byrjuð að færast til landa eins og Kína og Indlands þar sem nóg framboð er af hæfu starfsfólki sem fái töluvert lægri laun en hér. Hann sagði að nú þegar væru dæmi um íslensk fyrirtæki sem hafa úthýst bókhaldsdeildum og vinnslu fjárhagsupplýsinga til slíkra landa. Hann sagði þetta hins vegar vekja spurningu um aðgengi endurskoðanda að þessum sömu fjárhagsupplýsingum og hvernig hagað yrði samskiptum við þá aðila sem eru að vinna með þau gögn sem endurskoðendum er síðan ætlað að endurskoða.

Samantekt frá Athygli, almannatengslum



Gengislánadómar

Herbert Baldursson löggiltur endurskoðandi hjá PwC

Inngangur

Síðastliðið vor og í haust féllu Hæstaréttardómar sem fjölluðu annars vegar um lögmæti gengistryggingar í bílasamningi og hins vegar um það hvaða vaxtakjör eiga að vera á þeim samningum sem dæmdir voru ólöglegir. Niðurstaðan úr þessum Hæstaréttardómum, að gengistrygging sé ólögleg og að breyta eigi vaxtakjörum í framhaldinu, veldur því að upp koma spurningar um meðhöndlun þessara breytingar á lánaskilmálum í reikningsskilum, bæði skuldara og lánveitenda. Hér á eftir eru vangaveltur um þá meðhöndlun, bæði samkvæmt IFRS og samkvæmt íslensku ársreikningalögum.

Gengislánadómarnir

Síðastliðið vor féllu tveir Hæstaréttardómar um bílasamninga vegna bifreiða. Þessir dómar fjölluðu um ólögmæti gengistryggingar á samningum og komust að eftirfarandi niðurstöðu:

- Þessir bílasamningar voru lánasamningur en ekki leigusamningur
- Skuldbindingin í samningunum var í íslenskum krónum en ekki í erlendum gjaldmiðlum
- Gengistrygging í samningunum er ólögmæt

Nú í haust féll síðan dómur í Hæstarétti þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að í þeim tilfellum þegar gengistrygging er dæmd ólögleg, þá eigi lægstu íslensku vextir Seðlabanka að gilda í stað upprunalegra umsaminna vaxta.

Þessir dómar gilda því ekki eingöngu um bílasamninga heldur gefa þeir fordæmi fyrir hvers konar lánasamninga í íslenskum krónum sem voru með hinni ólöglegu gengistryggingu. Að auki er komið fram frumvarp á Alþingi þar sem lagt er til að breyta fasteigna- og bílalanum einstaklinga í erlendri mynt, í íslenskar krónur. Hluti af þeirri umbreytingu er að vextir verða reiknaðir í samræmi við Hæstaréttardóminn, þ.e.a.s. að lægstu íslenskir vextir Seðlabanka gildi.

Áhrif dómanna

Fyrir lánveitendur og lántaka sem eru með bílasamninga og lán sem falla undir þessa dóma og lagafrumvarp tákna þetta að veruleg breyting verður á greiðslustreymi samninganna. Og þá kemur upp spurningin, sem er umfjöllunarefni þessarar greinar, hvornig á að fara með þessa breytingu í reikningsskilum lánveitenda og lántakanda, sem gera upp annars vegar samkvæmt alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum og hins vegar samkvæmt íslensku ársreikningalögum.

Afmörkun umfjöllunar

Til að afmarka umfjöllunina þá er hún um eftirfarandi tegundir samninga þar sem sjóðstreymi breytist verulega vegna gengislánadómanna:

- Bílasamninga sem eru fjármögnunarleigusamningar og
 - leigutaki færir upp skuld
 - leigusali færir upp kröfu
- Lán sem eru
 - útlán hjá lánveitanda
 - skuld hjá lántakanda

Ekki er fjallað um bílasamninga sem eru rekstrarleigusamningur, enda hafa þeir samningar ekki áhrif á efnahagsreikninginn. Ekki er heldur fjallað um áhrif á eignfærslu leigutaka á fastafjármuni samkvæmt fjármögnunarleigusamningi.

Þetta eru því útlán, kröfur og svo skuldir sem breytast, það er að segja lán. Og áhrifin eru þau að höfuðstóll lána eins og hann hefur verið í efnahagsreikningi lánveitenda og lántakanda breytist, stundum verulega, þar sem allar breytingar á höfuðstólum vegna gengisbreytinga ganga til baka. Eftir stendur upprunalegur höfuðstóll í íslenskum krónum að frádregnum greiddum afborgunum. Annað sem breytist er að það eru komnir nýir vextir á þessi lán, vextir sem eru umtalsvert hærrí en samningsvextir.

Þá er spurningin:

Hvornig á að færa þá breytingu sem verður á sjóðstreymi lána, annars vegar samkvæmt IFRS, hins vegar samkvæmt ársreikningalögum?

Og frekari spurningar eru:

1. Telst þetta breyting á reikningshaldslegu mati?
2. Telst þetta skekkja?
3. Er breytingin á lánasamningum/leigusamningnum það mikil breyting að þetta telst nýtt lán?
4. Var þetta rangt skráð í íslenskum reikningsskilum – voru þetta lán með innbyggðri afleiðu skv. IFRS sem þarf að afskrá?

Og af hverju skipta þessa spurningar máli?

Af því að það er hægt að færa leiðréttinguna með tvenns konar hætti, sem er annað hvort í gegn um eigið fé, eða rekstur. Annað atriði sem þarf þá að skoða er hvort leiðréttta þarf reikningsskilin aftur í tímann, eða færast öll breytingin á núverandi tímabil.

Meðhöndlun samkvæmt alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum – IFRS

Ef við skoðum fyrst meðhöndlun samkvæmt alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum, þá snerta þessar spurningar ýmsa staðla.

- Er þetta breyting á reikningshaldslegu mati? → Hér þarf að skoða staðalinn IAS 8 Reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur
- Er þetta skekkja? → Hér þarf aftur að skoða staðalinn IAS 8
- Eru þetta nýir samningar – á að afskrá þá og skrá nýja? → Hér þarf að skoða staðalinn IAS 39 Fjármálagerningar: skráning og mat, vegna útlána og skulda
- Var innbyggð afleiða í þessum samningum? → Hér þarf að skoða staðalinn IAS 39 Fjármálagerningar: Skráning og mat
- Dómurinn fjallaði um leigusamning vegna bifreiðar → Leigusamningar falla undir staðalinn IAS 17 Leigusamningar
- Hann hefur fordæmisgildi fyrir lán með gengistryggingu → Um lán er fjallað í staðlinum IAS 39 Fjármálagerningar: skráning og mat

Reikningshaldslegt mat

Þegar mata á hvort um er að ræða breytingu á reikningshaldslegu mati skv. IFRS þarf að skoða hver skilgreiningin er:

IAS 8 grein 5: „Breyting á reikningshaldslegu mati er leiðrétting á bókfærðu verði eignar eða skuldar, eða fjárhæð reglubundinnar nýtingar eignar, sem verður til vegna mats á núverandi stöðu eigna og skulda og áætluðum framtíðarávinningi og skuldbindingu tengdum þeim.

Breyting á reikningshaldslegu mati verður til vegna nýrra upplýsinga eða nýrrar þróunar og er þess vegna ekki leiðrétting á skekkju.“

Að skilgreina þetta sem breytingu á reikningshaldslegu mati byggist á því að samningar með hinni ólöglegu gengistryggingu hafi verið færðir samkvæmt þeirri trú stjórnenda fyrirtækja, beggja samningsaðila, að þeir væru löglegir. Til frekari rökstuðnings á þeirri trú kemur til að opinberir aðilar gerðu engar athugasemdir við þessa samninga. En síðan gerist það að til koma nýjar upplýsingar með dómum Hæstaréttar og þar með þurfi að breyta bókhaldinu.

Til að ákveða hvort um sé að ræða breytingu á reikningshaldslegu mati þarf í hverju fyrirtæki að skoða hvernig stjórnendur litu á þessa samninga og meta hvert tilvik fyrir sig.

Framsetning í reikningsskilum ef um er að ræða breytingu á reikningshaldslegu mati

Í reikningsskilunum þarf að breyta eigna- og skuldaliðum í samræmi við nýtt mat. Breytinguna á að færa í gegn um rekstrarreikning á tímabilinu eða framtíðartímabilum ef við á. Í skýringum á að skýra frá eðli og upphæð þessara breytinga, bæði fyrir núverandi tímabil og hver áætluð áhrifin eru á framtíðartímabil. Því er breyting á reikningshaldslegu mati tiltölulega einföld,

eignum og skuldum er breytt í samræmi við nýtt mat og fer mismunurinn í gegn um rekstrarreikning.

Skekkja

Í IAS 8, Reikningsskilaaðferðir, breyting á reikningshaldslegu mati og skekkjur, eru skekkjur skilgreindar með eftirfarandi hætti:

„Skekkjur vegna fyrri tímabila eru rangfærslur í reikningsskilum fyrirtækis á fyrri tímabilum vegna þess að ekki voru notaðar, eða þær misnotaðar, áreiðanlegar upplýsingar,

- a) sem voru fyrir hendi þegar reikningsskilin voru gefin út
- b) sem var hægt með góðu móti að ætlast til að hafa verið aflað og notaðar við gerð reikningsskilanna.

Slíkar skekkjur eru til dæmis reikningsskekkjur, mistök við að nota reikningsskilaaðferðir, yfirsjón eða mistúlkun upplýsinga og sviksemi.“

Hvað varðar umfjöllunarefni okkar, þá er hér spurning um tvennt:

1. Voru fyrir hendi áreiðanlegar upplýsingar um efnið, til dæmis lögfræðialit, sem sögðu að gengistrygging lána eins og hún var sett upp í leigusamningum væri ólögleg?
2. Ef fyrir hendi voru áreiðanlegar upplýsingar, til dæmis lögfræðialit, sem sögðu að gengistrygging væri ólögleg, litu stjórnendur fyrirtækja þá fram hjá þeim, viljandi eða óviljandi?

Áreiðanlegar upplýsingar, eins og fjallað var um í skilgreiningunni á skekkju, hefðu þurft að vera fyrir hendi eða hægt að afla þeirra á þeim tíma þegar ársreikningar voru gerðir. Sem dæmi um áreiðanlegar upplýsingar hjá þeim fjármálafyrirtækjum sem veittu svona lán væri að fyrirbyggjandi hefðu verið einróma lögfræðialit sem sögðu að óheimilt væri að veita gengistryggð lán með þessum hætti.

Bílasamningar virðast hafa verið gerðir í góðri trú um lögmæti þeirra samkvæmt fjármálafyrirtækjum og lántakendur gerðu ekki athugasemdir, eða alla vega ekki fyrr en eftir bankahrun. Þar sem það var nauðsynlegt að fá úrskurð Hæstaréttar til að ákvarða að þessi lán voru ólögmæt, þá er spurning hvort hægt sé að segja að vitað hafi verið um ólögmæti þeirra þegar samningarnir voru gerðir. Spurningin er því um yfirsjón eða mistúlkun upplýsinga og svo jafnvel sviksemi. Það er auðvitað mögulegt að um slíkt hafi verið að ræða hjá íslenskum fyrirtækjum. En til að meta hvort um slíkt sé að ræða þarf að skoða hvert fyrirtæki fyrir sig.

Hjá lántökum, þeim fyrirtækjum sem gerðu svona bílasamninga eða tóku gengisbundin lán, er spurning hvað hefði átt að teljast áreiðanlegar upplýsingar. Fyrirtækin fengu í hendur upplýsingar um afborganir, vexti og eftirstöðvar skulda með gengistryggingu frá fjármálafyrirtækjunum. Því er spurning hvort



fyrirtækin höfðu einhverjar aðrar áreiðanlegar upplýsingar um að þetta væru ólögleg lán, upplýsingar sem gerðu það að verkum að þau hefðu ekki átt að færa upp skuldir í samræmi við þá samninga sem búið var að gera?

Framsetning í reikningsskilum ef um er að ræða skekkju

Leiðrétta þarf fyrstu reikningsskilin eftir að skekkja kemur í ljós afturvirkkt, með því að leiðrétta samanburðarfjárhæðir þeirra fyrri tímabila sem birt eru. Í skýringum á að segja frá eðli skekkjunnar, upphæð skekkjunnar á hverju tímabili sem er birt og þá fyrir hverja línu í reikningsskilunum sem breytist, auk fleiri atriða.

Nýir samningar

Hér er spurningin sú hvort sú breyting sem verður á upprunalegu samningunum með gengislánadómunum gerir það að verkum að í reynd eru komnir á nýir samningar, að skilmála-breytingarnar breyti sjóðsstreymi samninganna og þar með skyldum aðila samkvæmt samningnum það mikið, að afskrá verði gömlu samningana og skrá inn nýja.

Hvað varðar fjáreignir þarf hér að velta fyrir sér hvort samningsbundinn réttur til sjóðstreymis hafi fallið úr gildi við breytingu á skilmálum lánsins, en samkvæmt IAS 39, grein 17, á að afskrá fjáreignina þegar slíkt gerist. Hér er ekki um að ræða breytingu á sjóðstreymi sem er tilkomin vegna fjárhagslegra erfiðleika lántakanda og því á IAS 39 – AG 8 ekki við, en þar er fjallað um það hvernig færa eigi breytingu á áætluðu sjóðstreymi ef þörf er á afskrift lána. Hvort hér séu komin skilyrði afskráningar fjáreignar vegna verulegrar breytingar á sjóðsstreymi er matsatriði í hvert sinn.

Ef það eru komin skilyrði afskráningar, þá er gamla lánið afskráð með mótbókun í rekstrarreikningi og nýja lánið fært upp með sama hætti.

Hvað varðar fjárskuldir, hvort komin séu skilyrði afskráningar fyrir lánið og skráningu á nýju, þá er það öllu auðveldara við að eiga þar sem alþjóðlegu reikningsskilastaðlarnir gefa okkur reiknireglu til að ákvarða hvort svo sé, í IAS 39 – AG 62. Þar segir að ef munurinn á sjóðstreymi gamla og nýja lánsins, afvaxtað með upprunalegum virkum vöxtum lánsins, er meiri en 10%, þá á að afskrá gamla lánið og skrá inn það nýja. Mismunurinn er færður um rekstrarreikning.

Ekki er gerð krafa um sérstakar skýringar vegna þessa, en hins vegar gæti það verið við hæfi ef um verulegar fjárhæðir er að ræða.

Gengistrygging – er það innbyggð afleiða?

Þegar farið var að skoða málin, þá komu upp nýjar og óvæntar spurningar – eins og þessi: Innihéldu leigusamningar með gengistryggingu innbyggða afleiðu? Var það fært þannig í bókum fyrirtækja?

Hvað er innbyggð afleiða? Skilgreiningin í IAS 39, grein 10, er: „*Innbyggð afleiða er hluti af fjármálagerningi sem einnig samanstendur af grunnsamningi sem ekki er afleiða. Þá breytist hluti af sjóðsflæði þessa samvinnnaða gernings eins og frístandandi afleiðan.*“ og „*Innbyggð afleiða gerir það að verkum að hluti eða allt sjóðsflæði samningsins breytist í samræmi við t.d. gengi gjaldmiðla.*“

Innbyggð afleiða er þá hluti af samantvinnuðum samningi með grunnsamningi, til dæmi leiga bifreiðar og svo öðrum samningi, til dæmi gengistryggingu. Og þá er afleiðan að breyta sjóðsflæði samningsins.

Það má segja að gengistryggingin geri það að verkum að sjóðsflæði samnings, sem er í íslenskum krónum, breytist í samræmi við gengi erlendra gjaldmiðla. Gengistryggingin uppfyllir sennilega skilyrði þess að vera innbyggð afleiða, þar sem einkenni hennar og áhætta er ekki tengd náði leigusamningnum, sem er í krónum. Það má til dæmis skoða IAS 39 AG33(f) sem fjallar um hvaða tegundir af vísitölutryggingum teljast tengdar leigusamningnum náði og á þar með ekki að aðskilja frá grunnsamningi. Tenging við breytingar á gengi gjaldmiðla telst þar ekki með.

Það má segja að það séu alla vega einhverjar líkur á að samningar með gengistryggingu hafi innihaldið innbyggða afleiðu, en hér þarf að skoða einstaka samninga. Hér gæti einnig verið að fyrirtæki hafi talið að þessir samningar innihéldu innbyggða afleiðu og fært þá í samræmi við það.

Hvað er þá gert ef komist er að þeirri niðurstöðu að gengistryggingin sé innbyggð afleiða en að hún hafi ekki verið aðskilin frá bíla- og lánasamningum eins og krafa er gerð um? Þá þarf að færa afleiðuna upp í reikningsskilum vegna ársins, hún er þá aðskilin frá grunnsamningi og færð upp á gangvirði. Og í þeim tilfellum sem gengistryggingin er afnumin, þá þarf að afskrá afleiðuna, með breytingu í gegnum rekstrarreikning. Þar sem þetta er skekkja, mistök í beitingu reikningsskilastaðla, þarf að leiðrétta fyrri tímabil, eins og farið var yfir hér að ofan.

En með því að afleiðan er aðskilin frá grunnsamningnum, þá stendur hann eftir án gengistryggingar, en hins vegar á öðrum vaxtakjörum. Út af breytingum á vaxtakjörum þarf að skoða hvort það eru komin skilyrði afskráningar, eins og farið var í hér að ofan. Ef svo er þá er nýr samningur færður upp á gangvirði en sá gamli afskráður.

Í þeim tilfellum sem innbyggð afleiða hefur verið aðskilin frá grunnsamningi og færð upp, þá er málið einfalt, hún er hreinlega afskráð með breytingu í gegnum rekstrarreikning. Og eftir stendur grunnsamningur án gengistryggingar, en á öðrum vaxtakjörum.

Íslensku ársreikningalögin – hvað segja þau?

Samkvæmt íslensku ársreikningalögnum er hér spurning um það hvort um að ræða matsbreytingu eða skekkju. Ársreikningalögin eru ekki með ákvæði um afskráningu og innbyggðar afleiður.

Ekki eru beinar skilgreiningar í lögnum á matsbreytingum og skekkjum. Fjallað er um matsbreytingar og skekkjur í 42. grein ársreikningalaganna með eftirfarandi hætti:

- 2. mgr.: „Ef reikningshaldslegu mati er breytt frá fyrra reikningsári skulu áhrifin koma fram á rekstrarreikningi á því tímabili, sem matsbreytingin er gerð á og á síðari tímabilum, ef við á. Samanburðarfjárhæðir fyrri ára haldast óbreyttar.“
- 4. mgr.: „Ef ársreikningur fyrri reikningsárs hefur verið rangur í þeim mæli að hann hefur ekki gefið glögga mynd skulu áhrif af leiðréttingunni færast á eigið fé í ársbyrjun og samanburðarfjárhæðir leiðréttast samsvarandi. Gera skal grein fyrir þessum breytingum í skýringum.“

Einnig er umræða í 23. grein ársreikningslaganna

- 2. málslíður: „Tekjur og gjöld, sem varða fyrri reikningsár, skulu færast til breytinga á óráðstöfuðu eigin fé í ársbyrjun þegar um er að ræða skekkju eða breytingu á reikningsskilaaðferð. Samanburðarfjárhæðum skal þá breytt til samræmis nema það sé bundið sérstökum vandkvæðum og skal það þá upplýst í skýringum.“

Hér er sem sagt verið að fjalla um það hvað eigi að gera ef til koma matsbreytingar eða skekkja kemur í ljós.

Skekkja

Hins vegar er til skilgreining á skekkju sem við getum notað, í Reglum reikningsskilaráðs nr. 5, Framsetning reglulegra og óreglulegra rekstrarliða, frá 1994:

- 3. gr. „Skekkjur eru mistök við gerð reikningsskila sem uppgötvast á yfirstandandi tímabili og varða reikningsskil fyrir fyrri ár og teljast vera svo mikilvægar að fyrri reikningsskil geta ekki lengur talist vera áreiðanleg þegar þau voru birt.“
- 32. gr. „Þær stafa einkum af röngum útreikningum, rangri beitingu reikningsskilaaðferða, misskilningi á staðreyndum, vísitandi rangfærslum eða vangá.“

Þetta er ágæt skilgreining á skekkju. Skilgreiningin er svipuð og í alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum, enda voru þeir hafðir til hliðsjónar við setningu þessarar reglu. Og þá kemur spurningin, var meðferð bilasamninga og lána með hinni ólöglegu gengisþryggingu í bókhaldi lánveitenda og lántakenda röng, með þeim hætti að hún geti flokkast undir skekkju? Var hér um að ræða misskilning á staðreyndum, vísitandi rangfærslu eða vangá?

Eða voru menn almennt sammála um að samningar væru löglegir og færðu þá samræmi við það? Og að síðan hafi komið til nýjar upplýsingar með dómum Hæstaréttar og þar með þurfi að breyta bókhaldinu? Hér þarf að skoða hvert tilvik fyrir sig. Framsetning í reikningsskilum ef um er að ræða skekkju.

Samkvæmt 4. mgr. 42. greinar ársreikningalaganna er skekkja leiðrétt í gegnum eigið fé 1/1 og samanburðarfjárhæðum breytt. Í Reglu reikningsskilaráðs nr. 5, grein 33, segir að það þurfi að segja frá tegund skekkjunnar og fjárhæðum og hvernig skekkjan hefur áhrif á reikningsskilin.

Breyting á reikningshaldslegu mati – skilgreining

Í ársreikningalögnum er ekki til skilgreining á reikningshaldslegu mati og reyndar ekki heldur í Reglum reikningsskilaráðs. En hins vegar er umfjöllun um reikningshaldslegt mat í Reglu reikningsskilaráðs nr. 5, Framsetning reglulegra og óreglulegra rekstrarliða. En þar segir í grein 27:

„Reikningsskil fyrirtækja byggja að ýmsu leyti á mati á ýmsum liðum... Mat skal unnið á grundvelli ábyggilegra upplýsinga en þegar fram líða stundir geta forsendur hafa breyst og því nauðsynlegt að breyta matinu. Séu slíkar matsbreytingar gerðar gilda þær frá og með breytingarári en ekki er heimilt að gera afturvirkar breytingar á reikningsskilum fyrri ára gagnstætt því sem á við um breytingar á reikningsskilaaðferðum.“

Eru þá breytingar á reikningsskilum fyrirtækja sem þarf að gera vegna áhrifa af gengislánadómunum matsbreyting? Ef ekki er um að ræða skekkju og reikningsskilin færð í góðri trú um réttmæti fyrirbyggjandi upplýsinga, þá teljast gengislánadómarnir nýjar upplýsingar. En hér þarf að skoða hvert fyrirtæki fyrir sig.

Breyting á reikningshaldslegu mati – framsetning í reikningsskilum

Samkvæmt 29. grein Reglu reikningsskilaráðs nr. 5 þá á að færa matsbreytinguna á sama rekstrarlið og árið á undan. Einnig á að upplýsa um fjárhæð og tegund matsbreytinga og þau áhrif sem matsbreytingin hefur á reikningsskil seinni tímabili ef unnt er. Ekki má flokka matsbreytinguna sem óreglulegan rekstrarlið, en hins vegar má ségreina hana ef hún hefur veruleg áhrif á reikningsskilin.

Herbert Baldursson



Starfsemi FLE

Sigurður B. Arnþórsson framkvæmdastjóri FLE

Árið 2010 mun lengi verða í minnum haft hjá endurskoðendum og það fyrir margra hluta sakir. Sjaldan eða aldrei hefur jafnmikil umfjöllun verið um störf okkar í fjölmiðlum og skýrslur birtar. Rannsóknarskýrslan, Atlaskýrslan og nú síðast en ekki síst Græna skýrslan frá Evrópusambandinu hafa allar gefið til efni til að setjast niður og velta fyrir okkur framtíð stéttarinnar. Það á sérstaklega við um innihald Grænu skýrslunnar en þar er varpað fram ýmsum ábendingum og spurningum varðandi endurskoðendur sem að margra áliti eru byltingakenndar, en að sama skapi umhugsunarefni og áhugaverðar. Því ber jafnframt að fagna að í skýrslu Evrópusambandsins kemur skýrt fram að störf endurskoðenda eru mikilvægur hlekkur í endurveisn fjármálakerfisins.

Þessu til viðbótar hefur stjórnarsýslan á Íslandi tekið við sér og skipaði sl. haust nefnd á vegum Efnahags- og viðskiptaráðuneytisins sem á að fara heildstætt yfir lög og reglur sem gilda um endurskoðendur. Í nefndinni sitja fjórir einstaklingar, þar af tveir endurskoðendur og er annar þeirra fulltrúi FLE í nefndinni. Nefndin á sérstaklega að kynna sér lagaumhverfi endurskoðenda í helstu nágrannaríkjum, umræðu á Evrópuvettvangi og líklega þróun framundan. FLE fagnar tilkomu þessarar nefndar og bindur miklar vonir við störf hennar. Félagið hefur lagt áherslu á að nefndin gæti þess sérstaklega að líta til þess hvað er að gerast í löndunum í kringum okkur og á vettvangi samtaka endurskoðenda í Evrópu. Endurskoðendur hér á landi starfa í alþjóðlegu umhverfi og samkvæmt alþjóðlegum reglum og því ekki æskilegt að löggjafinn setji í lög séríslensk ákvæði um endurskoðendur.

75 ára afmæli FLE

Hápunktur liðins starfsárs var að sjálfsögðu 75 ára afmæli félagsins. Á afmældisdaginn sjálfan, þann 16. júlí var haldið afmælishófi á Hótel Borg þar sem um eitt hundrað manns mættu til að samfagna afmælisbarninu. Við þetta tækifæri afhenti formaður félagsins í fyrsta sinn gullmerki FLE, sem að þessu sinni var veitt öllum núlifandi fyrrverandi formönnum félagsins. Í tengslum við afmældisdaginn sjálfan gaf félagið út veglegt afmælisblað og ber að þakka kynningarnefnd félagsins sérstaklega fyrir það framtak.

Í ágúst kom síðan út fyrri bókin af tveimur sem félagið fyrirhugar að gefa út í tilefni afmælisins. Sú bók hefur að geyma æviskrár endurskoðenda frá upphafi til dagsins í dag. Seinni bókin mun síðan koma út á árinu 2011 en hún fjallar um sögu félagsins og stéttarinnar á Íslandi.

Í september var síðan haldin vegleg afmælisráðstefna með yfirskriftinni „Á vit framtíðar – með reynslu fortíðar“. Þrír

félagsmenn fjölluðu hver um sig um fortíð, nútíð og framtíð stéttarinnar og jafnframt fluttu erindi forseti FEE og varðandi forseti IFAC. Að lokinni ráðstefnu var móttaka með léttum veitingum. Margir góðir gestir heiðruðu okkur með nærveru sinni, bæði innlendir og erlendir. Lagt var upp úr því að ná eyrum fjölmiðla og þeim því boðið sérstaklega. Líðlega 200 manns komu á þessa hátíð sem tókst vel í alla staði.

Námskeið og ráðstefnur

Veruleg breyting hefur orðið á starfi og umfangi FLE hvað varðar ráðstefnu- og námskeiðahald. Á rekstrarárinu 2008-2009 stóð félagið fyrir 7 atburðum, fyrir utan hádegisverðarfundir. Á síðasta starfsári var staðið fyrir 14 atburðum og á þessu starfsári stefnir í að þeim fjölgi enn frekar. Boðið var upp á nýtt form námskeiða, svokölluð morgunkorn og hafa þau mælst mjög vel fyrir. Þátttakendur sitja þar í hópum við hringborð og er lagt upp með að vera með verkefni í lokin og eins gert ráð fyrir tjáskiptum milli þeirra meðan á námskeiðinu stendur. Þetta eru því mun opnari fundir heldur en hefðbundin námskeið og ráðstefnur. Fyrirhugað er að ganga enn lengra í þessum efnum og er nú til skoðunar að bjóða upp á „workshops“ eða vinnustofur þar sem þátttakan verður takmörkuð við ákveðinn fjölda og þá endurteknar ef tilefni er til. Þessar vinnustofur verða miðaðar að þörfum minni endurskoðunarfyrirtækja og ætlaðar þeim fyrirtækjum sem innleiða Descartes.

Útgáfa

Á liðnu starfsári var bæklingurinn „Endurskoðandinn-hlutverk og ábyrgð“ tekinn til skoðunar, en hann kom út fyrir um 10 árum síðan og hefur margt breyst í umhverfi okkar og laga-setningu á þeim tíma. Þessi vinna hefur hvílt á herðum Endurskoðunarnefndar FLE. Fyrir utan að betrubæta það efni sem var í eldri bæklingnum hefur margvíslegu nýju efni verið bætt við. Hann verður aðgengilegur bæði fyrir leikna og lærða og ber yfirskriftina „Endurskoðandinn, umhverfi, hlutverk og ábyrgð“. Tilgangur félagsins með útgáfu þessari er að koma á framfæri með skýrari hætti hvert starf endurskoðandans er og í hvaða umhverfi hann starfar. Bæklingnum verður dreift ókeypis til hinna ýmsu aðila þar sem þörf er á að koma á framfæri upplýsingum um endurskoðendur.

Félagið gaf út tvö tölublöð af FLE blaðinu á starfsárinu. Ákveðið var í tilefni afmælisins að blað félagsins fengi nýjan búning, bæði hvað varðar efnistöð og útlit og tel ég að vel hafi til tekist.

Þá er fyrirhugað að gefa út Siðareglur FLE í bókarformi á

árinu 2011 þegar uppfærsla þeirra hefur verið staðfest og er undirbúningsvinna þegar hafin. Siðareglurnar er að finna á heimasíðu félagsins en samt sem áður virðist grundvöllur til að gefa þær út í þægilegu broti fyrir ýmsa notendur eins og endurskoðendur, námsmenn, lögmenn og aðrir aðila.

Á liðnu starfsári hefur heimasíða félagsins verið til skoðunar og leitast við að gera hana aðgengilegri. Haldið verður áfram á þeirri braut og stefnt að því að auka og betrumbæta enn frekar upplýsingaflæði til félagsmanna. Eins mun endurmenntunarfur endurskoðenda verða aðlagður breyttum lögum um endurskoðun þegar Efnahags- og viðskiptaráðuneytið afgreiðir nýja reglugerð um endurmenntun endurskoðenda.

Samstarf

Endurskoðendaráð tók til starfa vorið 2009 og hefur samstarf félagsins við ráðið og ekki síður formann þess verið afar gott og því ber að fagna. Nú stendur yfir gæðaeftirlit með breyttu sniði undir yfirstjórn Endurskoðendaráðs en FLE framkvæmir það í umboði ráðsins.

Á síðasta aðalfundi félagsins voru nýhafnar viðræður við Norska endurskoðendasambandið (DnR) varðandi endurskoðunarkerfið Descartes. Á haustmánuðum var svo gengið frá 27 samningum milli íslenskra endurskoðunarfyrirtækja og DnR sem er eigandi og söluaðili þessa hugbúnaðar. Litur FLE svo á að innleiðing á Descartes hér á landi sé mikilvægt skerf í þá átt að bæta gæði þeirrar vinnu sem endurskoðendum ber að ástunda, enda störfum við öll samkvæmt alþjóðlegum kröfum.

Það er sannfæring mín að innleiðing Descartes og aukin áhersla á námskeið og vinnustofur fyrir minni endurskoðunarfyrirtæki, sé í anda þess sem boðað er á alþjóðavettvangi, bæði hjá samtökum endurskoðunarfélaganna, Evrópusambandinu og núna síðast í Grænu skýrslunni frá EU, en þar kemur fram að nauðsynlegt sé að leggja aukna áherslu á tilveru SMP (lítilla og meðalstórra endurskoðunarfyrirtækja) og endurskoðun fyrir SME (lítill og meðalstór fyrirtæki) enda eru þessi hugtök samtvinnuð í umræðunni.

Í ágúst síðastliðnum var ársfundur Norræna endurskoðendasambandsins (NRF) haldinn hér á landi, en fundurinn færast árlega á milli Norðurlandanna. Að þessu sinni var hann haldinn í jaðri gosstöðvanna á Suðurlandi og tókst vel í alla staði. Sérstaklega var ánægjulegt fyrir okkur að fundinn skyldi bera upp á 75 ára afmæli félagsins og að á sama tíma væri formaður NRF Margret G. Flóvenz úr okkar röðum.

Mikið og gott samstarf er á milli Norðurlandanna og ekki síður á vettvangi FEE og IFAC. Nægir þar að nefna samvinnu við Norðmenn varðandi Descartes og möguleika okkar á að koma einstaklingum í nefndarstörf á vegum IFAC í krafti NRF. Skipunartímabil Krístrúnar Helgu var framlengt um 3 ár og er hún reyndar eini fulltrúi NRF í nefndum á vegum IFAC.

Mikið hefur verið um fundarhöld, símafundi og önnur samskipti bæði á vettvangi NRF og FEE vegna útkomu Grænu skýrslu EU, en hún var í umsagnarferli fram í byrjun desember. Stefnt er að því að NRF verði með sameiginlegt framlag í þeim efnum, en það er ljóst að mótun starfsumhverfis endurskoðenda til framtíðar er til skoðunar á vettvangi Evrópusambandsins og er því mjög mikilvægt að við fylgjumst vel með og tökum þátt í þeirri umræðu.

Að lokum

Eins og sést á samantekt minni þá hefur mikið verið fjallað um störf endurskoðenda á tímabilinu og aðkomu þeirra að hruninu. Árið verður því lengi í minnum haft fyrir þær sakir en ekki má gleyma því sem jákvætt er fyrir stéttina og félagið. Ég vil ljúka þessum pistli mínum með orðum yfirmanns fjármálaþjónustu KPMG, Bill Michael, sem hann mælti á ráðstefnu samtaka Breskra fjármálaþjónustufyrirtækja í júlí síðastliðnum en þau eru eftirfarandi í lauslegri þýðingu: „Það má líkja endurskoðanda við náunga sem er sá eini á Wembley með VUVUZELA. Hann er ekki aðeins pirrandi og þú vilt helst losna við hann af svæðinu, heldur getur þú líka kennt honum um ef þitt lið tapar“.

Sigurður B. Arnþórsson



Sigurður að ræða við Ljósbrá um eitthvað mjög mikilvægt.



Helstu græjur framkvæmdastjórans.



Áhugamál endurskoðenda

Þó margir endurskoðendur séu störfum hlaðnir og verkefni þeirra jafnan áhugaverð og skemmtileg, eiga flestir endurskoðendur sér áhugamál af ýmsu tagi utan vinnunnar.

Margir endurskoðendur stunda stangveiði, golf eða sækja líkamsræktarstöðvar. Kynningarnefnd FLE hefur leitað til nokkurra félagsmanna og forvitnast um áhugamálið og hvernig viðkomandi ræktar það.

Alexander G. Eðvardsson endurskoðandi hjá KPMG – badminton

Badmintoniðkun tengist starfi mínu sem endurskoðanda órjúfanlegum böndum. Ástæða þess er sú að nokkrum dögum eftir að ég hóf störf sem nemi í endurskoðun í ágústmánuði 1979 var ég inntur eftir því hvort ég kynni ekki badminton. Fram kom að það var hefð fyrir því hjá starfsmönnum að spila badminton og hafði félagið tvo velli til afnota í hádegistíma tvisvar í viku. Ég hafði nokkrum sinnum haldið á badmintonspaða í leik úti á sumrum og taldi þetta ekki flókna íþrótt og var fljótur að lýsa því yfir að ég gæti vel spilað badminton. Meira þurfti ekki til og var ég boðinn velkominn í hópinn.



Alexander sýnir meistaratakta með spaðann.

Ég komst hins vegar að því strax í fyrsta tímanum að badminton er talsvert erfiðari og flóknari íþrótt en ég hafði gert mér í hugarlund. Hins vegar fannst mér hún mjög skemmtileg og að sjálfsgöðu skemmdi ekki fyrir að spila með vinnufélögnum. Vegna þessa ákvað ég strax að halda áfram og bæta kunnáttu mína. Eins og gefur að skilja tók ég stórkostlegum framförum í byrjun þótt ég væri tæplega hálfdrættingur á við meðspilara mína. Þegar líða tók á fyrsta veturinn var ákveðið að fá leiðbeinanda í nokkra tíma til að bæta getu manna. Leiðbeinandinn benti mér vinsamlegast á að ég kynni ekki að halda á badmintonspaða og annað eftir því. Þetta var að sjálfsgöðu mikið áfall og hafði þau áhrif að ég þurfti í raun að byrja upp á nýtt á að læra þessa íþrótt.

Mér tókst að komast yfir þessa byrjunarörðugleika og á hverju hausti tók við badmintoniðkun sem stóð frá byrjun sept-

ember og út maímánuð og var nauðsynlegur hluti af vetrarstarfinu. Samstarfsmenn komu og fóru og hópurnir tók miklum breytingum í gegnum tíðna en ég hélt tryggð við íþróttina. Fyrir um fimm árum var svo komið að þátttaka starfsmanna var orðin það lítil að ákveðið var að hætta með tíma á vegum fyrirtækisins.

Á þeim tímamótum var mér boðin þátttaka í hópi spilara sem spiluðu þrisvar í viku og vantaði fleiri í hópinn. Þessir spilarar höfðu allir spilað lengi og voru flestir mun betri spilarar en ég, en ég var samþykktur í hópinn. Þessi breyting reyndist mér mjög vel þar sem ég hef tekið stórstígu framförum í íþróttinni eftir að ég fór að spila með nýjum félögum og spila þrisvar í viku. Eitt árið tók ég þessa íþrótt það föstum tókum að ég mætti einnig flesta sunnudagsmorgna í svokallaða trimmtíma. Keppnisskapið er svo mikið hjá mér í þessum tímum að ég fékk viðurkenningu eftir veturinn sem stigahæsti trimmarinn.

Síðasta haust var ég svo heppinn að vera boðin að taka þátt í Íslandsmóti í badminton í liðakeppni með hópi sem ég hafði spilað sem varamaður hjá nokkrum sinnum. Skemmst er frá að segja að liðið sem var skráð til keppni í B deild sigraði í þeirri deild og get ég því státað af því að eiga einn Íslandsmeistaratitil þótt í B deild sé.

Nú er svo komið að ég spila badminton þrisvar í viku í hádeginu og það þarf mikið að koma upp á til að ég sleppi úr tíma. Íþróttin er mjög skemmtileg þar sem hún reynir á styrk, útsjónarsemi, úthald og tækni og eins er félagsskapurinn einstaklega skemmtilegur. Ég get fullyrt að um leið og einum tíma er lokið er ég strax byrjaður að hlakka til þess næsta. Síðast en ekki síst er þessi hreyfing og líkamlega útrás nauðsynlegt mótvægi við kyrrsetuvinnuna sem fyrst og fremst reynir á andlegt atgervi.

Davíð Búi Halldórsson endurskoðandi hjá PWC - blak

Helsta ástæða þess að ég fór að stunda blak var sú að pabbi var mikið í blakinu þegar ég ólst upp en hann kenndi mér blak og þjálfaði fyrstu árin í Lundarskóla í Öxarfirði við afar þröngan húsakost. Íþróttasalurinn var um það bil 2 metrum hærrí en nethæðin og salurinn rúmaði tæplega einn blakvöll. Ég byrjaði að æfa þessa íþrótt reglulega þegar ég var 12 ára (1989) og stunda hana ennþá af þó nokkrum krafti, 33 ára gamall. Ég hef sagt eftir síðustu þrjú tímabil að nú sé kominn tími til að leggja keppnisskóna á hilluna en þeir hafa ekki tollað þar lengi. Konan mín er löngu hætt að taka mark á þessum yfirlýsingum mínum!!!!

Ég æfði 5-6 sinnum í viku en nú er ég kominn niður í tvær blakæfingar á viku auk þess að stunda hádegisþrek til að halda skrokknum í lagi. Ég spila svo um 15-20 leiki yfir veturinn (fæ að sleppa léttustu leikjunum þar sem erfitt getur reynst að samræma áhugamálið, fjölskyldulífið og vinnuna). Ég hef leikið með KA í efstu deild síðan 1993 með smá hléi þegar ég var í



Davíð Búi á flugi í leik Stjörnunnar og KA.

HÍ við nám í viðskiptafræðum en þá lék ég með Íþróttafélagi Stúdenta (ÍS). Ég er enn að spila í efstu deild og stefni á þrennuna (deildar-, bikar- og Íslandsmeistaratilinn) aftur í ár með KA en við náðum þeim merka áfanga á síðasta tímabili í fyrsta skipti í sögu blakdeildar KA.

Á ferlinum hef ég unnið þó nokkuð af Íslands-, bikar- og deildarmeistaratilum með ÍS og KA, ætli þeir séu ekki um það bil 13. Ég held að toppnum á ferlinum hafi verið náð þegar ég var kosinn blakmaður ársins 2007, íþróttamaður KA og hafnaði í 2. sæti sem íþróttamaður Akureyrar sama ár. Ég er líka mikill áhugamaður um hestamennsku og er farinn að sinna því aftur eftir nokkurt hlé en kemst þó ekki á fullt skrið í því áhugamáli fyrir en blakskórnir hafa ratað endanlega á hilluna.

Sigríður Ármannsdóttir endurskoðandi hjá Apal - dans

Ég byrjaði að stunda dans 5 ára gömul hjá Heiðari Ástvaldssyni. Draumur minn var að verða danskennari þegar ég yrði stór. Á unglingsárunum hóf ég einnig nám hjá Þjóðdansafélagi Reykjavíkur en þar lærði ég gömlu dansana.



Sírýr skeiðar áfram léttklædd á fjöllum.

Þegar börnin fæddust var gert hlé á frekari dansnámi. Því miður hefur hléið verið heldur langt en fyrir rúmu ári kynntist ég salsa fyrir alvöru. Frænka mín dró mig á námskeið hjá Salsa Iceland. Uppbygging á námskeiðum þeirra er mjög góð og stuðlar að hámarksárangri. Í dag er nánast ekkert sem fær mig til að sleppa úr tíma í salsa. Félagsskapurinn er mjög góður en um allan bæ eru haldin Salsa kvöld. Ekki skemmir fyrir að þetta er ein besta líkamsrækt sem ég hef kynnt.

Jónas Gestur Jónasson endurskoðandi hjá Deloitte - knattspyrna

Mitt helsta áhugamál er knattspyrna, en ég er formaður knattspyrnudeildar Víkings Ólafsvík. Ég hef mikinn áhuga á knattspyrnu enda hef ég spilað knattspyrnu nánast frá því að ég fæddist. Væntanlega hefur það haft áhrif að mikið af fólki úr minni fjölskyldu leggur/lagði stund á knattspyrnu.



Jónas Gestur heldur boltanum í leik Víkings Ólafsvíkur gegn þeim röndóttu.

Ég byrjaði að æfa fótbolta 5 ára að aldri en lagði skóna á hilluna 2006. Ég varð formaður knattspyrnudeildar Víkings Ólafsvík árið 2001 og hef því verið formaður í 10 ár. Það var stundum mjög sérstakt að vera leikmaður og formaður í samskiptum sínum við þjálfara félagsins en það leystist ágætlega.

Töluverður tími fer í að vera í stjórn knattspyrnudeildar, stjórnarfundir eru haldnir vikulega og margt sem þarf að gera á milli fundanna. Ég er með góða menn með mér í stjórn og þess vegna hef ég náð að sinna þessu áhugamáli mínu tímalega séð.

Ég fékk Silfurmerki KSÍ 2007 fyrir störf mín í kringum knattspyrnuna. Þess má geta að ég er fjórði markahæsti leikmaður Íslands í deildarkeppni með 158 mörk. Þá er gaman frá því að segja að Víkingur Ólafsvík setti stigamet í 12 liða deild í sumar þegar liðið fékk 58 stig af 66 mögulegum og einnig varð liðið fyrsta C deildar liðið sem fór alla leið í undanúrslit í Visa bikarnum.



Dýri og sixpensarinn með félagum sínum í „götugiggi“ á Seltjarnarnesinu.

Dýri Guðmundsson endurskoðandi hjá PwC - tónlist

Ég er einn af þeim sem glamra á gítar íon og don og hef gert það síðan á barnaskólaárum. Þá hef ég leikið með hljómsveitum og ef ég tel þær upp eru það hljómsveitin Saxon í Hafnarfirði, FH-bandíð sem gaf út eina plötu, Valsbandíð og svo Menntaskólabandíð Séra Hannes & saurlífissegginir. Þá má gjarnan nefna vinnustaðabönd af ýmsum toga. Í minni heimabyggð Seltjarnarnesi hef ég svo tekið þátt í Trimmklúbbsbandinu, sem hefur spilað á árshátíð TKS í 2 ár og einnig á þrettándabrennum og götugiggum.

Þá hef ég verið í tveimur kórum, Valskórnum sem ég tók þátt í að stofna, og síðan Fjallabræðrum, rokkkór karla sem eiga ættir að rekja vestur á firði.

Afi minn var kirkjuorganisti í 50 ár vestur á fjörðum og móðir mín söng í kirkjukór í áratugi. Tvö af börnum okkar hjóna eru starfandi rokktonlistarmenn svo tónlistargenin virðast vera ættgeng. Af eftirminnilegum uppkomum á tónlistarsviðinu má gjarnan nefna Fjallabræður á Þjóðhátíð 2010 og einnig fjölskyldubandsupptroðslu á Hnífsdal í 2009.

Þá hef ég samið nokkuð af tónlist og tekið upp smávegis, og má finna tóndæmi inni á myspace.com/dyrigudmunds. Draumurinn er að taka meira upp.

Birgir Karl Óskarsson endurskoðandi hjá Fjárvakri – söngur

Mitt helsta áhugamál er klassískur söngur. Ég er há-lýrskur tenór sem var alltaf það sem mig dreymdi um að verða en til eru margar gerðir af tenórum. Frá dramatískum upp í há-lýríska, svokallaðra „tenore di grazia“ eða „leggiero“ tenóra. Móðir mín rifjar stundum upp að þegar ég var smábarn sat ég oft yfir gömlu gufunni þegar óperusöngvarar þöndu raddböndin. Fyrsta arían sem ég man eftir var Söngur Næturdrottningarinnar úr Töfraflautunni. Þá var ég 4 ára og varð gjörsamlega dolfallinn.

Ég byrjaði í Söngskólanum í Reykjavík þegar ég var 16 ára og hef alltaf haldið röddinni við síðan þá, fór m.a. í nokkra mánuði til Ítalíu um tvítugt og lærði söng. Ég tók söngnámið með-

fram vinnu og skóla og gaf mig svo sem aldrei að fullu í söngnámið. Söngur er dálítið eins og íþrótt, maður þarf helst að æfa á hverjum degi til að ná góðum árangri. Markmiðið var alltaf að klára „praktíska“ menntun fyrst og svo sjá til með sönginn. Ég er enn að sjá til - það er svo gott að láta sig dreyma.

Síðustu tvö ár hef ég verið í söngnámi hjá Kristjáni Jóhannssyni og hef haft gagn og gaman af. Ég fer 2-3 í viku í hádeginu sem er nauðsynlegt til að brjóta upp daginn og fá smá útrás. Það fer mikill tími í vor dagleg störf en ég neita aldrei þegar ég er beðinn um að syngja fyrir fólk. Ég var áður fyrir í Íslenska óperukórnum og hef hlaupið undir bagga í hinum ýmsu kórum. Meðal annars fékk ég að syngja með óperukórnum þegar Carreras og síðar Domingo komu til landsins að syngja. Ég fékk því að hitta tvo af „tenórnum þremur“ en Pavarotti var þó alltaf mitt uppáhald. Svo var ég líka í kórhlutverkum í nokkrum óperusýningum í Þjóðleikhúsinu og Laugardalshöll á Listahátíðum.

Það er aldrei að vita nema maður skelli sér í svona eins og eina keppni á árinu eða fari í söngprufur einhvers staðar - þá kemur í ljós hvort erfiðið hefur borgað sig. Ef það gengur ekki, þá getur maður alltaf verið syngjandi endurskoðandi. Ég hef aldrei tekið þátt í keppnum né sótt um styrki. Viðurkenningar mínar felast í því þegar fólk er ánægt með sönginn minn og vill heyra meira. Helsta viðurkenningin kemur þó frá dóttur minni sem vill alltaf heyra pabba sinn syngja. Hún biður mig oft um að syngja en í leiðinni biður hún mig um að syngja ekki of hátt, þá sleppir maður bara háu C-unum.

Ég fékk tækifæri til að spjalla við þá Carreras og Domingo þegar þeir sungu á Íslandi. Ég hafði nefnilega farið á Wembley í London árið 1996 til að hlusta á tenórana þrjá syngja - þetta voru risatónleikar með fullum leikvangi og sjónvarpað um allan



Birgir Karl að syngja við brúðkaup.

heim. Ég átti söngskrána frá tónleikunum og það þá Carreras og Domingo að árita hana sem þeir og gerðu, en sögðu þá jafnframt „Oh, I can't remember this concert!“ Þá skildi maður hvurslags risa-figúrus þessir kallar voru.

Björn St. Haraldsson endurskoðandi hjá PWC - skíði

Á skíðum skemmti ég mér, trallalala lallalalala..... syngur Helena Eyjólfsdóttir með hljómsveit Ingimars Eydal í ágætu dægurlagi og ég get svo sannarlega tekið hraustlega undir um leið og ég svíf niður snævipaktar brekkur í sól og púðursnjó hvort heldur er heima á Húsavík, í Ölpunum eða vestur í Sun Valley í Idaho, en þar starfaði ég vetrarlangt í skíðabrekkunum.

Skíðin hafa verið, ef svo má segja, föst við fætur mínar, frá barnæsku – fyrst svigskíðin fram á fullorðinsár og síðar einnig gönguskíðin. Það er auðvelt að falla flatur fyrir skíðabakteríunni og eins og með fleira gott – ekki nokkur vilji til að losna við bakteríuna aftur. Það sem mér fellur best við íþróttina er að hún er einstaklingsíþrótt, þú nýtur frelsis og útiveru í náttúrunni um leið og hægt er að ná sér í rækilegan skammt af hraða, spennu og áhættu á fleygiferð niður fannhvíta fjallatinda.



Björn með konu sinni Auði í einhverri skíðabrekkunni - lífsgleðin geist- ar af þeim.

Þá er ekki síður hollt og gott að teygja úr sér á gönguskíð- um en að þjóta niður brekkurnar, ég tala nú ekki um á vorin, í glampanði sól, upp til heiða, einn í heiminum með fuglunum! Ég hef látið drauma rætast og tekið þátt í 45 og 90 km skíða- göngu í Vasa í Svíþjóð og Marcialonga göngunni í Val di Fiemme á Ítalíu en hún er 70 km. Næsta vetur er stefnan sett á Birkebeinar gönguna í Noregi sem er 40 km. Í þessum keppnum byggist þátttaka mín á að komast alla leið - ekki á því að verða fyrstur.

Á mínum yngri árum snerist hugurinn um skíði. Þá var ferðast þvers og kruss um landið til að taka þátt í svigkeppnum og eins og gengur var árangur oft ágætur en einnig stundum síðri eða eins og einn ágætur þingeystur hagyrðingur orti um frækna þingeyska göngumenn á árum áður sem þóttu fara fýluferð á skíðamót: „Það má segja um þessa menn, þeir eru ekki latir, tölta dægrið tvenn og þrenn, til að liggja flafir.“

Í gegnum áhugamálið hafa myndast margvísleg tengsl og

kynni við fjölmarga, bæði konur og karla, sem mikil ánægja hefur verið af. Þá var ekki hjá því komist á yngri árum að taka þátt í félagsmálum tengdum íþróttinni, bæði í héraði og á landsvísu.

En nú er mál að linni, ég þarf að fara að pakka niður skíðun- um og frúin skíðagöllumum, því nú skal brátt halda á árlega reisu í brekkurnar við Madonna di Campiglio á Ítalíu. Ég tek því undir með Helenu í dægurlaginu og syng: „Þegar jörð huldi snjó, upp til fjalla ég fór, bratta brekku þar fann, niður hana ég rann.“

Sigurþór Charles Guðmundsson endurskoðandi hjá KPMG – flug

Um árabíl hef ég gengið með þá flugu í höfðinu að gaman væri að stunda flug með endurskoðunarstarfinu. Réttlætning mín byggðist á því að í fluginu gæti maður nánast alfarið ráðið til hvaða átta væri flogið og látið duttlunga hugans ráða för sem aldrei fyrr. Þar væri komið sport sem væri í algjörrri andstöðu við endurskoðunar – og reikningssskilastaðla sem stjórnuðu manni í einu og öllu.

Þar var kominn grundvöllur fyrir ákvörðun minni um að best væri að kaupa sér fisflugvél enda væri það umhverfi hvað frjálsegast. Í dag er ég félagsmaður í Fisfélagi Reykjavíkur (fis- flug.is) en félagsmenn í því félagi eru um 200 talsins. Aðstaða félagsins er við Úlfarsfell en félagið vinnur nú að framtíðarstað- setningu sinni á Hólmsheiði.

Sjálfsgagt finnst mörgum þetta glannalegt athæfi af hálfu endurskoðanda og fullkomlega í takt við störfin undanfarin ár. Þegar grannt er skoðað er fisflug eins og það er kallað flug á flugtækjum sem eru alla jafnan mun léttari en flugvélar eins og við þekkjum þær. Hins vegar er tæknin sú sama og þekkt hefur verið í langan tíma. Reyndar má það fylgja með að eðlis- fræðin segir okkur það að eftir því sem massinn er minni verður skriðþunginn minni. Það segir að verði óhapp eru líkindi til þess að tjón á mönnum og tækjum verði minna. Reyndar er það svo að slys í fisflugi eru fáheyrd þó vissulega þurfi að fara varlega þar sem annars staðar.

Kosturinn við fisflug umfram venjubundið einkaflug er að kröfur um menntun eru mun meiri í almennu flugi. Reyndar eru



Sigurþór stendur við elskuna sína svona rauða og flotta.



kröfurnar í víðum skilningi mun meiri sem þýðir að einkaflugíð er mun dýrara en fisflugíð og kvarta sportflugmenn sáran undan því.

Ég er ekki kominn langt á leið enn sem komið er og varla búinn að fljúga mínu flygildi svo nokkru nemur. Ég hef þó farið nokkra hringi og hugsa mér gott til glóðarinnar fyrir næsta sumar. Í fisfluginu gildir hið sama og í fluginu almennt að fara gætilega og hugleiða áður en framkvæmt er. Það má því segja um þetta sport að af því leytinu eru það nokkuð svipað endurskoðunarstarfinu þrátt fyrir allt. Vegna þess hvað þessi flygildi eru létt er þau að sama skapi hægfleyg og þar með kleift að geta lent nánast hvar sem er.

Hvernig finnst þér þetta hljóma? Það er sunnudagsmorgun, heiður himinn og klukkan er átta. Þú ákveður að fara í loftið eftir að vera búinn að yfirfara öll öryggisatriði. Þú flygur fyrst norður yfir hálendið og virðir fyrir þér landslagið í allri sinni dýrð. Þú heldur áfram inn yfir Húnaflóann og lendir svo í Reykjafirði á Ströndum en þangað er ekki bílfært. Þar bregður þú þér í sund og ert jafnvel einn. Við svo búið tekur þú á loft að nýju og hoppar yfir til Siglufjarðar og virðir fyrir þér Tröllaskagann. Tekur svo stefnuna til baka og ert lentur um hádegisbilið og þú átt samt daginn fyrir þér.

Sigurjón Örn Arnarson endurskoðandi hjá KPMG - skotveiði

Eitt helsta áhugamálið eru skotveiðar hvort sem er á fuglum, refum, minkum eða hreindýrum. Held ég hafi veitt einhvern tímann á lífsleiðinni flest allt sem heimilt er að veiða hér á landi nema seli. En jafnframt tengist þessu áhugi á skotvopnum.

En af hverju ég byrjaði að stunda þetta? Það má væntanlega rekja til ætternis en faðir minn hefur verið í þessu, faðir hans og svo koll af koll þannig að líklega er nú áhuginn meðfæddur eða þá að minnsta kosti innprentaður frá fyrsta degi. Man til að mynda alltaf hvað ég var spenntur að fá að vita hvernig gekk hjá föður mínum fyrsta daginn á rjúpu. Ætli ég hafi ekki verið svona 8 ára þegar ég fyrst fékk að skjóta úr byssu og hef líklega verið svona um 10 ára aldur þegar ég fór að rölja með föður mínum styttri ferðir á rjúpu og 12 eða 13 þegar fyrsta rjúpan féll.

Þegar ég var aðeins yngri var maður að stunda þetta nánast allt árið nema kannski helst yfir sumartímann. Rjúpa og gæs á haustin, andaveiðar yfir veturinn og svartfugl á vorin. Nú svona í seinni tíð hefur þetta þó mest miðast við haust og seinni part sumars eftir að ég fór að fara á hreindýr. En eins og gefur að skilja fer þó nokkur tími í þetta og myndi ég giska á að þetta árið hafi farið um 20 dagar í þetta og þótti frekar hóflegt að viðbættum þeim tíma sem fer í æfingar í skotfimi sem og almennar þælingar hvort eð er í veiði eða útbúnaði.

Ég hef nú lítið keppt í þessu en hef nú eitthvað verið að dunda mér við að skjóta leirdúfur núna í seinni tíð, aðallega til að ná betri árangri í veiðinni en stefni á að auka það. En jafnframt stefni ég nú að því að koma mér meira inn í riffilskotfimi í framtíðinni og er núna um þessar mundir að útbúa sérsmíðaðann veiðiriffil sem jafnframt er hugsaður til markskotfimi.



Sigurjón stoltur með fallett hreindýr sem hann hefur lagt að velli.

En hvað sé ég helst við þetta áhugamál? Það er nú að hluta til að virkja veiðieðlið en jafnframt er þetta mjög góð leið til að kynnast náttúrunni. Maður kynnist ólíkum hliðum náttúrunnar sem ég held að flestir sem ekki stunda veiðiskap þekki ekki jafnframt því sem upplifunin er mismunandi eftir veiðiskap. Það er til að mynda himinn og haf á milli rjúpnaveiða og gæsaveiða þar sem rjúpnaveiðar byggja á því að ganga og finna fuglinn þannig, meðan gæsaveiðar byggja í flestum tilvikum á því að sitja fyrir fuglunum og upplifa adrenalínið flæða þegar maður sér þá nálgast.



Hanna Björg brosandi af ánægju í gönguferð á hálendinu.

Hanna Björg Hauksdóttir endurskoðandi hjá Iceland Seafood – útivist og fjallgöngur

„Ég hef ekki tíma til að standa í þessu“ hugsaði ég örg og pirruð þar sem ég sat í rútu á leið í fyrsta áfanga Langleiðarinnar frá Reykjanestá til Grindavíkur og úti var blindbylur.

Snemma árs 2008 sendi systir mín, sem er mikil göngugarpur, mér upplýsingar frá ferðafélaginu Útivist um gönguferð þvert yfir landið, frá Reykjanestá út á Font á Langanesi. Mér fannst þetta strax hljóma vel, ákveðið verkefni í mínum anda, að sameina hreyfingu og útiveru og um leið að kynnast landinu betur. Í fyrstu voru þessar langar dagsferðir, allt upp í 28 km, en síðan tóku við fjögurra til átta daga ferðir. Inn á milli fór ég í æfingaferðir á Esjuna, í ræktina og út að hlaupa til þess að undirbúa mig undir ferðirnar.

Þetta byrjaði ekki vel því veðrið setti strik í reikninginn í fyrstu ferðinni svo ekki var hægt að ganga nema hluta af leiðinni sem til stóð að fara. Á þessum tíma fannst mér ekki spennandi að vera mikið að þvælast úti í vondu veðri og því hafði ég hikað við að leggja af stað þegar ég heyrði veðurspána. Þrátt fyrir að mér hafi ekki litist vel á þá vildi ég ekki gefast strax upp.

Næsta laugardag var ákveðið að fara aftur þessa sömu leið. Sú ferð var algjör andstæða fyrri ferðarinnar, veðrið frábært og falleg gönguleið. Þegar heim var komið eftir langan göngudag þá var ég þreytt en endurnærð. Gönguleiðin sem gekk undir nafninu „Langleiðin“ var valin þannig að reynt var að koma við

á mörgum áhugaverðum stöðum, svo sem Kerlingarfjöllum, Þjórsárverum, Vonarskarði, Öskju, Herðubreiðarlindum og Jökulsárglúfrum.

Að upplifa það að fara yfir Múlajökul krosssprungin með allan útbúnað á bakinu, Þjórsárjökul, vaða ískaldar og straumharðar ár jafnvel í brjáluðu veðri, tjalda við allskonar aðstæður, í snjókomu og ískulda um mitt sumar, þetta er eitthvað sem ekki er hægt að lýsa með orðum. Þegar tjalda átti í sandi við Flæðurnar við jaðar Vatnajökuls þar sem ekki var hægt að notast við venjulega tjaldhæla heldur þurfti að finna steina til að halda tjaldinu niðri, þá varð mér að orði hvort við ættum virkilega að tjalda á þessum stað. Systir mín, sem var annar tveggja fararstjóra í þessari ferð svaraði mér í systurlegum tón (lesist „hryssingslega“): „ég sagði aldrei að þetta væri nein lúxusferð“.

Ég hugsa að fáir og líklega síst af öllu ég sjálf hafi séð mig fyrir sér að sækja í svona aðstæður. En eftir Langleiðina var ekki aftur snúið. Hópurinn sem gekk saman var samheldinn og allir ávallt tilbúnir til þess að aðstoða ef á þurfti að halda. Á kvöldin, þegar komið var í tjaldstað og veður leyfði, var iðulega glatt á hjalla eftir langa göngudaga. Þessi hópur er strax farinn að skipuleggja sameiginlega gönguferð næsta sumar.

Eftir á að hyggja þá var þetta alveg meiriháttar lúxusferð. Félagsskapurinn, útiveran, hreyfingin og það að takast á við og sigrast á erfiðum aðstæðum ásamt góðu utanumhaldi af hálfu Útivistar og fararstjóranna gerði það að verkum að ferðin verður ógleymanleg. Þarna kviknaði neistinn. Gönguferðir burt frá erli dagsins hreinsa hugann.

Síðasta vetur tók ég ákvörðun að ganga með Fjallafélaginu og þjálfá fyrir göngu á Hvannadalshnúk. Þessi ganga var farin um hvítasunnuna, lagt var af stað um miðnætti í yndislegu veðri og var þetta óneitanlega einn af topp tíu atburðum hjá mér á árinu 2010. Á sama lista er einnig ganga á skírdag þar sem farið var frá Skógum að gosstöðvunum á Fimmvörðuhálsi. Hornstrandir eru í miklu uppáhaldi og eftir nokkurra daga gönguferð þangað síðasta sumar er ég strax farin að hlakka til fleiri slíkra ferða.

Til að halda mér í þjálfun þá geng ég reglulega með gönguhópnum Baldintátum, frískum og frábærum konum og nærir þetta bæði sál og líkama. Við förum í gönguferðir innan sem utan borgarinnar og látum hvorki veður né myrkur stoppa okkur. Síðan fer ég af og til um helgar á Esjuna eða önnur fjöll í nágrenni Reykjavíkur. Nú eru sumarfríin skipulögð út frá spennandi gönguferðum um landið.

Það ríkti mikil kátína í fallegu veðri úti á Fonti á Langanesi í lok júní síðastliðið sumar þegar skálað var í freyðivíni til þess að fagna því að um 800 km langri göngu yfir landið væri lokið en samt var ekki laust við að ég væri leið yfir því að göngunni væri lokið.



Nokkrir hnökrar á ársreikningalögum

Stefán Svavarsson endurskoðandi kennir reikningshald við Háskólann á Bifröst og Háskólann í Reykjavík

Stjórn FLE hefur kallað eftir ábendingum frá félagsmönnum um atriði sem að þeirra dómi mega fara betur í því laga- og reglugerðumhverfi sem félagsmenn starfa; nýmæli í störfum félagsins sem fagna ber og skref í rétta átt með hliðsjón af samfélagslegum skyldum stéttarinnar. Áður hafði stjórnin falast eftir ábendingum um atriði sem mættu verða til umræðu á félagsfundum eða ráðstefnum sem félagið stendur fyrir. Við þeirri áskorun varð sá sem hér ritar en vill nú bæta um betur að svara ennfremur kalli stjórnarinnar eftir ábendingum til að betrumbæta laga- og reglugerðarumhverfið. Fyrir valinu varð að vekja máls á nokkrum atriðum úr lögum um ársreikninga en önnur lög og þá sérstaklega lög um endurskoðendur bíða betri tíma. Vafalaust er því þannig farið að unnt væri að komast að öðrum niðurstöðum en hér verða skýrðar um þau efni sem tekin eru hér til skoðunar. Þess vegna er skorað á þá sem því vilja halda fram og andmæla á þessum sama vettvangi.

Í stað þess að fjalla um málið í almennri ritgerð kýs undirritaður að beina umræðunni að tilteknum lagagreinum og hefst umræðan á því að vitna til þeirra lagagreina sem mætti að ósekju skerpa. Ekki þarf að taka fram en skal þó gert að sumar ábendinganna hér á eftir eru léttvægari en aðrar. Hefst þá umfjöllunin:

5. gr. Ársreikningar skulu samdir í samræmi við lög þessi, reglugerðir og settar reikningsskilareglur, ef við á og gefa glögga mynd af afkomu, efnahag og breytingu á handbæru fé. Ef ákvæði laga nægja ekki til að gefa glögga mynd af afkomu, efnahag og breytingu á handbæru fé skal vikið frá þeim í undantekningartilvikum til þess að reikningurinn gefi glögga mynd í skilningi 1.mgr. Í skýringum með ársreikningi skal greina frá slíkum frávikum ásamt ástæðum fyrir þeim og hvaða áhrif þau hafa á afkomu og efnahag.

Hér er að finna lýsingu laganna á glöggu ruðningsreglunni (e. true and fair override) sem ég hef kosið að kalla svo. Fyrir nokkrum árum urðu í háskólasamfélagi Evrópu miklar umræður um beitingu þessarar reglu 4. tilskipunar Evrópusambandsins. Málið snýst um það hvort hugtakið glögg mynd, en nákvæmari þýðing á bresku orðunum „true and fair“ væri kannski „sannsýn og óhlutdræg mynd“, er sjálfstætt hugtak eða hvort það beri að skilja í samhengi við regluverkið sjálft. Enska orðið „override“ sýnist benda til að hugmyndin hafi verið að víkja reglunum til hliðar og gera eitthvað annað en þær segja og niðurstaðan yrði glögg mynd. Þannig sýnist íslenski textinn ekki vera, því hann vísar í annarri málsgreininni aftur í fyrstu málsgreinina um að fráviknið verði að vera í samræmi við reglur skv. fyrstu málsgrein og úr verður hringrás sem engan enda fær.

6. gr. Efnahagsreikning og rekstrarreikning skal setja upp með kerfisbundnum hætti. [Efnahags- og viðskiptaráðherra]1) setur reglur um uppsetningu efnahagsreikninga og rekstrarreikninga.

Með reglugerð 696/1996 var ákveðið hvornig þessi uppsetning rekstrar- og efnahagsreikninga skyldi vera. Í ljósi þess að efnis- og formreglur frá Alþjóðlega reikningsskilaráðinu sýnast hafa meira vægi nú um stundir en tilskipun Evrópusambandsins í þessu efni, þá þarfnast umrædd reglugerð endurskoðunar við. Margt má benda á þessu til stuðnings en hér skal látið nægja að benda á að samkvæmt reglum Evrópusambandsins er heimilt að sérgreina óreglulega rekstrarliði en það er ekki heimilt samkvæmt hinum alþjóðlegu reglum. Slík skipan mála er afar óheppileg.

7. gr. 2. mgr. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. geta félög skv. 1. mgr. 1. gr. fengið heimild til að færa bókhaldsbækur í erlendum gjaldmiðli og semja og birta ársreikninga í þeim gjaldmiðli. Birti félag ársreikning sinn jafnframt í íslenskum krónum skal í skýringum geta um hvaða aðferðum er beitt við samningu ársreikningsins. Texti ársreiknings hjá félagi sem heimild hefur til færslu bókhalds og gerð ársreikninga í erlendum gjaldmiðli skal vera á íslensku, dönsku eða ensku.

Í þessari málsgrein er gefið í skyn að fleiri en ein aðferð komi til álita við umreikning úr erlendum gjaldmiðlum í íslenskar krónur. Það er á misskilningi byggt, því það fer eftir atvikum hvornig að verki skal staðið og ræður þar úrslitum hvort bókhaldsgjaldmiðill er starfrækslugjaldmiðill viðkomandi fyrirtækis eða ekki.



8. gr. Ársreikningaskrá veitir heimild til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í erlendum gjaldmiðli. Félög, sem uppfylla eitt eða fleiri eftirtalinna skilyrða, geta sótt um slíka heimild:

1. Félög sem eru með meginstarfsemi sína erlendis eða eru hluti erlendra samstæðu þar sem starfrækslugjaldmiðill er annar en íslensk króna.
2. Félög sem eiga erlend dótturfélög eða hlutdeild í erlendum félögum og meginviðskipti eru við þessi félög.
3. Félög sem hafa meginstarfsemi sína hér á landi en eru með verulegan hluta tekna sinna frá erlendum aðilum í öðrum gjaldmiðli en íslenskum krónum, enda teljist hann vera starfrækslugjaldmiðill samkvæmt settri reikningsskilareglu.
4. Félög sem hafa verulegan hluta fjárfestinga sinna í erlendum fjárfestingarvörum og skuldir þeim tengdar í erlendum gjaldmiðlum, enda fari þau fram úr þeim stærðarmörkum sem tilgreind eru í 2. tölul. 1. mgr. 1. gr.

Af þessari upptalningu er ljóst að fyrirtæki geta fengið heimild til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í erlendra mynt, jafnvel þótt starfrækslugjaldmiðill viðkomandi sé íslenska krónan. Það er sem sé ekki nægjanlegt skilyrði samkvæmt erlendum stöðlum að vera hluti erlendra samstæðu (2. tl.) eða eiga verulegan hluta fjárfestinga í erlendra mynt (4. tl.) til að starfrækslugjaldmiðill sé annað en íslenska krónan. Við ákvörðun í þeim efnum skiptir mestu hver er uppruni hreinna rekstrartekna en önnur atriði vega minna. Svo er það auðvitað bara fyndið að lagamiðirnir skuli hafa séð fyrir sér að íslenska króna gæti verið starfrækslugjaldmiðill annars staðar en á Íslandi, sbr. niðurlag 1.tl.

10. gr. Félög, sem fengið hafa heimild til að semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli, sbr. 8. gr., skulu umreikna fjárhæðir í efnahagsreikningi fyrra árs á lokagengi þess árs. Þó er heimilt að umreikna efnahagsliði, aðra en peningalegar eignir og skuldir, svo sem varanlega rekstrarfjármuni og eignarhluti, á upphaflegu kaupgengi. Jafnframt er heimilt að umreikna innborgað hlutfé eða stofnfé á því gengi sem gilti þegar innborganir fóru fram.

Í þessari grein sýnist gefið færi á því að fyrirtæki, sem búið er að úrskurða að búi við starfrækslugjaldmiðil annan en íslensku krónuna, megi breyta síðasta efnahagsreikningi í krónum í erlendan gjaldmiðil með því að nota svokallaða „gildandi-gengisaðferð“. Það er í andstöðu við efni máls og rétta aðferðin væri að miða við þá aðferð sem kennd er við „peningaverðs-ekki peningaverðsaðferðin“. Það kann þó að hafa verið til hægðarauka að leyfa þessa aðferð en vitlegra hefði verið að setja seinni aðferðina sem kröfu en heimila hina í undantekningartilvikum.

II. kafli. Grunnforsendur ársreiknings.

11. gr. Semja skal ársreikning miðað við eftirfarandi grunnforsendur:

1. Gera skal ráð fyrir að félagið haldi starfsemi sinni áfram. Leggist starfsemi niður að hluta skal taka tillit til þess varðandi mat og framsetningu ársreiknings.
2. Matsaðferðum skal beitt með hliðstæðum hætti frá ári til árs.
3. Við mat á einstökum liðum skal gætt tilhlýðilegrar varkárni og skal þannig m.a.:
 - a. aðeins tekjufæra hagnað sem áunninn er fyrir lok reikningsárs,
 - b. taka tillit til allra skulda sem myndast kunna á reikningsárinu eða í tengslum við fyrri reikningsár, jafnvel þótt slíkt komi fyrst í ljós eftir lok reikningsárs en áður en ársreikningur er saminn; enn fremur er heimilt að taka tillit til allra fyrirsjáanlegra skulda og tapa sem myndast kunna á reikningsárinu eða vegna fyrri reikningsára, jafnvel þótt slíkt komi fyrst í ljós eftir lok reikningsárs en áður en ársreikningur er saminn og
 - c. sýna í reikningsskilum allar matsbreytingar sem taka til skerðingar á verðgildi einstakra eigna, sbr. 30. gr., án tillits til þess hvaða áhrif það hefur á eigið fé og afkomu.
4. Tekjur og gjöld, sem varða reikningsárið, skal færa í ársreikning án tillits til þess hvenær greitt er.
5. Einstaka þætti eigna- og skuldaliða skal meta til verðs hvern fyrir sig.
6. Efnahagsreikningur við upphaf hvers reikningsárs skal samsvara efnahagsreikningi við lok fyrra reikningsárs.

Yfirskrift annars kafla er grunnforsendur ársreiknings. Taldir eru upp sex liðir en síðan er ruglað saman hugtökum og reglum, því aðeins fyrsti töluliðurinn fellur að hefðbundnum forsendum við gerð reikningsskila, þ.e. forsendan um rekstrarhæfi, en hinar forsendurnar um stöðugan gjaldmiðil, hagræna heild og tímaafmörkun eru ekki nefndar til sögunnar. Hinir töluliðirnir eru annaðhvort reglur eða hefðir. Þá er ekki ljóst hvað átt er við með matsaðferðir í 2. tl. þar sem textinn að öðru leyti vísar til reglna (e. principles) en ekki mats (e. estimate). Í 12. gr. laganna er vísað til þessa töluliðar og lýsingin þar miðast við matsbreytingu en kröfurnar um upplýsingar eiga að jafnaði ekki við um það fyrirbrigði heldur eiga þær við reglubreytingu.



14. gr. Á efnahagsreikning eru færðar eignir og skuldir, þ.m.t. skuldbindingar og eigið fé sem er mismunur eigna og skulda. Eign skal færð á efnahagsreikning þegar líklegt er að félagið hafi af henni fjárhagslegan ávinning í framtíðinni og virði hennar má meta með áreiðanlegum hætti. Skuld skal færð á efnahagsreikning þegar líklegt þykir að til greiðslu hennar komi og virði hennar má meta með áreiðanlegum hætti. Við útreikning og mat á eignum og skuldum skal taka tillit til allra aðstæðna, þ.m.t. áhættu og taps, sem í ljós koma áður en ársreikningur er saminn. Jafnframt er heimilt að taka tillit til fyrirsjáanlegrar áhættu og taps sem í ljós kemur áður en ársreikningur er saminn.

Hér vantar tilvísun í þá meginreglu að eign megi ekki færa nema hún hafi orðið til í framhaldi af viðskiptum.

18. gr. Afföll og lántökukostnað af seldum eða keyptum verðbréfum má færa í efnahagsreikning og skulu þá færð til gjalda eða tekna með reglubundnum hætti á lánstímanum. Gera skal grein fyrir eftirstöðvum af þessari dreifingu í skýringum.

Í þessari grein segir að afföll megi færa í efnahagsreikning. Gagnályktunin af því er sú, að afföll megi líka færa beint í rekstur, en það stenst auðvitað ekki því afföll og yfirverð, en á þau er raunar ekki minnst í greininni, eru fyrirframgreiddir eða innheimtir vextir. Og fyrst ekki er minnst á yfirverð í þessari grein er þá ekki þröng lögskýring sú að þau megi ekki færa í efnahagsreikning, heldur verði að tekjufæra eða gjaldfæra eftir því sem við á?

19. gr. Eigin hlutir skulu færðir til lækkunar á heildarhlutafé. Þó er heimilt að færa eigin hluti í hlutafélögum, sem keyptir hafa verið á síðustu tveimur reikningsárum, til eignar, enda hafi þeirra verið aflað í þeim tilgangi að selja þá aftur.

Heimildarákvæðið í þessari grein er endaleysa sem þarf að nema úr lögum svo það valdi ekki meiri skaða en orðið er. Hér nægir ekki að benda á að sambærilegt ákvæði sé í tilskipunum Evrópusambandsins; það bætir ekki efni máls. Kjarni máls er sá að eigin bréf eru ekki eign. Með kaupum á eigin bréfum er verið að breyta fjármagnsskipan fyrirtækja; lækka eigið fé. Þess vegna er aldeilis fráleitt að beita megi matsreglum um eignir á eigin bréf sem þannig eru færð og í fullkomnu ósamræmi við hið svokallaða eigendaviðhorf (e. proprietorship view) við samningu efnahagsreiknings.

22. gr. Tekjur og gjöld, sem tengjast ekki reglulegri starfsemi, skal sýna sérstaklega í rekstrarreikningi og greina frá eðli þeirra í skýringum nema um óverulegar fjárhæðir sé að ræða. Tekjur og gjöld, sem varða fyrri reikningsár, skulu færast til breytinga á óráðstöfuðu eigin fé í ársbyrjun þegar um er að ræða skekkju eða breytingu á reikningsskilaaðferð. Samanburðarfjárhæðum skal þá breytt til samræmis nema það sé bundið sérstökum vandkvæðum og skal það þá upplýst í skýringum.

Í regluverki reikningshaldsins er skýrt tekið fram að aðeins skuli leiðrétta eigið fé fyrir alvarlegum skekkjum og samanburðarfjárhæðir þá lagaðar. Samkvæmt því er óþarfi að segja frá óverulegum skekkjum og þær einfaldlega færðar til gjalda eða tekna en ekki færðar um eigið fé með samsvarandi leiðréttingum vegna rekstrar fyrri árs. Vonandi er unnt að skilja þessa grein á þennan hátt en orðin ein og sér segja ekki þá sögu.

23. gr. Varanlegir rekstrarfjármunir, sem nýtast takmarkaðan tíma vegna aldurs, úreldingar eða slits eða af hliðstæðum ástæðum, skulu afskrifaðir árlega á kerfisbundinn hátt á áætluðum endingartíma þeirra. Ef þessir fjármunir eru endurmetnir samkvæmt ákvæðum 31. gr. ber að hækka afskriftarstofn þeirra um þá endurmatshækkun. Þetta á þó ekki við um eignir sem færðar eru á gangvirði skv. 39. gr. Afskrift skal reikna með hliðsjón af væntanlegu lokavirði eftir að notkunartíma lýkur.

24. gr. Kostnaður, sem eignfærður er, sbr. 16. gr., vegna óefnislegra réttinda eða þróunar, skal afskrifaður með kerfisbundnum hætti á áætluðum nýtingartíma viðkomandi eigna, þó ekki á lengri tíma en 20 árum. Ef þessar eignir hafa ekki ákveðinn líftíma er þó heimilt að meta þær árlega í samræmi við settar reikningsskilareglur. Sé áætlaður nýtingartími lengri en fimm ár skal gera grein fyrir ástæðum þess í skýringum.

Í þessum tveimur greinum er fjallað um afskriftir fastafjármuna. Þrjú orð eru notuð um afskriftatímann, þ.e. endingartími, notkunartími og nýtingartími. Ekki er að sjá að nokkur munur sé á merkingu þessara orða og því óskynsamlegt að nota þau öll. Í ensku máli skipta hér tvo orð máli. Annað er hagrænn endingartími (e. economic life) og hitt er notkunartími (e. useful life). Gefum að fyrir liggi að hagrænn endingartími sé 20 ár og þá sé eign einskis virði. Er þá endingartími skv. 23. gr. 20 ár sem kallar á 5% afskrift af kostnaðarverði ef línuleg aðferð er við hæfi? Líklegast, en ef fyrirtæki hefur þá stefnu að eiga slíkar eignir í 5 ár og endurnýja svo, hvernig skal að verki verið? Þá bæri að afskrifa á 5 árum að teknu tilliti til vænts lokavirðis eftir 5 ár en ekki á 20 árum. Ef texta laganna má skilja á þennan hátt er það vel, en svo sýnist ekki vera. Athyglisvert er ennfremur að í enskum texta um sama efni er yfirleitt sagt að afskrift skuli vera kerfisbundin (e. systematic) og skynsamleg (e. rational) en seinna orðinu er sleppt í íslenska lagatextanum sem þýðir að heimilt er að afskrifa með línulegri aðferð þótt aðrar aðferðir eigi betur við.

Í seinni greininni er fjallað um afskrift af óefnislegum eignum. Hún skal taka til nýtingartíma en þó ekki lengri tíma en 20 ára. En svo er ennfremur heimilt að afskrifa ekki, heldur meta ef líftími er óákveðinn. Þau fyrirmæli eru sótt í alþjóðlega staðla en eru þar ekki í boði sem valkostur. Hér sýnist sem sé heimilt að velja þessa alþjóðlegu reglu í bland við fyrirmæli laganna að öðru leyti og úr verður ósamstæður hrærigrautur. Þessi valkostur er raunar víðar í lögnum en hann er beinni andstöðu við reglur alþjóðlegu nefndarinnar sem leggur blátt bann við „berjatínslu“ (e. cherry-picking).

25. gr. Áætlaður hagnaður af samningi um langtímaverkefni skal innleystur hlutfallslega eftir því sem verkefninu miðar. Áætlað tap á samningi um langtímaverkefni skal gjaldfært strax. Þegar ekki er hægt að áætla hagnað eða tap á samningi um langtímaverkefni af nægilegri nákvæmni skulu tekjur af samningnum aðeins innleystar að því marki sem þær standa undir kostnaði við verkefnið. Kostnaður skal gjaldfærður þegar hann fellur til.

Samkvæmt alþjóðlegum stöðlum skal beita framvinduáðferð við langtímaverktakasamninga. Sé ekki unnt að meta framvindu skal verklokaáðferð beitt. Samkvæmt þeirri áðferð eru tekjur og gjöld af verkefnum ekki færð í rekstur fyrr en verkefni er lokið. Seinni málsgreinin sýnist bjóða upp á kost sem ekki er að finna í alþjóðlegum stöðlum og er það óheppilegt.

28. gr. Í yfirliti um sjóðstreymi skal færa inn- og útgreiðslur á árinu, án tillits til þess hvenær færslan fer fram á rekstrar- og efnahagsreikningi.

Þröng túlkun á þessari fyrstu málsgrein greinarinnar er sú að lögboðið sé að beinu áðferðinni skuli beitt við framsetningu inn- og útstreymis rekstrarhreyfinga. Það er vel og til samræmis við meðmæli erlendra reglusmiða en þeir bjóða þó upp á þann valkost að óbeinu áðferðinni sé beitt. Það sýnist ekki í boði hér en þyrfti þó að vera í ljósi þess að óbeina áðferðin er meira notuð.

29. gr. Fastafjármuni skal eigi meta til eignar við hærra verði en kostnaðarverði, sbr. þó ákvæði 31., 36., 39. og 40. gr. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði þeirra og þeim kostnaði sem hlýst af öflun og endurbótum á þeim fram til þess tíma að þeir eru teknir í notkun. Framleiðslukostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kostnaðarverði hráefnis og hjálparefna, svo og vinnuafis að viðbættum kostnaðarauka sem beint eða óbeint leiðir af framleiðslu fjármunanna. Til kostnaðarverðs má enn fremur telja fjármagnskostnað af lánsfé sem nýtt er til að fjármagna kaup eða framleiðslu varanlegra rekstrarfjármuna á framleiðslutímanum. Ef fjármagnskostnaður er talinn til kostnaðarverðs skal greint frá því í skýringum. Eignarleigusamningar skulu í samræmi við samningsákvæði og settar reikningsskilareglur færðir í efnahagsreikning ef þeir nema verulegum fjárhæðum.

Samkvæmt 3. mgr. er skylt að færa óbeinan kostnað til hækkunar á kostnaðarverði framleiddra varanlegra fjármuna. Engin nánari útfærsla fylgir en ýmsar áðferðir hafa verið notaðar, t.d. jaðaraukning eða hlutfallsleg skipting miðað við afkastagetu. Það er þó skýrt að óheimilt er að gjaldfæra slíkan kostnað og raunar einnig við birgðamat, sbr. ákvæði 33. gr.

Í 4. mgr. segir að fjármagnskostnað megi færa til eignar á framleiðslutíma. Það er í ósamræmi við erlend fyrirmæli sem áskilja eignfærslu vaxta. Þá er ekki skýrt hvað átt er við með fjármagnskostnaði í þessu sambandi en ljóst er af erlendum reglum að það hugtak tekur aðeins til vaxtakostnaðar. Ljóst er því að óheimilt er samkvæmt erlendum fyrirmyndum að eignfæra gengismun eða verðbætur af fjármagni en það er ekki ljóst af íslensku fyrirmælunum né með vísan til hefðbundinnar túlkunar á fjármagnskostnaði. Erlend fyrirmæli heimila þó eignfærslu gengismunar (eða verðbóta) að svo miklu leyti sem um leiðréttingu á vöxtum er að ræða.

Sérkennilegt ákvæði er að finna í lokamálsgreinar þar sem kveðið er á um að fyrirtæki megi gjaldfæra leigu eins og um rekstrarleigusamning væri að ræða með vísan til mikilvægisreglunnar, jafnvel þótt samningur sé fjármögnunarleiga. Beiting þeirrar reglu er afstæð sem þýðir að stór fyrirtæki gæti gjaldfært þar sem litlu bæri að eignfæra. Ekki verður þó séð að sömu reglur gildi um eignir keyptar í eigin reikning; þær ber að eignfæra án tillits til mikilvægisreglunnar. Þessi heimild er því til ósamræmis við meginregluna um eignfærslu varanlegra fjármuna sem er auðvitað miður.

30. gr. Ef markaðsverð varanlegra rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna er lægra en bókfært verð þeirra skv. 23. eða 29. gr. og ástæður þess verða ekki taldar skammvinnar ber að færa verð þeirra niður að því marki sem telja verður nauðsynlegt samkvæmt settum reikningsskilareglum. Áhættufjármunir og langtímakröfur skulu sæta niðurfærslu ef markaðsverð þessara eigna er lægra en bókfært verð, svo sem vegna hættu á að kröfur muni ekki innheimtast eða af öðrum ástæðum. Ef eignir hafa verið færðar niður skv. 1. eða 2. mgr. og ástæður verðlækkunarinnar eiga ekki lengur við ber að færa bókfært verð þeirra til fyrra horfs. Matsbreytingar skv. 1.–3. mgr. skal færa í rekstrarreikning. Ef þær eru ekki sérgreindar í rekstrarreikningnum skal gera grein fyrir þeim í skýringum, enda sé um verulegar fjárhæðir að ræða.



Í 1. mgr. þessarar greinar er sótt IFRS reglan um virðisýrnum með vísun í settar reglur. Það er gott og vel út af fyrir sig nema hvað það er gert, eins og áður var nefnt, þannig að fyrirtæki geta nýtt það úr hinu alþjóðlega staðlaverki sem hentar. Í annarri mgr. kemur fyrir orðið áhættufjármunir og er þá átt við verðbréf en það er óásættanlegt orð því allir fjármunir eru seldir undir einhvers konar áhættu og hún takmarkast sum sé ekki við verðbréf, eins og ætla mætti af þessum texta. Í síðustu málsgreininni segir að matsbreytingar samkvæmt þessari grein skuli færðar í rekstur. Það er að vísu ekki rétt því stundum eiga þær að fara um eigið fé og fer það eftir því hvort eignir hafi verið endurmetnar skv. 31. gr. eða með vísun til settra reglna IFRS. Fjallað er um endurmatsreikninginn í niðurlagi 31. gr. en þar er ekki fjallað um endurmat vegna hinna svokölluðu „áhættufjármuna“. Óljóst er af þessum texta hvort heimilt sé að færa „áhættufjármuni“ á hærra verði en kostnaðarverði en um það snýst umræðan öðrum þræði í þessari grein þannig að tilvísun í „áhættufjármuni“ kemur eins og skráttinn úr sauðaleggnum inn í greinina en þá bara til að vekja athygli á skyldu til niðurfærslu.

31. gr. Ef markaðsverð fastafjármuna, annarra en þeirra sem um ræðir í 36. og 39. gr., er talið verulega hærra en bókfært verð þeirra af ástæðum, sem taldar eru varanlegar, er heimilt að hækka bókfært verð þeirra í ársreikningi til markaðsverðs. Matsbreytingar skv. 1. mgr. skal færa á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár. Endurmatsreikning, sem myndaður er skv. 2. mgr., skal leysa upp til jafns við fjárhæð árlegrar afskriftar af mismuná endurmetnu verði og kostnaðarverði. Einnig skal leysa upp endurmatsreikning ef hin endurmetna eign er seld, tekin úr notkun eða fullafskrifuð, svo og ef forsendur fyrir endurmatinu eru ekki lengur fyrir hendi. Hreyfingar á endurmatsreikningi á reikningsárinu skal sundurliða í skýringum. Ef beitt er ákvæðum 1. mgr. skal í skýringum gera nákvæma grein fyrir þeim aðferðum sem viðhafðar eru.

Athygli er vakin á því að í 1. mgr. segir að heimildin til endurmats varanlegra fjármuna taki aðeins til verulegs munar á bókfærðu verði og markaðsverði. Það þýðir að þessari heimild var ekki ætlað það hlutverk að árlegt endurmat færi fram heldur er nánast um einskíptis endurmat að ræða nema verulegur munur verði aftur. Þannig ber raunar einnig að skilja IFRS reglur um sama efni, þó að hitt hafi sést að árlegt endurmat sé framkvæmt og fært.

36. gr. Heimilt er að meta til gangvirðis fjármálagerninga ef þeirra hefur verið aflað í þeim tilgangi að selja aftur eða til að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Ef heimildin er notuð skal meta til gangvirðis skuldbindingar sem tengjast afleiðusamningum eða loforði um afhendingu fjármálagerninga sem enn eru ekki í eigu viðkomandi félags. Einnig má meta eignir og skuldbindingar, sem þeim tengjast, á gangvirði þegar þessar eignir og skuldbindingar uppfylla kröfur um áhættuvörn í skilningi settra reikningsskilareglna og skulu slíkar eignir og skuldbindingar metnar til gangvirðis eins og krafist er í þeim reikningsskilum.

Í þessari grein er gefið færi á því að meta skammtímafjárfestingu í verðbréfum við gangvirði. Það þýðir auðvitað að heimilt er líka að meta þær á kostnaðarverði, enda er meginreglan skv. 32. gr. sú að veltufjármuni skuli meta við kostnaðarverði. Þetta valfrelsi í þessum efnum er afar óheppilegt, enda getur val á matsreglu breytt miklu um birta afkomu. Hvernig á svo að beita heimildinni? Eitt árið kostnaðarverð en það næsta gangvirði; það er óljóst nema með vísun til veikburða almennra reglna. Ýmislegt fleira má gagnrýna í þessari grein, eins og að afleiðusamninga megi færa á gangvirði. Það þýðir væntanlega, enn og aftur, að kostnaðarverð megi nota en það er yfirleitt óvera og því í raun ótæk regla, hvort sem tenging er gerð við reglur um færslu verðbréfa yfirleitt. Gangvirðisvæðingin á einmitt rætur í því að ótækt þótti að meta afleiður ekki á gangvirði og í framhaldinu var öðrum reglum breytt. Hér er þessu snúið á haus og er það miður.

Hér skal staðar numið í bili. Vonandi hefur tekist að vekja máls á nokkrum atriðum í ársreikningalögnum sem betur mega fara en miklu skiptir að lagatexti sé skýr svo koma megi í veg fyrir misbeitingu. Það er vandaverk að semja lagatexta um afkomu- og efnahagsmælingar fyrirtækja þannig að gott samræmi sé á milli markmiða með þeim mælingum og einstakra reglna. Raunar er umdeilt á erlendri grund a.m.k. hversu nákvæmar reglur þurfa að vera. Að lokum skal vakin athygli á því að ekki má skilja ofangreindar umsagnir sem tæmandi umfjöllun um viðkomandi greinar og ítrekað skal að óskað er eftir öðrum sjónarmiðum en hér birtast í síðari útgáfum af þessu blaði.

Stefán Svavarsson

Ráðstefnur ársins



Fyrir og eftir Endurskoðunardaginn lá flug niðri vegna öskufalls og flutti Diana Hillier erindi sitt um Internetið.

Ljósmynd: Bragi Þór Jósefsson.

Skattadagur FLE

Skattadagur FLE, ráðstefna um skattamál var haldinn föstudaginn 15. janúar 2010 í Gullteig, Grand Hótel Reykjavík. Ráðstefnan var opin og tóku 191 þátt að meðtöldum fyrirlesurum og gestum. Ráðstefnustjóri var Sigrún Ragna Ólafsdóttir, endurskoðandi. Ráðstefnan gaf 4 einingar í skatta- og félaga-rétti. Formaður FLE, Þórir Ólafsson setti ráðstefnuna, en síðan var gengið til eftirfarandi dagskrár:

- **Nýlegar breytingar á lögum um tekjuskatt, virðisaukaskatt, reglugerðir o.fl. er þeim tengjast**
Friðgeir Sigurðsson, lögfræðingur hjá PwC
- **Skattkerfið: Aflvaki eða fjötur um fót?**
Benedikt Jóhannesson, ritstjóri Vísbendingar
- **Af borði rikisskattstjóra**
Skúli Eggert Þórðarson, rikisskattstjóri
- **Nýlegir úrskurðir og dómar**
Steinþór Haraldsson, skattstjóri í Suðurlandsumdæmi

Endurskoðunardagur FLE

Endurskoðunardagur FLE var haldinn föstudaginn 16. apríl, 2010 í Gullteig, Grand Hótel Reykjavík. Ráðstefnan var opin og þátttakendur voru 200 að meðtöldum fyrirlesurum og gestum. Ráðstefnustjóri var Lárus Finnbogason, endurskoðandi. Ráðstefnan gaf 3 einingar í endurskoðun og 1 einingu í flokknum siðareglur- og fagleg gildi. Formaður FLE, Þórir Ólafsson setti ráðstefnuna, en síðan var gengið til eftirfarandi dagskrár:

- **Clarified International Standards on Auditing (ISA,s)**
Erindi var flutt rafrænt á Internetinu en flug féll niður vegna goss í Eyjafjallajökli
Diana Hillier, deputy chairperson of the IAASB
- **Könnunaráritun og áritun á óendurskoðuð uppgjör**
Erik Ingvar Bjarnason, endurskoðandi hjá PwC
- Ábyrgð og óhæði endurskoðenda
Viðar Lúðvíksson, hæstaréttarlögmaður, Landslögum – lögfræðistofu
- Ábyrgð og óhæði endurskoðenda
Margret G. Flóvenz, endurskoðandi hjá KPMG



Málþing

Málþing um hrunið og rannsóknarskýrsluna var haldið föstu-
daginn 28. maí, 2010 á Grand hóteli Reykjavík. Málþingið sóttu
93 með fyrirlesurum og gestum. Í boði voru 2 einingar, 1 í
endurskoðun og 1 í siðareglum og faglegum gildum. Þingstjóri
var Sveinbjörn Sveinbjörnsson endurskoðandi. Formaður, Þórir
Ólafsson setti málþingið og svo tók við eftirfarandi dagskrá:

- **Ábyrgð fagstétta og starfshættir fyrirtækja eða: „Prettán
manns í ferða- og skemmtanadeild en einn við regluvörslu“**
Salvör Nordal, forstöðumaður Siðfræðistofnunar H.Í.
- **Endurskoðun og fjármálamarkaðurinn,**
Gunnar P. Andersen, forstjóri Fjármálaeftirlitsins
- **Hrunið og ímyndin**
Andrés Jónsson, formaður Almannatengslafélagsins
- **Umræður** voru svo í lok málþingsins

Afmælisráðstefna FLE

Í tilefni af 75 ára afmæli félagsins var haldin vegleg afmælis-
ráðstefna á Hilton Reykjavík Nordica Hóteli, föstudaginn 24.
september 2010 undir yfirskriftinni „Á vit framtíðar með
reynslu fortíðar“. Gestir ráðstefnunnar voru 211 talsins bæði
innlendir og erlendir. Að ráðstefnu lokinni var boðið til mótt-
töku í tilefni afmælisins. Ráðstefnan gaf 3 einingar (1 í reikn-
ingsskilum, endurskoðun og siðareglum og faglegum gildum).
Ráðstefnustjóri var Símon Á. Gunnarsson endurskoðandi.
Formaður Þórir Ólafsson setti ráðstefnuna og dagskráin var
svohljóðandi:

- **Ávarp:** *Gylfi Magnússon, dósent við Háskóla Íslands &
fyrrum efnahags- og viðskiptaráðherra*
- **Are accountants to blame for the crises?
Opportunities and threats for the accountancy
profession. Who are the standard setters? The role
of IFAC.**
Göran Tidström, varaforseti IFAC
- **Einu sinni var núna - horft í baksýnispegilinn**
Þorvarður Gunnarsson, endurskoðandi

- Ég vildi að klukkan væri kortér í hamingju akkúrat hérna í
nútiðinni
(úr ljóði Silju Bjarkar, Einhvers staðar í fortíðinni)
Margret G. Flóvenz, endurskoðandi
- **Challenges to auditors in Europe in a changing
environment. What can we expect from EU?
The role of FEE**
Hans van Damme, forseti FEE
- Þegar ég skúra í Gucci og það verða hestar á tunglinu
það er framtíðin **(úr ljóðinu Pleimó eftir Dóttur Jóns)**
Erik Bjarnason, endurskoðandi

Haustráðstefna 2010 – Reikningsskiladagur FLE

Vegna afmælisráðstefnunnar sem kom í stað hinnar eiginlegu
haustráðstefnu var ákveðið að slá haustráðstefnunni og reikn-
ingsskiladegi saman að þessu sinni. Ráðstefnan var haldin 5.
nóvember á Grand hóteli og var metin til 4 eininga í reiknings-
skilum. Ráðstefnustjóri var Anna Sif Jónsdóttir endurskoðandi.
Þórir Ólafsson formaður FLE setti ráðstefnuna og síðan var
gengið til dagskrár:

- **Eru ársreikningalögin ekki frábær?**
Erling Tómasson, endurskoðandi hjá Deloitte
- **Reikningsskil sveitarfélaga**
Auðunn Guðjónsson, endurskoðandi hjá KPMG
- **Reikningsskil vegna gengisdóma og sölu
dótturfélaga**
Herbert V. Baldursson, endurskoðandi hjá PwC
- **Reikningsskilaferlið (e. financial reporting process)**
*Birgir Grétar Haraldsson, yfirmaður hagdeildar Össurar
hf.*
- **Rannsóknir á reikningsskilum (e. forensic
accounting)**
*Andrew P. Clark, Partner - Forensic Services, PwC
London LLP*

Reglur reikningshaldsins og Rannsóknarskýrslan
*Bjarni Frímánn Karlsson, lektor við viðskiptafræðideild Háskóla
Íslands*



Vel mætt á haustráðstefnu - reikningsskiladag í nóvember 2010.



Frá afmælisráðstefnunni í september 2010. Ljósmynd: Geir Ólafsson.

Aðalfundur 2010

Þórir Ólafsson formaður FLE hóf fundinn með því að afhenda Sigurði Tómassyni gullmerki félagsins en hann var fjarri góðu gamni þegar fyrrum formenn fengu merkið á afmæli félagsins 16. júlí. Stefán Svavarsson var síðan sæmdur gullmerki félagsins fyrir störf sín í þágu stéttarinnar og félagsins.

Næstur sté í pontu Árni Valgarð Claessen formaður menntunarnefndar FLE sem fór yfir reglugerð um endurmenntun endurskoðenda sem bíður birtingar hjá ráðuneyti efnahags- og viðskipta. Fór hann m.a. ítarlega í muninn á staðfestanlegum og óstaðfestanlegum einingum. Glæsur hans má finna á innri vef FLE sem og annað efni frá fundinum.

Þá var komið að hefðbundnum aðalfundarstörfum. Til fundarins voru mættir tæplega eitt hundrað félagar. Geir Geirsson var valinn fundarstjóri og Sveinbjörn Sveinbjörnsson ritari fundargerðar. Sigurður B. Arnþórsson framkvæmdastjóri flutti yfirlit um starfsemi félagsins á starfsárinu 2009-2010. Útdrátt úr yfirlitinu má sjá hér í blaðinu undir heitinu: Starfsemi félagsins. Þá sté formaður aftur í fundarstól og flutti skýrslu stjórnar en hana er sömuleiðis að finna á innri vef FLE. Síðan voru ársreikningar félagsins og námsstyrkjasjóðs lagðir fram og samþykktir samhljóða. Formenn eða fulltrúar fastanefnda gerðu grein fyrir störfum nefnda sinna en engin umræða varð um þau. Tvær

minni háttar breytingar á samþykktum félagsins voru lagðar fram og samþykktar.

Þá var gengið til kosninga og var Þórir Ólafsson kosinn áfram formaður og Sigurður Páll Hauksson varaformaður. Þá gengu þeir Jóhann Unnsteinsson og Sveinbjörn Sveinbjörnsson úr stjórn og í þeirra stað voru kosnir Magnús G. Benediktsson og Friðbjörn Björnsson. Uppstillingarnefnd hafði lagt fram tillögur um nýtt fólk í nefndir og voru þær samþykktar mót- atkvæðalaust. Hér að neðan má sjá hverjir skipa stjórn og nefndir FLE. Árstíllag félaga kr. 98.000 var borið upp og samþykkt.

Að lokum gerði Guðmundur Snorrason fráfarandi formaður síðanefndar FLE grein fyrir breytingum á siðareglum endurskoðenda sem munu taka gildi 1. janúar 2011 með fyrirvara um staðfestingu ráðherra. Siðareglurnar voru bornar upp og samþykktar samhljóða á fundinum.

Fundarstjóri bauð fundarmönnum að taka til máls um önnur mál og Stefán Svavarsson lagði fram tillögu til stjórnar um að skipa á ný orðanefnd fyrir félagið. Fundinum lauk með því að Þórir Ólafsson bar fram þakkir fyrir traustið, stjórnarmönnum gott samstarf öllum nefndum og starfsfólki fyrir störf þeirra í þágu félagsins.



Sigurður Tómasson tók á móti gullmerki sínu en hann var fjarri góðu gamni þegar fyrrum formenn fengu gullmerki á afmæli FLE 16. júlí.



Stefán Svavarsson fékk gullmerki FLE fyrir störf sín í þágu stéttarinnar og félagsins.

Skipan stjórnar og fastanefnda FLE starfsárið 2010 - 2011

Álitsnefnd FLE: Þórir Ólafsson formaður, Sigurður Páll Hauksson, Margret G. Flóvenz, Lárus Finnbogason, Guðmundur Óskarsson og Anna Kristín Traustadóttir varamaður.

Endurskoðunarnefnd FLE: Sigríður Helga Sveinsdóttir formaður, Helga Harðardóttir, Davíð Arnar Einarsson og Jón Rafn Ragnarsson.

Gæðanefnd FLE: Sigrún Guðmundsdóttir formaður, Guðný Helga Guðmundsdóttir, Valgerður Kristjánsdóttir og Hörður Bjarnason.

Kynningarnefnd FLE: Auðunn Guðjónsson formaður, Helga Erla Albertsdóttir, Guðrún Torfhildur Gísladóttir og Dýri Guðmundsson.



Menntunarnefnd FLE: Pálína Árnadóttir formaður, Ómar Kristjánsson, Ljósbrá Baldursdóttir og Ingunn H. Hauksdóttir.

Reikningsskilanefnd FLE: Arna Guðrún Tryggvadóttir formaður, Jóhann Ioan Constantin Solomon, Þorsteinn Guðjónsson og (Hólmfríður) Inga Eypórsdóttir.

Siðnefnd FLE: Guðmundur Kjartansson formaður, Sigurður M. Jónsson, Hlynur Sigurðsson og Gunnar Þór Ásgeirsson.

Skattanefnd FLE: Steingrímur Sigfússon formaður, Ásbjörn Björnsson, Elías Illugason og Jón Freyr Magnússon.



Félagsstjórn FLE frá vinstri:

Magnús G. Benediktsson, Anna Þórðardóttir, Þórir Ólafsson, formaður, Sigurður Páll Hauksson og Friðbjörn Björnsson.

Til hamingju með afmælið - árið 2011

75 ára	13.1.1936	Guðmundur Einar Erlendsson	50 ára	14.12.1961	Hjalti Schiöth
75 ára	30.5.1936	Helgi V. Jónsson	50 ára	14.12.1961	Þórdís Dröfn Sigurðardóttir
70 ára	6.6.1941	Guðmundur Sveinsson	50 ára	31.12.1961	Auður Ósk Þórisdóttir
70 ára	6.7.1941	Arnór Eggertsson	40 ára	23.1.1971	Árni Böðvarsson
70 ára	17.8.1941	Valdimar Guðnason	40 ára	10.5.1971	Ómar Davíðsson
70 ára	2.9.1941	Hallgrímur Þorsteinsson	40 ára	12.6.1971	Laufey Gunnarsdóttir
70 ára	27.10.1941	Ólafur B. Kristinsson	40 ára	24.6.1971	Ljósbrá Baldursdóttir
70 ára	9.12.1941	Sigurður Þórðarson	40 ára	3.7.1971	Margrét H. Nikulásdóttir
70 ára	25.12.1941	Sigurður Ámundason	40 ára	27.9.1971	Hlynur Sigurðsson
60 ára	4.3.1951	Guðlaugur Guðmundsson	40 ára	23.10.1971	Anna Sif Jónsdóttir
60 ára	3.8.1951	Erna Bryndís Halldórsdóttir	40 ára	4.11.1971	Guðni Þ. Gunnarsson
60 ára	22.8.1951	Jón Þór Hallsson	40 ára	5.11.1971	Hildur Sigurðardóttir
60 ára	13.9.1951	Hilmir Hilmisson	40 ára	28.11.1971	Halla María Helgadóttir
60 ára	14.9.1951	Dýri Guðmundsson	40 ára	31.12.1971	Böðvar Kári Ástvaldsson
60 ára	5.11.1951	Þorvaldur Kári Þorsteinsson	30 ára	17.3.1981	Guðmundur Þórður Ásgeirsson
60 ára	17.11.1951	Hjalti Magnússon	30 ára	19.4.1981	Ingvi Björn Bergmann
50 ára	30.7.1961	Stefán Hilmar Hilmarsson			



Löggildingarpróf og nýir félagar 2011

Árni Tómasson formaður prófnefndar

Löggildingarpróf

Nú liggja fyrir niðurstöður úr löggildingarprófum. Alls skráðu sig 25 einstaklingar í prófin samkvæmt nýrri reglugerð og náðu 8 einkunn yfir 7,5 (einum færri en í fyrra) eða 32%. Þá náðu 5 einstaklingar úr gamla fyrirkomulaginu að ljúka prófunum. Alls var gerð tillaga um að 13 endurskoðendur útskrifist, 7 karlar og 6 konur. Niðurstöður prófanna voru sem hér segir:

Próf samkvæmt nýrri reglugerð

25 mættu í prófið, 8 náðu lágmarkseinkunn 7,5 eða 32%

Próf samkvæmt gamla fyrirkomulaginu

Endurskoðun: 5 mættu í próf, 1 náði lágmarkseinkunn 7,5 eða 20%

Gerð reikningsskila: 9 mættu í próf, 2 náðu lágmarkseinkunn 7,5 eða 22%

Reikningsskilafraedi: 9 mættu í próf, 5 náðu lágmarkseinkunn 7,5 eða 56%

Próf í skattskilum: 1 fór í prófið en náði, ekki lágmarkseinkunn 7,5



Með glænýja löggildingu upp á vasann. Myndin tekin þegar nýir félagar þáðu boð félagsins um að mæta á hádegisverðarfund 5.janúar 2011.

Nýir félagar árið 2011

Prófnefnd löggiltra endurskoðenda staðfestir í árslok 2010 að eftirfarandi 13 einstaklingar hafi staðist öll tilskilin verkleg próf og þar með öðlast rétt til að fá löggildingu sem endurskoðendur. FLE óskar nýjum endurskoðendum allra heilla í starfi og býður þá velkomna í félagið.

PwC	Bryndís Björk Guðjónsdóttir
KPMG	Díana Hilmarsdóttir
KPMG	Elín Hanna Pétursdóttir
Deloitte	Emil Viðar Eypórsson
Ernst&Young	Fannar Ottó Viktorsson
Deloitte	Guðmundur Þórður Ásgeirsson
PwC	Gunnar Snorri Þorvarðarson

KPMG	Halla María Helgadóttir
Deloitte	Jóhann Óskar Haraldsson
Deloitte	Pétur Hansson
Deloitte	Samúel Orri Samúelsson
Deloitte	Signý Magnúsdóttir
KPMG	Sigríður Soffía Sigurðardóttir



Er líf eftir starfslok?

Erna Bryndís Halldórsdóttir, endurskoðandi á „eftirvinnuárunum“

Er líf eftir starfslok? Já, en það þarf að hætta vinnu þegar vinnukvóti lífssins er uppfylltur. Best er að minnka við sig vinnu smám saman og koma sér upp áhugamálum, hafi maður ekki haft tök á því á „vinnuárunum“.

Undir öllum kringumstæðum er nauðsynlegt að viðhalda sem bestri heilsu með vinnunni og eftir að störfum lýkur. Hvort sem maður hættir vinnu vegna aldurs eða heilsuþrengingar er skemmtilegast að gera hreinlega allt sem maður mögulega getur, þrátt fyrir lélega heilsu. Lifa lífinu til fulls meðan maður lifir!

Ég hef gert þetta þannig. Ég neita algjörlega að leggjast í volæði eða nýta ekki getuna til fullnustu. Ég hef reyndar allveg óskaplega gaman af lífinu og því að vera virk í tilverunni.

Ég er loksins komin af byrjendastiginu í golfinu og hef ótrúlega gaman af því. Það er gott fyrir heilsuna, gefur mér súrefni, hreyfingu, góðan félagsskap og reynir á hugann. Einnig hef ég yndi af dansi og að spila bridge, laxveiði og er að hefja söngnám, mér til skemmtunar. Göngutúrar og ræktin er líka hluti af störfum dagsins.

Skíðaferðir eru líka ein skemmtilegustu fríin og þegar þetta er ritað er ég einmitt stödd á Akureyri í skíðafríi. Ferðalög og að skoða heiminn eru mínar ær og kýr. Eitt af því skemmtilegasta sem ég gerði þegar ég hætti að vinna var að fara í hnattferð á eigin vegum með dætrum mínum. Þar ferðuðumst við meðal annars um í falgri lest á milli borga á Indlandi, fórum í siglingu um Halong Bay í Vietnam, dvöldum í klassísku pólynesísku húsi á Balí eyjum og ferðuðumst til Ástralíu og Nýja-Sjálands.

Áætlun mín er að dvelja í Suður Afríku nokkra mánuði á ári, þar sem ég sinni golfáhuganum og nýt góða veðursins auk þess að sinna áhugamálum. Mér finnst mjög gefandi að hjálpa börnum og konum í Suður Afríku. Ég sinni til dæmis einu húsi með átta börnum í SOS þorpi í Thornton við Cape Town í Suður Afríku. Ég hef heimsótt börnin reglulega og farið með þau út að borða, gefið þeim gjafir og aðstoðað við heimilið fjárhagslega, til dæmis með því að kaupa handa þeim sjónvarp, DVD spilara og þess háttar. Það eru þrír systkinahópar í þessu húsi, börn, með foreldra, sem annað hvort eru láttnir eða geta ekki sinnt börnunum.

Síðast en ekki síst er ég í stjórn íslenskra – suður afrískra hjálparbata ENZA, sem Ruth Gylfadóttir, sem búsett er í Suður Afríku, setti á stofn. Samtökin voru stofnuð rétt fyrir hrún og varð smávegis bið á að koma starfsemi í gang vegna þess. En með styrk frá Auði Capital tókst að kaupa lítið hús í niðurníðslu árið 2009 í fátækrahverfi fyrir utan Cape town. Á árinu 2010 tókst Ruth með ótrúlegri útsjónarsemi og dugnaði og með aðstoð frá fyrirtækjum og einstaklingum að byggja nýtt hús á grunni þess gamla og innrétta það fyrir fræðslumiðstöð fyrir konur. Fjáröflun hefur bæði verið á Íslandi og í Suður Afríku. Starfsemi fór í gang núna í október 2010 og er þegar mikil starfsemi hafin. Við erum með tölvunámskeið með not-

uðum tölvum frá mínum fyrirtækjum og er mikill áhugi og biðlisti á tölvunámskeiðin. Við erum með saumanámskeið og er ætlunin að framleiða til sölu – gefa konum tækifæri til að afla tekna. Við erum með viðveru fyrir stúlkur á aldrinum 10 – 13 ára eftir skóla, þar sem þær geta unnið við heimanám. Það er ekki síst til að halda þeim frá götunni, vegna nauðgunar- og eiturlyfjahættu, meðan mæðurnar eru í vinnu. Síðan erum við með lestrarkennslu fyrir fullorðnar konur. Mér finnst mjög merkilegt að sjá konur sem hafa elst hratt og eru ólæsar, svo ákafar og áhugasamar um að læra að lesa. Ég ber mikla virðingu fyrir konum í Suður-Afríku, þar sem oft eru það þær sem halda fjölskyldunni saman og því er það gefandi fyrir þjóðfélagið að styrkja konurnar. Ef einhverjir hafa hug á að fræðast um eða styðja þetta verkefni eru frekari upplýsingar á ENZA.is.

Ég hvet alla sem eru að hætta að vinna til að njóta lífsins til fullnustu því þannig er svo gaman að lifa. Verjið tíma með fjölskyldu og vinum og sinnið líkama og sál. Það er aldrei of seint að byrja á nýjum áhugamálum og láta gamla drauma rætast. Gerið bara það sem er skemmtilegt!

Erna Bryndís Halldórsdóttir, alsæl á „eftirvinnuárunum“.



Erna Bryndís umvafin börnum í SOS barnþorpi í Auður Afríku.



Erna Bryndís í kennslustofu ENZA en þar fer fram lestrarkennsla fullorðinna kvenna.

Úr félagslífinu



Frá afmælisráðstefnu, Pétur Blöndal, Gunnar Zoëga og Ólafur Nilsson.



Jens Röder framkvæmdastjóri NRF og Sigurður framkvæmdastjóri FLE.



Gæðanefnd að störfum í febrúar 2010.



Guðmundur Jens og Tryggvi Geirsson á morgunkorni.



Flottar í móttöku eftir Afmælisráðstefnuna.



Frá námskeiði um siðferðileg álitamál í endurskoðun, janúar 2010.



Stjórnarfundur í febrúar 2010.



Þátttakendur á aðalfundi NRF sem haldinn var á Rangá í ágúst 2010.

Dagur	Viðburður	Staður	Form	Efni	Einingar
5. jan.	Hádegisfundur	Grand Hótel	Fyrirlestur	Endurskoðun	1
10-11. jan.	Námskeið	HR	Námskeið	Endurskoðun/Descartes	9
12-13. jan.	Námskeið	HR	Námskeið	Endurskoðun/Descartes	9
14. jan.	Skattadagur	Grand Hótel	Ráðstefna	Skattamál	4
17. jan.	Námskeið	HR	Námskeið	Endurskoðun/Descartes	9
2. feb.	Hádegisfundur	Grand Hótel	Fyrirlestur	Óákveðið	
3. feb.	Framfaraping	Grand Hótel	Málþing	Endurskoðun/Siðareglur og fagleg gildi	4
17. feb.	Morgunkorn	Grand Hótel	Námskeið/Vinnustofa	Endurskoðun	2
2. mars	Hádegisfundur	Grand Hótel	Fyrirlestur	Óákveðið	1
17. mars	Morgunkorn	Grand Hótel	Námskeið/vinnustofa	Reikningsskil	2
6. apríl	Hádegisfundur	Grand Hótel	Fyrirlestur	Óákveðið	
14. apríl	Námskeið	Grand Hótel	Námskeið	Reikningsskil	3
15. apríl	Endurskoðunardagur	Grand Hótel	Ráðstefna	Endurskoðun	4
4. maí	Hádegisfundur	Grand Hótel	Fyrirlestur	Óákveðið	
19. maí	Morgunkorn	Grand Hótel	Námskeið/vinnustofa	Endurskoðun /Gæðamál	2
1. júní	Hádegisfundur	Grand Hótel	Fyrirlestur	Óákveðið	
7. sept.	Hádegisfundur	Grand Hótel	Fyrirlestur	Óákveðið	
15. sept.	Námskeið	Grand Hótel	Námskeið	Óákveðið	3
16. sept.	Reikningsskiladagur	Grand Hótel	Ráðstefna	Reikningsskil	4
5. okt.	Hádegisfundur	Grand Hótel	Fyrirlestur	Óákveðið	
20. okt.	Morgunkorn	Grand Hótel	Námskeið/vinnustofa	Óákveðið	2
2. nóv.	Hádegisfundur	Grand Hótel	Fyrirlestur	Óákveðið	
3. nóv.	Námskeið	Grand Hótel	Námskeið	Óákveðið	3
4. nóv.	Haustráðstefna	Grand Hótel	Ráðstefna	Óákveðið	4
4. nóv.	Aðalfundur	Grand Hótel	Fundur	Fundur	3
7. des.	Hádegisfundur	Grand Hótel	Fyrirlestur	Óákveðið	
8. des.	Námskeið	Grand Hótel	Námskeið	skattamál	3